BRYNDÍS HELGADÓTTIR

*Ein með ljósa lokka á pöllunum í Mumbai*

• tíska • heilsa • heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




VELJUM ÍSLENSKT

*Dýrmætar auðlindir og óbeislað hugmyndaflug*

Sérblaðið Veljum íslenskt

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




JÓGVAN:

*Flýr ekki Ísland*

Færeyingar hugsa hlýlega til Íslendinga.

FÓLK 42




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. október 2008 — 297. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**FIMMTUDAGUR**

### Tilnefndar í annað sinn



Dórurnar í Danmörku halda áfram að gera það gott.

FÓLK 32

### Mikið í húfi

Kvennalandslið Íslands í fótbolta spilar um sæti í lokakeppni Evrópumótsins árið 2009 í Finnlandi.

TÍMAMÓT 24

### Undrabarn á útopnu

Árni Beinteinn slær hvergi slöku við.

FÓLK 34



### 19 marka sigur á Belgum



Guðjón Valur Sigurðsson skoraði sitt þúsundasta landsliðsmark í auðveldum sigri í gær.

ÍÞRÓTTIR 38

**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJARTVIÐRI** Í dag verður yfirleitt hæg breytileg átt. Víðast bjartviðri en skýjað norðaustan og austan til framan af degi. Hiti um eða yfir frostmarki með ströndum en frost 3-8 stig til landsins.

VEÐUR 4





Fréttablaðið er með 116% meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft... ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18–49 ára. Könnun Capacent í maí–júlí 2008.


# Geir vildi sameina Glitni og Landsbankann í ágúst

**Forsætisráðherra kom þeim skilaboðum til Landsbankans og Glitnis um miðjan ágúst að skoða sameiningu bankanna. Því var hafnað á þeim forsendum að staða þeirra væri sterk og slík ákvörðun ótímabær.**

**EFNAHAGSMÁL** „Ég beitti mér fyrir því í ágústmánuði að hafnar yrðu umleitanir um að sameina Glitni og Landsbankann. Sú hugmynd var reifuð af manni á mínum vegum við alla þessa aðila en þeir höfðu ekki áhuga á því þá. Björgólfur Thor taldi til dæmis að staða þeirra væri svo sterk að slíkar hugmyndir væru ekki tímabærar," segir Geir H. Haarde forsætisráðherra. Sex vikum síðar gengu Landsbankamenn á fund Geirs og kynntu áætlun um hvernig mætti afstýra kerfisfalli bankanna með þátttöku ríkisins í bankasameiningu.

„Ég treysti mér ekki til að meta hvort það hefði komið í veg fyrir fall bankanna ef farið hefði verið í sameiningu í ágúst. En þá var Lehman-bankinn ekki fallinn og lánamöguleikar enn opnir. Því held ég að þeir sem leggja fram einhver plögg núna verði að líta í eigin barm, ég segi það bara hreint út."

Hér vísar Geir til áætlunar sem Björgólfur Thor Björgólfsson, Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Árnason kynntu honum á fundi í stjórnarráðinu 29. september og var fjallað um á forsíðu Fréttablaðsins í gær. Þar lögðu þeir til að Glitnir, Landsbankinn og Straumur yrðu sameinaðir. Til þess þyrfti ríkið að leggja fram 100 milljarða til viðbótar við þá níutíu sem áður hafði verið lofað í yfirtöku Glitnis. Með því ætti ríkið ráðandi hlut í sameinuðum banka.

„Það var farið yfir þessa áætlun á mínum vegum og Seðlabankans. Eins og sjá má af tölunum í henni þá var gert ráð fyrir að eigendur Landsbankans og Straums ættu tvo þriðju af þessum sameinaða banka gegn framlagi ríkisins. Við þetta þurrkuðust eigendur Glitnis nær út úr myndinni. Þetta var algerlega óaðgengileg hugmynd." Geir bætir við að ef forsvarsmönnum Landsbankans, með birtingu gagna af fundi þeirra, gangi það til að gefa til kynna að það hafi vakað fyrir ríkisstjórn eða Seðlabanka að bankarnir færu í þrot sé slíkt ómerkilegur og rangur áburður.

„Það var allt gert til að afstýra þroti bankanna. Sannleikurinn er sá að þeir gátu ekki endurfjármagnað sig. Leiðin sem var farin, að setja neyðarlög og ganga hreint til verks eftir það, bjargaði því sem bjargað varð," segir Geir. - shá



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**GJALDA GJALDEYRISINS** Hluti áhafnar rússneska togarans Karachavaro sem hefur dvalið í nær sex mánuði um borð í skipinu, þar af þrjár vikur í Hafnarfjarðarhöfn. Stýrimennirnir Eduard Demidovich og Igor Debely eru fyrsti og þriðji frá vinstri.

Áhöfn á tveimur rússneskum togurum berast ekki laun frá Rússlandi:

## Strandaglópar í Hafnarfjarðarhöfn

**EFNAHAGSMÁL** „Við erum bálreiðir. Útgerðin í Rússlandi segir alltaf að peningarnir komi á morgun, en svo gerist ekki neitt. Við erum fastir hér og eina dægradvölin er að eigra um bæinn," segir Eduard Demidovich, þriðji stýrimaður á togaranum Karachavaro sem gerir út frá Kaliningrad.

Alls 38 menn úr áhöfn skipsins og annars rússnesks togara, Kolomenskoe, hafa verið strandaglópar í Hafnarfjarðarhöfn í þrjár vikur eftir fimm mánaða karfatúr. Ástæðan er að hluti af launum mannanna hefur ekki skilað sér til landsins frá rússnesku útgerðinni Marytime Star.

Magnús Sigfússon hjá Fish Products Iceland, sem er umboðsaðili skipanna á Íslandi, segir venju hjá rússneskum útgerðum að borga hluta launa í erlendum gjaldeyri. Gjaldeyrisfærslur liggi hins vegar niðri og því berist ekki fé til að koma áhöfninni heim. „Í hvert skipti sem einhver aur kemst í gegn frá Rússlandi sendum við holl heim. Nú eru 38 eftir hér af 70 manna áhöfn á skipunum tveimur. Ég finn til með mönnunum og það er mjög erfitt að fara um borð á hverjum degi til að tilkynna þeim að engir peningar hafi borist."

Igor Debely, fyrsti stýrimaður á Karachavaro, ber þó engan kala til Íslendinga. „Þetta er ekki ykkur að kenna," segir hann að lokum. - kg

Leiðtogi Tíbeta væntanlegur:

## Dalai Lama í Laugardalshöll

**MENNING Hópur fólks hefur nú unnið að því um hríð að fá til landsins leiðtoga Tíbeta, Dalai Lama. Mikil leynd hefur verið um þá vinnu en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er stefnt að því að haldin verði mikil samkoma í sumar í Laugardalshöll þar sem Dalai Lama mun ávarpa hópinn.**

**Vegna viðkvæms ástands milli Kínverja og Tíbeta hefur hópurinn verið í sambandi við utanríkisráðuneytið. „Hugsanlega myndu vakna einhverjar spurningar um prótókól en það myndi þá verða leyst," segir Kristrún Heimisdóttir, aðstoðarmaður Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.**

- jbg / sjá síðu 42



DALAI LAMA







## SPURNING DAGSINS



*Rannver, halda ykkur engin bönd?*

„Nei, það er engum blöðum um það að fletta.“

Bókbandsstofa Landsbókasafns Íslands fagnar aldarafmæli um þessar mundir. Rannver Hannesson er fagstjóri á bókbandsstofunni.

Ávarp Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur sem flutt var í London:

# Erfitt að skilja ákvörðun Breta

**STJÓRNMÁL** „Það er mér óskiljanlegt að sjá íslenskt fyrirtæki á lista með al-Kaída og talibönum á heimasíðu [breska] fjármálaráðuneytisins. Við í ríkisstjórninni höfum átt erfitt með að skilja hvernig þetta gat orðið, án nokkurra viðræðna,“ er meðal þess sem kom fram í ávarpi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra sem flutt var í Bretlandi í síðustu viku.

Ávarpið var flutt af Sverri Hauki Gunnlaugssyni, sendiherra Íslands í Bretlandi, á hádegisverðarfundi sem hann efndi til með breskum þingmönnum og fulltrúum úr lávarðadeild.



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Fundargestir fengu útprentað eintak af ávarpinu og virðist það þaðan hafa farið í frekari dreifingu.

Breska dagblaðið Independent birti í gær brot úr ávarpinu og kallar það óvenju harðorða gagnrýni annarrar ríkisstjórnar á bresk stjórnvöld. Alls sátu þrettán gestir fundinn, sem taldir eru til Íslandsvina. Þar á meðal var Austin Mitchell, þingmaður Verkamannaflokksins, sem hefur gagnrýnt bresku ríkisstjórnina fyrir framkomu sína gagnvart Íslendingum, og Charles Clark, sem er fyrrverandi innanríkisráðherra Breta.

Sverrir Haukur segir að sjónarmið íslenskra stjórnvalda, hvað varðar stöðu mála í samskiptum Íslands og Bretlands, hafi verið skýrð. Þá hafi þingmenn borið fram margvíslegar fyrirspurnir á fundinum og lýst viðhorfum sínum um hvernig unnt væri að koma málum í jákvæðan farveg til að efla samskipti ríkjanna. - ss

Hálfs árs fangelsi:

# Réðst á starfsmann í vínbúð

**DÓMSMÁL** Tæplega fimmtugur karlmaður hefur verið dæmdur í hálfs árs fangelsi fyrir ýmis brot. Meðal annars að ráðast á starfsmann Vínbúðar ÁTVR í Kópavogi, taka hann hálstaki og kýla hann. Starfsmaðurinn hafði verið að kanna hvort maðurinn hefði stolið áfengisflösku.

Maðurinn var dæmdur fyrir að hafa fimm sinnum verið tekinn undir stýri, ökuréttindalaus. Þá var hann einu sinni tekinn fyrir akstur undir áhrifum áfengis og fíkniefna og enn fremur gripinn með lítilræði fíkniefna í fórum sínum. Hann á sakaferil að baki. - jss

# Icesave var gríðarleg áhætta fyrir Ísland

**Forsætisráðherra segir umdeilanlegt hvort Landsbankinn hefði mátt stofna til innlána í útibúum erlendis, vegna áhættu. Enn er ekki útilokað að innstæður lendi á Íslendingum. Björgólfsfeðgar reyna að „klína ábyrgðinni“ annað.**

**EFNAHAGSMÁL** „Þeir voru auðvitað að fara nýjar leiðir til að fjármagna bankann, en í þessari leið var fólgin gríðarleg áhætta fyrir Ísland, sem má deila um hvort þeir hafi haft leyfi til að taka,“ segir Geir H. Haarde forsætisráðherra um Icesave-reikninga Landsbankans.

Samt hafi stofnun Icesave-reikninga í útibúum erlendis verið innan formlegra reglna, og „að því er virðist, íslenskum lögum,“ segir Geir. Hann segir að úr þessu máli hafi orðið ein erfiðasta milliríkjadeila sem Íslendingar hafi lent í.

„Forystumennirnir í bankanum bera auðvitað ábyrgð á því að þetta fór af stað. Menn geta ekki vikið sér undan þeirri ábyrgð í sjálfu sér,“ segir Geir. Hann segist þó ekki vilja fara hörðum orðum um þá. Þeir eru væntanlega Landsbankamenn, einkum fyrrverandi aðaleigendur bankans, Björgólfsfeðgar.

Viðhorf háttsettra í stjórnarráðinu er, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, að nú reyni feðgarnir að „klína ábyrgðinni“ yfir á aðra.

Geir segir að reynt hafi verið að koma reikningunum í skjól, sem þýðir að breskar innstæðutryggingar hefðu ábyrgst þá. Hugsanlega hafi sú vinna hafist of seint.

Ekki er enn útilokað að innstæður á Icesave-reikningum lendi á íslenskum skattgreiðendum, en rætt hefur verið um 600 milljarða króna í þessu samhengi. Það nemur um það bil



**FUNDAÐ Í RÁÐHERRABÚSTAÐ** Geir H. Haarde forsætisráðherra hitti blaðamenn á fundi í gær. Forsætisráðherra sagði að reynt hefði verið að koma reikningum Icesave í skjól en hugsanlega hefði sú vinna hafist of seint. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

lágmarkstryggingu á hverjum Icesave-reikningi í Bretlandi, sem er 20.887 evrur. Það er byggt á lögum um Tryggingasjóð sem aftur eru byggð á tilskipun Evrópusambandsins.

Geir segir að nú sé komið á daginn að sú tilskipun sé gölluð.

„Það verður auðvitað reynt að sjá til þess að við sitjum ekki hérna með einhverjar drápsklyfjar marga áratugi fram í tímann og markmiðið er að reyna að tryggja það að eignir bankans geti staðið undir þessari skuld bankans,“ segir Geir.

Geir segist ekki hafa upplýsingar um virði þessara eigna.

Fréttablaðið hefur árangurslaust um nokkurt skeið reynt að fá upplýsingar um virði eignanna. Landsbankamenn segja óvíst um virðið. Óskað var upplýsinga frá Fjármálaeftirlitinu á grundvelli upplýsingalaga. Svar barst í gær og vill eftirlitið ekki gefa upplýsingarnar.

ingimar@frettabladid.is

Félagsmálaráðherra:

# Minnir banka á jafnréttislög

**VIÐSKIPTI** Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, hefur sent forsvarsmönnum ríkisbankanna þriggja bréf til að minna þá á jafnréttislög. Þar er sú skylda atvinnurekenda að jafna stöðu karla og kvenna ítrekuð.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

„Það er því grundvallaratriði að fjármálafyrirtæki í 100 prósent eigu hins opinbera fari að ákvæðum laganna um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og þýðingarmikið að nýju bankarnir gegni ákveðnu forystuhlutverki að þessu leyti á íslenskum fjármálamarkaði. Á þetta ekki síst við um skipan í stjórnir bankanna sem og stjórnunarstöður innan þeirra,“ segir í bréfinu. - kóp

Starfsmenn gamla Kaupþings

# Tugmilljarða hlutabréfalán

**VIÐSKIPTI Alls er áætlað að níutíu prósent starfsmanna Kaupþings hafi verið hluthafar í bankanum er hann komst í þrot. Hlutabréf þeirra eru nú verðlaus. Sex til sjö hundruð þessara starfsmanna höfðu tekið lán vegna hlutabréfakaupanna í samræmi við stefnu bankans um valréttarsamninga. Nemur upphæð þeirra lána nú á fimmta tug milljarða, þar af er stór hluti vegna valrétta nokkurra tuga æðstu stjórnenda bankans.**

**Samkvæmt heimildum Markaðarins vilja starfsmenn gamla Kaupþings nú semja um sín mál við stjórn Nýja Kaupþings, enda hafi verið litið svo á að valréttirnir væru hluti af kjörum starfsfólks og verið meðhöndlaðir sem slíkir af skattayfirvöldum.** - bih / sjá síðu 18



**FRÁ SKÁKEINVÍGINU** Vladimir Kramnik og Viswanathan Anand, heimsmeistari í skák, við upphaf skákeinvígisins í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jafntefli í elleftu skákinni:

# Anand varði heimsmeistaratitilinn

**SKÁK Indverski skákmaðurinn Viswanathan Anand varði í gær heimsmeistaratitilinn í skák þegar hann gerði jafntefli við Rússann Vladimir Kramnik í Bonn í Þýskalandi.**

**Skák þeirra var sú ellefta og hafði Anand hvítt í skákinni. Þeir Kramnik sömdu um jafntefli eftir 24 leiki. Anand sigraði með sex og hálfum vinningi og þurfa þeir Kramnik því ekki að tefla tólftu og síðustu skákina. Verðlaunaféð, ein og hálf milljón evra, skiptist jafnt á milli skákmannanna tveggja.** - ovd

Fjögurra ára met jafnað:

# Vextir lækkaðir vestanhafs

**VIÐSKIPTI** Seðlabanki Bandaríkjanna lækkaði stýrivexti sína um hálft prósent í gær í viðleitni sinni til að efla viðskipti í landinu.

Stýrivextir bankans nema nú einu prósenti og jafnar bankinn þar með lægsta vaxtastig stýrivaxtanna frá upphafi en síðast voru stýrivextirnir svo lágir frá júní 2003 til júní 2004. - ovd




Öflugur jarðskjálfti í Pakistan varð nærri 200 manns að bana:

# Fimmtán þúsund heimilislaus

**PAKISTAN, AP** Nærri tvö hundruð manns létust þegar öflugur jarðskjálfti varð í suðvesturhluta Pakistans í gær. Hundruð manna slösuðust og talið er að um fimmtán þúsund manns hafi misst heimili sitt.

Jarðskjálftinn varð í afskekktum dal í héraðinu Balúkistan, skammt frá landamærum Afganistans. Skjálftinn mældist 6,4 stig, en síðar um daginn varð annar skjálfti sem mældist 6,2 stig. Fjöldi smærri eftirskjálfta kom í kjölfar stóru skjálftanna.

Einna verst úti varð bærinn Ziarat og átta önnur nærliggjandi þorp, þar sem hundruð húsa eyðilögðust. Húsin eru ýmist gerð úr timbri eða leir og múrsteinum.

„Eyðileggingin er gríðarleg,“ segir Dilawar Kakar, bæjarstjóri í Ziarat. „Ekki eitt einasta hús stendur uppi óskemmt.“

Hann hvatti fólk „um heim allan“ til þess að veita heimafólki þarna aðstoð. Stjórnvöld í Pakistan sögðust reyndar ekki telja þörf á erlendri aðstoð, en fulltrúar frá Alþjóða-Rauða krossinum og Rauða hálfmánanum í Pakistan voru sendir á vettvang til að meta ástandið og veita aðstoð.

Vetur er að ganga í garð á þessum slóðum, en flestir



**ÆTTINGJAR BERA KENNSL Á LÍKIN** Nærri tvö hundruð manns létu lífið þegar jarðskjálftinn mikli varð í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þeir sem misstu hús sitt hafast nú við undir berum himni. Jarðskjálftar eru algengir í Pakistan. Fyrir þremur árum varð þar gríðarmikill jarðskjálfti sem mældist 7,5 stig og kostaði 80 þúsund manns lífið. - gb


JAKKAFÖT OG FRAKKAR
Á TILBOÐI. VERÐ FRÁ
14.990,-
PR. STK.
Laugavegi 5629730
Kringlunni 5680800
Smáralind 5659730
Akureyri 4627800
DRESS MANN
ALLTAF VEL KLÆDDUR

## GENGIÐ 29.10.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,51 | 119,07 |
| Sterlingspund | 190,74 | 191,66 |
| Evra | 152,07 | 152,93 |
| Dönsk króna | 20,409 | 20,529 |
| Norsk króna | 17,704 | 17,808 |
| Sænsk króna | 15,359 | 15,449 |
| Japanskt jen | 1,221 | 1,2282 |
| SDR | 176,87 | 177,93 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 205,6388

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hvert prósent í atvinnuleysi kostar tæplega þrjá milljarða:

# Bætur fyrir átta prósent atvinnuleysi

**VINNUMARKAÐUR** Hvert prósent í atvinnuleysi hjá þjóðinni kostar atvinnuleysistryggingasjóð 2,6 til 2,7 milljarða króna á ári. Í dag standa um 16 milljarðar í sjóðnum. Með árlegum tekjum stendur hann undir rúmlega átta prósent atvinnuleysi.

Líkt og sagt var frá í Fréttablaðinu í gær stendur sjóðurinn vel að mati Gissurar Péturssonar, forstjóra Vinnumálastofnunar. Um 16 milljarðar eru í sjóðnum, en hann samanstendur af ákveðnu hlutfalli af tryggingagjaldi auk vaxta af innstæðum sjóðsins. Tekjur sjóðsins hafa verið um fimm til sex milljarðar á ári.



**VERKAMENN** Eignir og væntanlegar tekjur atvinnuleysistryggingasjóðs standa undir rúmlega átta prósenta atvinnuleysi á ársgrundvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gissur segir þess vegna ómögulegt að segja til um hve miklu atvinnuleysi sjóðurinn standi undir að óbreyttu. Það geti aukist tímabundið, yfir nokkra mánuði, en eignir sjóðsins eru metnar á ársgrundvelli.

Ýmsir hafa spáð tíu til fimmtán prósent atvinnuleysi hér á landi. Innstæða hans nú auk tekna stendur ekki undir slíku atvinnuleysi. Þar að auki dregur úr tekjum sjóðsins í auknu atvinnuleysi.

Ef atvinnuleysi er 5 prósent á ársgrundvelli þýðir það útgjöld upp á 13 til 13,5 milljarða. Gróft reiknað, miðað við 16 milljarða inneign plús sex í tekjur deilt með 2,7 á hvert prósent, stendur sjóðurinn undir rúmlega átta prósenta atvinnuleysi á ársgrundvelli. **- kóp**

Umskipti á Maldíveyjum:

# Maumoon felldur í kosningum

**MALDÍVEYJAR, AP** Mohamed Nasheed, fyrrverandi pólitískur fangi, sigraði í úrslitaumferð forsetakosninga á Maldív-eyjum í Suður-Indlandshafi og batt þar með enda á þriggja áratuga valdatíð Maumoons Abdul Gayoom.

Þegar talningu lauk í gær reyndist Nasheed hafa hlotið 54 prósent atkvæða en Maumoon 46. „Ég fellst á úrslit kosninganna og óska Mohamed Nasheed og flokki hans til hamingju,“ sagði Maumoon á blaðamannafundi. Nasheed sagðist vilja fullvissa kjósendur og alþjóðasamfélagið um að lýðræðisumbætur í hinu strjálbýla eyríki myndu ganga vandkvæðalaust fyrir sig. **- aa**

Aðalfundur LÍÚ hefst í dag:

# Björgólfur kveður keikur

**SJÁVARÚTVEGUR „Ég er ekki enn búinn að semja hana,“ sagði Björgólfur Jóhannsson, formaður stjórnar Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), þegar Fréttablaðið hafði samband við hann þar sem hann var að semja sína síðustu ræðu sem formaður.**



BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON

**Aðalfundur LÍÚ hefst í dag en nýr formaður verður kosinn á morgun. Adolf Guðmundsson er sá eini sem hefur boðið sig fram.**

**„Ég læt af formennsku á hræðilegum tímum en að sama skapi er hlutverk sjávarútvegsins orðið meira en síðustu ár, hann er aftur númer eitt,“ sagði Björgólfur.** **- jse**

## DÓMSTÓLAR

### Stálu stólum og hjólbörum

Karl og kona hafa verið dæmd í Héraðsdómi Suðurlands í 30.000 króna sekt hvort fyrir að stela tveimur stólum. Til að flytja þá tóku þau traustataki hjólbörur sem eigandi stólanna átti einnig.

## HAFNARFJÖRÐUR

### Milljarðalán vegna lóðaskila

Hafnarfjarðarbær hyggst taka tveggja milljarða króna lán til að fjármagna endurgreiðslu gatnagerðargjalda, framkvæmdir og til skuldbreytinga. Lánið verður tekið hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

## LEIÐRÉTTING

Rangar tölur voru hafðar eftir í blaðinu í gær í frásögn af atkvæðagreiðslu á kjördæmisþingi Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi. Breytingartillaga um að aðildarviðræðum við Evrópusambandið skyldi flýtt var samþykkt með 23 atkvæðum gegn átta.

# Íhuga að afþakka breskar flugsveitir

**Utanríkisráðherra segir að leggja skuli meiri áherslu á efnahagslegar varnir en hefðbundnar. Loftrýmisgæsla Breta er til skoðunar. Forsætisráðherra segir að stórar ákvarðanir um niðurskurð fjárlaga hafi ekki verið teknar enn þá.**

**UTANRÍKISMÁL** „Ég tel alveg sjálfgefið að við verðum að velta öllum steinum og skoða það meðal annars hvar við getum skorið niður. Þetta hlýtur að koma til skoðunar eins og hvað annað,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra um væntanlegt loftrýmiseftirlit Breta hér á landi. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um niðurskurð í varnarmálum sérstaklega, að sögn Geirs H. Haarde forsætisráðherra.

Aðildarríki Atlantshafsbandalagsins samþykktu síðastliðið sumar áætlun um loftrýmisgæslu yfir Íslandi. Gert er fyrir að aðildarríkin skiptist á um að senda herþotur hingað til lands í þessum tilgangi. Til hefur staðið að breskar flugsveitir sinni þessari gæslu í desember.

Bretar beittu sem kunnugt er hryðjuverkalögum gegn íslenskum hagsmunum fyrr í þessum mánuði og styr hefur staðið um Icesave-reikninga í útibúi Landsbankans ytra. Ríkisstjórnin hefur rætt um afarkosti Breta í þessum efnum, en nefnt hefur verið að þeir krefjist þess að Íslendingar greiði ekki minna en sem nemur 600 milljörðum króna vegna reikninganna. Bresk sendinefnd var hér á landi á dögunum, en viðræður leiddu ekki til niðurstöðu. Stjórnarliðar, þar á meðal Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra og þá starfandi utanríkisráðherra, hafa látið að því liggja að Bretar séu ekki velkomnir til loftrýmisgæslu vegna þeirrar milliríkjadeilu sem skapast hefur.

Ingibjörg Sólrún segir að staðan í viðræðum við Breta sé óbreytt. Nú sé ákveðin biðstaða í samskiptum ríkjanna. Hún segir efnahagsmálin hér skipta meira máli en annað. Hún segir að ríki Atlantshafsbandalagsins hafi ekki óskað eftir því að koma hingað með sínar sveitir. Loftrýmisgæslan hafi verið hugsuð fyrir Íslendinga. „Eins og málin blasa við okkur núna þá eru það annars konar varnir sem skipta okkur meira máli sem við þurfum að verja fjármunum til heldur en þessar hefðbundnu varnir,“ segir Ingibjörg Sólrún. Forgangsraða þurfi í varnarmálum eins og öðrum málum. Efnahagslegar varnir kosti „gríðarlega fjármuni og þar verður forgangurinn að liggja.“



**LOFTRÝMISVARNIR** Frakkar gegndu því hlutverki að gæta loftrýmis þjóðarinnar með því að senda hingað til lands fjórar herþotur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> Ég tel alveg sjálfgefið að við verðum að velta við öllum steinum og skoða það meðal annars hvar við getum skorið niður.
>
> **INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** UTANRÍKISRÁÐHERRA

Forsætisráðherra segir að ekkert hafi verið ákveðið varðandi loftrýmisgæslu Breta eða niðurskurð í tengslum við varnarmálin í heild. „Við erum ekki komin á það stig að taka slíkar ákvarðanir varðandi fjárlögin. Sú vinna er ekki komin neitt áleiðis“, segir Geir.

ingimar@frettabladid.is / svavar@frettabladid.is



**SAMEINING** Gengið verður frá Hlemmi á laugardag klukkan 14. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mótmælendur sættast:

# Vilja kosningar samstundis

**MÓTMÆLI Tveir hópar, annar undir forystu Harðar Torfasonar og hinn undir forystu Kolfinnu Baldvinsdóttur, sem stóðu fyrir mótmælum í borginni um síðustu helgi, hafa nú sameinast um að boða til mótmæla næsta laugardag klukkan 14.**

**Mótmælin munu hefjast við Hlemm, þaðan sem gengið verður niður Laugaveg að Austurvelli þar sem ræðuhöld verða. Krafa mótmælanna er „Vík burt ríkisstjórn! Kosningar strax!“**

**Þetta er þriðja helgin í röð sem boðað er til mótmæla.** **- kg**

Hátt í 67 þúsund undirskriftir:

# Mikilvægt að svara fyrir sig

**MÓTMÆLI** „Við erum farin að trúa því að við munum koma vitinu fyrir bresk stjórnvöld,“ segir Ólafur Elíasson, einn aðstandenda aðgerðaáætlunar um bætta ímynd Íslands í Bretlandi.

Undirskriftasöfnun hópsins á síðunni indefence.is hefur gengið vonum framar. Á síðunni má nú finna áskorun til bresku þjóðarinnar á átta tungumálum.

Í gær var símamiðstöð opnuð í Aðalstræti 6 þar sem fólki er boðið að hringja ókeypis í vini og ættingja erlendis til að vekja athygli á málstað íslensku þjóðarinnar. **- ovd**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**HLÝNAR Á MORGUN**

Loks sér fyrir endann á frostinu sem verið hefur á landinu. Strax í nótt fer að hvessa á Vestfjörðum og norðvestan til og á morgun má búast við stífri suðvestanátt á landinu vestan- og norðanverðu með vindi allt að 20 m/s á annesjum nyrðra. Samfara þessum vindi hlýnar og má búast við að um hádegi á morgun verði hitinn víðast 5-10 stig.



Á MORGUN 5-20 m/s, hvassast við ströndina N- og NV-til

LAUGARDAGUR 8-15 m/s, hvassast N-til

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Amsterdam | 9° |
| Basel | 3° |
| Berlín | 6° |
| Billund | 8° |
| Eindhoven | 8° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 9° |
| New York | 9° |
| Orlando | 23° |
| Osló | 4° |
| París | 8° |
| Róm | 20° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

LANDSSÖFNUN BJÖRGUNARSVEITANNA 2008



# Þetta er Neyðarkall til þín!

Dagana 31. október–2. nóvember fer fram fjáröflunarátakið **Neyðarkall björgunarsveitanna**. Aukin verkefni björgunarsveitanna kalla á meira fé til starfseminnar og þetta er okkar leið til að bregðast við því. Fólk er því að stuðla að eigin öryggi með stuðningi í þessu átaki.

Líkt og áður er um að ræða sölu á litlum neyðarkalli sem nú er eftirlíking af sjóbjörgunarmanni. Við hvetjum almenning til þess að taka vel á móti sölufólki en Neyðarkallinn verður seldur á 1000 krónur við verslanir, verslunarmiðstöðvar, áfengisútsölur og aðra þá staði sem almenningur sækir þessa þrjá daga á meðan átakið stendur. Í sumum bæjarfélögum verður einnig gengið í hús.

**Kaupum Neyðarkallinn!**

LANDSSÖFNUN
NEYÐARKALL
BJÖRGUNARSVEITANNA

*Aðalbakhjarlar Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru:*

N1 SJÓVÁ GLITNIR

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
Berst fyrir lífi þínu!

## KJÖRKASSINN



*Áttir þú von á stýrivaxtahækkun?*

| | |
|---|---|
| Já | 37,3% |
| Nei | 62,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú með yfirdrátt í banka eða sparisjóði?*

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Flest lykilríkin í forsetakosningum Bandaríkjanna snúast á sveif með Obama:

# Treyst betur í efnahagsmálum

**BANDARÍKIN, AP** Samkvæmt nýrri skoðanakönnun frá AP og GFK hefur demókratinn Barack Obama nú ótvírætt forskot á repúblikanann John McCain í sex af átta lykilríkjum þar sem munurinn á milli þeirra hefur verið hvað minnstur. Þessi sex ríki eru Karólína, Nevada, New Hampshire, Ohio, Pennsylvanía og Virginía. Í hinum tveimur ríkjunum, Flórída og Norður-Karólínu, eru þeir nokkurn veginn jafnir.

Í öllum þessum átta ríkjum treystir fólk Obama betur til að takast á við efnahagsvandann, en aðeins í þremur þeirra treysta íbúar McCain betur fyrir þjóðaröryggi.

Obama keypti sér hálftíma útsendingartíma á þremur af stærstu sjónvarpsstöðvum Bandaríkjanna í gærkvöld, þar sem hann hnykkti á boðskap sínum til þjóðarinnar aðeins fimm dögum fyrir forsetakosningar.



**BARACK OBAMA** Fór að dæmi Ross Perots í gær og keypti sér hálftíma útsendingartíma fyrir sjónvarpsávarp. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Enginn bandarískur forsetaframbjóðandi hefur keypt sér aðgang að sjónvarpi með þessum hætti frá því auðkýfingurinn Ross Perot bauð sig fram til forseta árið 1992. McCain hefur ekki í hyggju að gera slíkt hið sama. Obama hefur safnað mun meira fé í kosningasjóði sína en McCain en talið er að hver sjónvarpsstöðvanna þriggja hafi fengið eina milljón dala fyrir útsendinguna.

Síðar um kvöldið kom Obama svo í fyrsta sinn fram með Bill Clinton, fyrrverandi forseta, á kosningafundi í Flórída. **- gb**

Enn óeirðir í Danmörku:

# Útburði í Kristjaníu mótmælt

**KAUPMANNAHÖFN, AP Fimmtán manns voru handteknir í Kaupmannahöfn í fyrrinótt þegar óeirðir brutust út í tengslum við mótmæli gegn niðurrifi húss í Kristjaníu.**

**Lögreglan beitti táragasi á mótmælendur, sem höfðu komið sér upp götuvígum og grýttu bæði grjóti og eldsprengjum í áttina að lögreglunni.**

**Mótmælin hófust snemma mánudags eftir að lögreglan hafði aðstoðað við að bera út einn íbúa Kristjaníu og einnig við að rífa viðbyggingu, sem hann hafði reist án leyfis við friðað hús í Kristjaníu.** **- gb**


# Meistaradeild sprotafyrirtækja í Evrópu

**Nýsköpunarmiðstöð Íslands** býður til opins kynningarfundar um **Eurostars**, nýjan möguleika á fjármögnun verkefna sprotafyrirtækja sem stunda rannsóknir og þróun. Einnig verður sagt frá þjónustu **Enterprise Europe Network** við sprotafyrirtæki.

Fundurinn verður haldinn **föstudaginn 31. október** kl. 8:30 - 10:00 í **Húsi atvinnulífsins** að Borgartúni 35.

**Snæbjörn Kristjánsson** verkfræðingur á Nýsköpunarmiðstöð Íslands og landsfulltrúi í stjórn Eurostars fjallar um umsóknar- og matsferlið. **Kristín Halldórsdóttir** verkefnastjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð fjallar um ráðgjöf fyrir sprotafyrirtæki og tækifæri til fjármögnunar í gegnum Enterprise Europe Network.

Fundarstjóri er **Davíð Lúðvíksson** forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins.

Tækniþróunarsjóður mun koma að fjármögnun Eurostars verkefna.

Skráning: **frettir@nmi.is**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

enterprise europe network

eurostars


# Tíu ára þróunarstarf í þrot fáist ekki lán

**Sprotafyrirtækið Hafmynd fær ekki fyrirgreiðslu til að halda framleiðslu gangandi. Söluáætlun gerir ráð fyrir allt að tveggja milljarða króna tekjum á næsta ári. Nýta mætti Nýsköpunarsjóð til að standa vörð um íslensk sprotafyrirtæki.**

**EFNAHAGSMÁL** Tíu ára þróunarstarf sprotafyrirtækisins Hafmyndar gæti verið til einskis unnið fáist ekki fjármagn á næstu dögum til að halda framleiðslu gangandi. Fleiri sprotafyrirtæki ramba á barmi gjaldþrots vegna fjármálakreppunnar.

Hafmynd hannar og framleiðir sjálfstýrða kafbáta sem meðal annars eru notaðir við umhverfisrannsóknir, sprengjuleit og olíurannsóknir. Í dag eru 14 starfsmenn hjá fyrirtækinu.

„Ef við fáum ekki fyrirgreiðslu fyrir mánaðamót er spilið búið,“ segir Júlíus B. Benediktsson, framkvæmdastjóri Hafmyndar. Hann segir það grátlegt að svo litla fyrirgreiðslu vanti þegar tekjurnar bíði handan við hornið.

„Við fáum ekki lán til að framleiða upp í gerða samninga,“ segir Júlíus. Hann segir að fyrirtækið þurfi um 50 milljóna króna lán fyrir mánaðamót til að reksturinn geti haldið áfram. Til viðbótar þurfi 150 til 200 milljónir á næsta ári. Þetta sé ekki mikið fé, en enginn af íslensku viðskiptabönkunum treysti sér til að veita lán.

Söluáætlun Hafmyndar gerir ráð fyrir að tekjur á næsta ári geti farið yfir einn milljarð króna. Júlíus bendir á að viðskiptavinir séu afar traust fyrirtæki og stofnanir sem séu fjarri því að draga saman eða á leið í þrot. Á næsta ári verði til dæmis boðnir út að 100 sjálfstýrðir kafbátar í Evrópu einni, og aðeins þrjú fyrirtæki um hituna.

Júlíus segir skjóta skökku við að sprotafyrirtæki eins og Hafmynd sé í slíkum erfiðleikum þegar Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra segi að á erfiðum tímum verði að hlúa að sprotafyrirtækjum og nýsköpun. Svo virðist sem orð og efndir fari ekki saman. Júlíus hefur reynt að ná í ráðherra, án árangurs.



**ÞEKKINGIN GÆTI GLATAST** Júlíus B. Benediktsson, framkvæmdastjóri Hafmyndar, segir að stöðvist framleiðsla fyrirtækisins á sjálfstýrðum kafbátum glatist tíu ára reynsla og þekking, sem geti skilað milljörðum í þjóðarbúið, þegar starfsfólk hverfi til annarra starfa. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Nýta mætti Nýsköpunarsjóð til að standa vörð um valin sprotafyrirtæki, segir Júlíus. Til dæmis mætti heimila honum að lána fyrirtækjum nægilegt fé til að halda lágmarksframleiðslu í gangi.

Áður en fjármálakreppan hófst voru stór erlend fyrirtæki tilbúin að koma að frekari uppbyggingu Hafmyndar, en Júlíus segir þau áform nú úr sögunni.

„Nú eru hins vegar nokkur fjárfestingarfélög sem vilja koma hingað á brunaútsölu. Við fengum nýlega tilboð í fyrirtækið, sem er ekki upp í verð á einum báti,“ segir Júlíus.

Hann segir að fáist ekki fyrirgreiðsla verði spurningin sú hvort selja eigi fyrirtækið á gjafverði til að þekkingin glatist ekki. Stöðvist framleiðslan líði ekki margar vikur þar til starfsmenn hverfi til annarra starfa, jafnvel erlendis, og þar með sé þekkingin horfin.

**brjann@frettabladid.is**


ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN

Hvolsskóli

# Afmælishátíð Hvolsskóla

Í tilefni af 100 ára afmæli Hvolsskóla á Hvolsvelli bjóða nemendur, starfsfólk og foreldrar til afmælishátíðar föstudaginn 31. október.

**14:00** Hvolsskóli í 100 ár. Sýning á verkum sem unnin voru á þemadögum nemenda. Sýningin er opin til kl. 19 og laugardag frá kl. 13-16.

**15:00** Grænfáninn dreginn að húni við Hvolsskóla. Grænfáninn er alþjóðleg viðurkenning fyrir gott starf á sviði umhverfismála í skólum.

**16:00** Afmælisveisla í íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli. Fyrrum nemendur Hvolsskóla segja frá uppvexti sínum í skólanum og flytja tónlistaratriði. Að lokinni dagskrá verður boðið upp á afmæliskaffi.

Allir fyrrum nemendur og aðrir velunnarar skólans velkomnir.

***Nemendur og starfsfólk Hvolsskóla***

*Hvolsskóli er handhafi Íslensku menntaverðlaunanna 2008*

Auglýsingasími

512 50 50

– Mest lesið


Stjórnvöld verða að styðja við sprotafyrirtæki segja nýsköpunarsérfræðingar:

# Sprotar í þrot eða úr landi

**EFNAHAGSMÁL** Ef stjórnvöld gera ekki átak í að vernda sprotafyrirtæki í því efnahagsástandi sem nú ríkir er hætta á að fyrirtæki sem í framtíðinni gætu skilað íslenska þjóðarbúinu miklum tekjum lifi hræringarnar ekki af.

Þetta er mat Þorsteins Inga Sigfússonar, forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Hann bendir á að sprotafyrirtæki geti mörg hver ekki fjármagnað rekstur nema til skamms tíma, og afar erfitt sé að fá fyrirgreiðslu í bönkum.

„Það er öllum ljóst að þarna eru okkar vonir núna, í því að stjórnvöld styrki og styðji við þessi sprotafyrirtæki. Þarna eru möguleikarnir á nýjum störfum, og tekjum af útflutningi,“ segir Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs Íslands.



**VONARPENINGUR** Miklar vonir eru bundnar við sprotafyrirtæki eins og staðan í fjármálalífinu er í dag, segir Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýsköpunarsjóður hefur undanfarið lánað sprotafyrirtækjum rekstrarfé, auk þess að leggja til hlutafé. Finnbogi segir að fram hafi komið hugmyndir um að sjóðurinn geti lánað sprotafyrirtækjum áfram, en til þess hafi sjóðurinn ekki fjárhagslegt bolmagn án aukinna fjárframlaga.

Þorsteinn segir verulega hættu á því að ungir frumkvöðlar hrökklist úr landi við þessar aðstæður. Hann segir iðnaðarráðuneytið nú skoða tillögur um hvernig koma megi til móts við sprotafyrirtækin. Til dæmis mætti fjárfesting í þeim fela í sér sérstaka skattaívilnun, og aðstoða mætti fyrirtækin við að ráða sérfræðinga.

Vel á annað hundrað sprotafyrirtæki eru starfandi hér á landi í dag, samkvæmt vef sprotafyrirtækja, nyskopun.org. **- bj**

TBWA\Reykjavík \ SÍA \ 083416




# ALLT KLÁRT FYRIR VETURINN?




## Taktu þátt í Vetrarleik Olís – 40% afsláttur af helstu vetrarvörum

Nú hefur **Vetrarleikskort Olís** verið sent inn á flest heimili í landinu. Auk þess má nálgast það á þjónustustöðvum Olís. Í hvert skipti sem þú fyllir tankinn af eldsneyti hjá Olís færðu stimpil í kortið og getur þá nýtt þér viðkomandi tilboð sem er **40% afsláttur af helstu vetrarvörum** hjá Olís.

## 150.000 kr. eldsneytisinneign í vinning!

Þegar þú hefur safnað sex stimplum skrifarðu nafnið þitt á kortið og skilar á næstu Olís-stöð. Dregið verður úr innsendum miðum á gamlársdag 2008 og vinningurinn er 150.000 króna eldsneytisinneign.

Við höldum með þér!

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað heitir lögmaður Færeyja?*
2. *Hvar var bandarískri menningarmiðstöð lokað á þriðjudaginn?*
3. *Hvaða íslenski sjónvarpsþáttur var nýlega tilnefndur til bresku BAFTA-verðlaunanna?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 42

Fasteignasölur bregðast við minni umsvifum með uppsögnum aðstoðarmanna:

# Uppsagnir hjá fasteignasölum

**VINNUMARKAÐUR** „Menn hafa reynt í lengstu lög að halda í sitt starfsfólk en það eru margir sem sjá ekki aðra kosti í stöðunni en að fækka fólki," segir Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala.

Hún segir óhjákvæmilegt að bregðast við um 70 prósenta minni umsvifum á fasteignamarkaði með uppsögnum. Aðstoðarfólki fækki helst en hins vegar séu vel flestir löggiltir fasteignasalar enn að störfum. Löggiltir fasteignasalar séu nú um 250 talsins en hafi mest verið um 280 þegar best lét.

Þá segir Ingibjörg fasteignasala bíða þess að eitthvað verði gert til að hjálpa húsnæðismarkaðnum.



**INGIBJÖRG ÞÓRÐARDÓTTIR**



**SVERRIR KRISTINSSON**

Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri Eignamiðlunar ehf., segir að þar hafi átta af tuttugu starfsmönnum verið sagt upp störfum í síðustu viku. „Þetta er öryggisráðstöfun vegna þeirrar óvissu sem ríkir núna. Við segjum upp fólki með það í huga að geta vonandi ráðið fólk aftur," segir Sverrir. Hann segir desember og janúar rólegasta tíma ársins og að fram undan sé nokkur óvissa.

Sverrir segir allstóran hóp manna hafa starfað innan greinarinnar á síðustu árum sem hvorki hafi menntun, reynslu eða þekkingu á sviði fasteignasölu. „Fasteignasalar eru oft að sýsla með aleigu manna og við erum að vonast eftir að þær sölur, þar sem fagmenn starfa, standi eftir sterkari," segir Sverrir. **- ovd**

Ungur piltur dæmdur:

## Braut flösku á höfði manns

**DÓMSMÁL** Ungur piltur hefur verið dæmdur í 45 daga fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að berja mann í höfuðið með glerflösku. Flaskan brotnaði við höggið og hlaut fórnarlambið skurð á höfði.

Árásarmaðurinn var aðeins sautján ára þegar atvikið átti sér stað fyrr á þessu ári. Hann játaði sök fyrir dómi.

Hann hafði ekki áður gerst sekur um refsivert athæfi þegar hann framdi umrædda líkamsárás sem var álitin sérstaklega hættuleg.

Pilturinn lýsti iðrun fyrir dómi og höfðust náð sættir milli hans og fórnarlambsins um skaðabætur. **- jss**

Stevens fundinn sekur:

## Heldur áfram framboði sínu

**BANDARÍKIN, AP** **Ted Stevens, öldungadeildarþingmaður frá Alaska, ætlar ótrauður að halda áfram baráttu sinni fyrir endurkjöri í þingkosningum næsta þriðjudag, þrátt fyrir að hafa á mánudaginn verið dæmdur sekur um að hafa logið til um gjafir frá auðugu olíufyrirtæki.**

**John McCain, forsetaefni Repúblikanaflokksins, hvatti Stevens til að segja af sér og hætta kosningabaráttu gegn demókratanum Mark Begich.**

**Samkvæmt skoðanakönnun, sem gerð var skömmu áður en dómsúrskurður féll, var fylgi þeirra nokkuð jafnt, þrátt fyrir stöðugar fréttir af spillingu Stevens. Næsta öruggt þykir að dómurinn verði honum að falli.** **- gb**

Viðskiptaráðherra um gjaldeyrislán Rússa:

# Fundað á Íslandi

**EFNAHAGSMÁL** Næsta umferð sendinefnda Rússlands og Íslands um mögulegt gjaldeyrislán verður haldin í Reykjavík. Þetta sagði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra á blaðamannafundi í St. Pétursborg í Rússlandi í gær. Hann var þar staddur vegna Northern Exposure-ráðstefnunnar.

Aðstoðarfjármálaráðherra Rússlands, Dmitry Pankin, sagði á þriðjudag, í viðtali við Prime-Tass-fréttastofuna, að við núverandi aðstæður væri mikil áhætta falin í því að lána Íslendingum. „Jafnvel ef ákvörðun yrði tekin til að samþykkja lánið myndum við þurfa að meta vandlega alla áhættu." Seðlabankinn vildi í gær ekki tjá sig um ummæli Pankins en sagðist vera að skoða málið hvað varðar frekari viðræður.



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON**

Rússneska sendiráðið sagðist í gær ekki hafa frekari upplýsingar um mögulegt lán Rússa til Íslendinga. Það eina sem þeir vissu væri að viðræðum hefði lokið 16. október án niðurstöðu og ekki væri búið að taka ákvörðun um hvenær næsta viðræðulota færi fram.

Geir H. Haarde sagði á föstudag, þegar tilkynnt var að leitað yrði formlega til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, að enn yrði leitast við að fá lán frá Rússum, þótt upphæðin yrði væntanlega lægri en þær fjórar milljónir evra sem rætt var upp í upphafi. **- ss**



**ALLAR KLÆR ÚTI** Úkraínumaður í þjóðbúningi kósakka reynir að afla sér aukapenings í kreppunni með hljóðfæraslætti á torgi í Kíev í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# IMF aðstoðar Úkraínu og Ungverjaland

**Lög samþykkt í Úkraínu til undirbúnings neyðaraðstoðar frá IMF. Ungverjaland og fleiri lönd í Austur-Evrópu búast einnig til að þiggja IMF-hjálp. Ísland meðal ríkja sem biðja Evrópusambandið um aðstoð.**

**ÚKRAÍNA, AP** Þjóðþing Úkraínu samþykkti í gær frumvarp að sérstökum neyðarlögum sem setja á til að búa í haginn fyrir móttöku 16,5 milljarða dala neyðarláns frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF). Sjóðurinn er líka að undirbúa neyðarfjárhagsaðstoð við Ungverjaland og Hvíta-Rússland, og fleiri lönd í austanverðri Evrópu kunna að fylgja í kjölfarið.

Úkraínustjórn vonast til að IMF-lánið muni forða fjármálakerfi landsins frá algeru hruni, en úkraínski gjaldmiðillinn, hryvnan, hefur verið í frjálsu falli að undanförnu og bankar landsins eiga mjög undir högg að sækja.

Úkraínski seðlabankastjórinn Volodymyr Stelmakh sagði í gær að hjálparáætlun IMF, sem stjórn sjóðsins á eftir að leggja blessun sína yfir, sé nauðsynleg til að afstýra greiðsluþroti banka og stjórfyrirtækja landsins gagnvart erlendum lánardrottnum.

Ceyla Pazarbasioglu, sem fer fyrir sendinefnd IMF í Úkraínu, tjáði fréttamönnum að meðal skilyrða fyrir lánveitingu væri að úrkaínsk stjórnvöld sýndu aðhald í ríkisfjármálum og hrintu kerfisumbótum í framkvæmd. „Þeir skilja hvað við er að etja og þörfina á aðgerðum," sagði hún eftir fund í Kíev með fulltrúm þings og ríkisstjórnar.

Gjaldeyris- og verðbréfamarkaðir Ungverjalands tóku kipp upp á við í gær eftir að það fréttist að til stæði að IMF útvegaði Ungverjum neyðarlán upp á 20 milljónir evra. IMF mun leggja til 12,5 milljónir evra sem þrautavarasjóð, Evrópusambandið leggur til 8,1 milljón evra og Alþjóðabankinn 1 milljarð evra.

Ungverski forsætisráðherrann sagði í gær að ríkisstjórnin gerði ráð fyrir að minnsta kosti eins prósents samdrætti í þjóðarframleiðslu á næsta ári í stað þriggja prósenta hagvaxtar eins og áður hafði verið spáð. Boðaði Gyurcsany róttæka endurskoðun fjárlaga sem gerði ráð fyrir mun minni fjárlagahalla. Hagkerfi Ungverjalands hefur átt við vaxandi skuldsetningu, mikinn fjárlagahalla og minnkandi hagvöxt að stríða á síðustu árum.

Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóri IMF, fagnaði viðbrögðum stjórnvalda í Búdapest við kreppunni; niðurskurður fjárlagahallans og aðrar ráðstafanir væru til þess fallnar að auka tiltrú fjárfesta. Þessi ummæli Strauss-Kahn voru mjög í samræmi við orð sem talsmenn framkvæmdastjórnar ESB höfðu áður látið falla.

Joaquin Almunia, sem fer með efnahags- og peningamál í framkvæmdastjórn ESB, lagði í gær til að neyðaraðstoðarsjóður sambandsins yrði meira en tvöfaldaður, úr 12 milljörðum í 25 milljarða evra. Hann boðaði jafnframt aðgerðir til að ýta undir jákvæða hagþróun í aðildarríkjunum 27.

Almunia staðfesti ennfremur að Ísland hefði einnig sótt um aðstoð frá ESB, þótt það sé ekki aðili að sambandinu. Forseti framkvæmdastjórnarinnar, José Manuel Barroso, sagði stjórnvöld í aðildarríkjunum reiðubúin að miðla fé til annarra aðildarríkja sem í vanda væru stödd.

audunn@frettabladid.is

Jafnréttisstofa

Stöndum vörð um jafnrétti kynjanna

Að gefnu tilefni

Eitt meginmarkmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er að vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kynferðis á vinnumarkaði. Í lögunum segir m.a:
Mismunun á grundvelli kyns er bönnuð.
Það gildir að sjálfsögðu einnig um uppsagnir.

Atvinnurekendur og stéttarfélög eiga að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði.
Sérstaklega á að leggja áherslu á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar – og áhrifastöðum.

Konur og karlar hjá sama atvinnurekanda eiga að fá jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.
Starfsfólk má alltaf skýra frá launakjörum sínum.
Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum sem körlum.

Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga á hlutfall kynjanna að vera sem jafnast og ekki minna en 40% þegar fulltrúar eru fleiri en þrír. Sama gildir um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að.

Jafnréttisstofa


PALLI VAR EKKI
EINN Í HEIMINUM
BÓKAÚTGÁFAN BÖÖ
Hryllingur í Austurstræti
30/31 október
Eymundsson
Bóksali frá 1872
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



**HANN ÁTTI AFMÆLI** Fíllinn Tarak, sem er í dýragarðinum í Hannover í Þýskalandi, fékk væna afmælistertu að gæða sér á þegar hann varð þriggja ára nú á þriðjudaginn. NORDICPHOTOS/AFP

Fasteignamat ríkisins:

## Má ekki vakta eignarhald húsa

**PERSÓNUVERND** Fasteignamat ríkisins má ekki nota gögn úr sínum fórum til að selja fjármálastofnunum upplýsingar um breytingar á eignarhaldi fasteigna. Persónuvernd segir að vinnsla slíkra gagna myndi fela í sér „mikið og íþyngjandi inngrip í einkalíf fólks“.



**HAUKUR INGIBERGSSON**

Fasteignamatið vildi veita fjármálafyrirtækjum „þá þjónustu að vakta eignarhald fasteigna hjá þeim sem eru í sjálfskuldarábyrgð vegna lána hjá viðkomandi fyrirtæki“ og vísaði í lagaákvæði um að stofnuninni sé heimilt að vinna upplýsingar úr Landskrá fasteigna og selja.

**- gar**

# Þakklæti Íslendinga snertir Færeyinga

**Þótt lán færeysku þjóðarinnar dugi skammt þykir móralskur stuðningur þeirra mjög dýrmætur enda lánið hlutfallslega mjög hátt. Hundruð íslenskra þakkarbréfa hafa streymt til Færeyja, fólki þar til furðu.**

**EFNAHAGSMÁL** Þökkum frá Íslendingum rigndi yfir ritstjórnina á færeyska blaðinu Dimmalætting í fyrrakvöld og gærdag vegna vilyrðis þeirra um að veita þjóðinni lán. Blaðamaðurinn Brynhild Thomsen birti brot úr þeim á vefsíðu blaðsins dimma.fo en auk þess hafa fleiri fjölmiðlar fjallað um mikil viðbrögð Íslendinga.

Brynhild sagði í viðtali við Fréttablaðið að fjölmörg og tilfinningaþrungin viðbrögð Íslendinga hafi komið sér mjög á óvart og hafi snert sig djúpt. Færeyingar telji engan vafa leika á því að þeim beri rík skylda til að bjóða fram aðstoð sína. „Við höfum gengið í gegnum þetta. Við vitum hvernig það er að skammast sín og finnast maður hafa orðið að athlægi gagnvart veröldinni,“ segir Brynhild og vísar í fjárhagshrun Færeyja á tíunda áratugnum. Landsmenn glímdu þá við mikla erfiðleika, fátækt og fólksflótta en tókust á við niðurlæginguna. Sem dæmi um styrk þeirra má nefna að árið 1995, eða einu af erfiðari kreppuárum þar í landi, söfnuðu Færeyingar miklu fé til styrktar fórnarlömbum snjóflóðanna. „Það vissi ég vel að foreldrar mínir höfðu ekkert lifað um efni fram þegar kreppan skall á Færeyjum, engu síður reyndi ástandið mjög á þau. Almenningur í Færeyjum bar ekki ábyrgð á ástandinu heldur þeir sem fóru með völdin, þeim var treyst til þess að taka réttar ákvarðanir. Venjulegt fólk hefur ekki vald til að skapa svona erfiðleika en þarf að sitja undir bröndurum um að það eigi þá skilið,“ segir Brynhild og segir að ekki þýði nú annað fyrir Íslendinga en að bera höfuðið hátt og horfa fram á við.



**FÆREYJAR** Þakkir streyma frá Íslandi til Færeyja.



**EINAR MÁR GUÐMUNDSSON**

Einar Már Guðmundsson skáld segir Færeyjar hafa haft mikil áhrif á sig. Hann hafi fyrst komið þangað árið 1977. Þá hafi landið iðað af athafnasemi og alþjóðlegir straumar sett mark sitt á mannlífið. Þegar hann hafi komið þangað á tíunda áratugnum hafi andrúmsloftið verið gjörbreytt og í líkingu við þyngslin sem nú eru að skapast hér á landi. Í greininni Í landi norðurljósanna frá 2006 skrifar Einar meðal annars um Færeyjar: „Þótt norðurljósin skreyti oft himininn yfir Íslandi finnst mér Færeyingar eiga þau. Ég er kannski bara svona rausnarlegur og þetta svipuð rökleysa og þegar menn kýta um hver eigi jólasveininn.

Ég hef heldur aldrei heyrt að nokkur Færeyingur hafi reynt að selja norðurljósin eins og skáldið Einar Benediktsson, sem bauð þau til kaups í London fyrir hundrað árum og ekki óviðeigandi að rifja upp nú þegar íslenskir kaupsýslumenn fara um heiminn eins og víkingar með greiðslukort.“

karen@frettabladid.is

### ÚR BRÉFUM TIL DIMMALÆTTNING

■ Þakka ykkur fyrir hjálpina, kæru nágrannar í Færeyjum (og fyrir Eivör!)

■ Það er ómetanlegt fyrir mig sem Íslending að finna hlýjan vinarhug ykkar í Færeyjum og taka á móti höfðinglegri hjálp ykkar til okkar í þeim miklu erfiðleikum sem eru á Íslandi núna. Það eykur styrk okkar og bjartsýni að vita af svo góðum vinum í raun. INNILEGAR ÞAKKIR!

■ Bestu þakkir fyrir drengskap í garð íslensku þjóðarinnar. Slíku bræðraþeli munu Íslendingar seint gleyma

■ Enn einu sinni sýna Færeyingar velvilja sinn í garð Íslendinga. Þjóð, sem á slíka vini, er vel stödd! Guð blessi Færeyinga

■ Sendum vinum okkar Færeyingum okkar bestu þakkir. Þið standið alltaf framar en við Íslendingar

■ Sendi mínar bestu þakkir fyrir fjárhagsaðstoð ykkar til Íslendinga þegar þessir erfiðleikar steðja að

Bestu þakkir fyrir einstakan vinarhug og rausnarskap í garð Íslendinga á tímum mikilla erfiðleika hjá íslenskri þjóð

■ Þið eruð vinir í raun. Bestu þakkir fyrir ykkar hjálp í efnahagsvanda okkar Íslendinga. Við hefðum auðvitað ekki átt að sofna á verðinum í okkar málum en gerðum það samt, því miður

■ Mínar bestu þakkir fyrir að vilja hjálpa okkur að rétta við efnahag okkar Íslendinga. Það er gott að eiga góða vini, frændur og nágranna

■ Þið eruð flottastir

■ Færeyingar. Þið eruð sannkallaðir vinir. Takk fyrir að vera með okkur í blíðu og stríðu, eins og góðri stórfjölskyldu sæmir.



Haldi Reykjavíkurflugvelli í skefjum:

# Flugskóli fái ekki að leigja utan vallar

**SKIPULAGSMÁL** Skeljungur má ekki leigja skemmu utan við suðurenda Reykjavíkurflugvallar til Flugskóla Íslands. Framkvæmdasvið borgarinnar mælti með því að leyft yrði að gera samning um leigu til fjögurra ára en embætti skipulagsfulltrúa telur frekari útvíkkun flugvallarins í andstöðu við gildandi skipulagsáætlanir. Þær geri meðal annars ráð fyrir íbúðum á svæðinu. Reykjavíkurborg keypti stóran hluta eigna Skeljungs á þessu svæði fyrir meira en áratug og var þá gert að skilyrði að umrædd skemma yrði fjarlægð fyrir árslok 2006. - gar



**VIÐ REYKJAVÍKURFLUGVÖLL** Skeljungur á gráu skemmuna fjær á myndinni.

Blikur á lofti íslensks vinnumarkaðar:

# Uppsagnir í vændum

**EFNAHAGSMÁL** „Við gerum ráð fyrir að hægja reksturinn markvisst niður með hefðbundnum aðferðum þar sem horft verður á alla þætti, meðal annars fjölda starfsfólks,“ segir Bergsteinn Einarsson, framkvæmdastjóri röraverksmiðjunnar Sets.

Hann segir samdrátt í byggingariðnaði koma illa niður á fyrirtækinu og sem dæmi segir hann að síðastliðið sumar hafi um sextíu manns starfað hjá fyrirtækinu en á næsta ári muni þeim fækka niður í fjörutíu. Þegar mest var að gera hjá fyrirtækinu um mitt síðastliðið ár störfuðu þar 72.

Hann segir efnahagsástand þjóðarinnar síðan bæta gráu ofan á svart. „Það hefur lengi verið óhagkvæmt og dýrt að stunda nýsköpun og fjárfestingar í iðnaði á Íslandi en nú verður það vonlaust,“ segir hann.

„Vonandi tekst okkur að fá gjaldeyri til að greiða viðskiptaskuldir vegna hráefnakaupa erlendis, en það hefur heldur verið að leysast úr þeim málum á síðustu dögum. Lánstraust okkar og ábyrgðir eru hins vegar að falla niður víðast hvar í Evrópu, þaðan sem við kaupum öll okkar aðföng. Það er óskemmtilegt að færa upp gengismun af skuldbindingum okkar og lánum og ég sé nú eiginlega ekki annað en að rekstrargrundvöllur margra fyrirtækja sé brostinn.“ - jse



**BERGSTEINN EINARSSON**






Leiðtogi Norður-Kóreu:

# Sagður stjórna frá sjúkrabeði

**NORÐUR-KÓREA, AP** Kim Jong Il, leiðtogi Norður-Kóreu, er sagður hafa verið lagður aftur inn á sjúkrahús eftir að heilsu hans hrakaði á ný. Hann er talinn hafa fengið heilablóðfall í ágúst, en stjórnar landinu nú frá sjúkrabeði.

Þetta fullyrðir leyniþjónustan í Suður-Kóreu, sem reynir að fá fréttir af Kim þótt stjórnvöld í Norður-Kóreu neiti sem fyrr að láta nokkuð uppi um heilsufar leiðtogans.



KIM JONG IL

Taro Aso, forsætisráðherra Japans, segist einnig hafa heimildir fyrir því að Kim sé enn á sjúkrahúsi.

„Ástand hans er ekki mjög gott, en ég held þó að hann sé ekki alveg ófær um að gefa skipanir,“ segir Aso.

- gb

Lík fundust í Moskvu:

# Tveir jesúítaprestar myrtir

**RÚSSLAND, AP** Tveir jesúítaprestar voru nýverið myrtir í Moskvu og fundust lík þeirra á þriðjudag í íbúð þeirra, sem er skammt frá höfuðstöðvum lögreglunnar.

Málið er í rannsókn og lítið vitað um tildrög morðanna. Þó þykir ljóst að þeir hafi verið myrtir með barefli. Ekki er vitað til þess að þeim hafi borist neinar hótanir.

Kaþólsku prestarnir hétu Otto Mesmer og Victor Betancourt og svo virðist sem Betancourt hafi verið myrtur í lok síðustu viku, því hann mætti ekki til messu á sunnudag, þar sem hans var vænst.

- gb



**ALEXEI II OG ANDRÉ VINGT-TROIS** Patríarki rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar í Moskvu vottaði kardinála frá Frakklandi samúð sína.

NORDICPHOTOS/AFP




**Hlúðu vel að starfsfólkinu þínu.**

Dagbók með nafnagyllingu er falleg, vönduð og persónuleg gjöf á góðu verði.

Leitaðu til okkar með verðtilboð.

Við tökum vel á móti þér.

sala@a4.is + www.a4.is
Sími: 515 5100

A4


**FRÉTTASKÝRING:** Forsetakosningar í Bandaríkjunum

## MEÐALTAL SKOÐANAKANNANA
(Í einstökum ríkjum)

**Obama/Biden 311** — **McCain/Palin 157**

- Öruggt forskot – 259 kjörmenn
- Naumt forskot – 52 kjörmenn
- Öruggt forskot 127 – kjörmenn
- Naumt forskot 30 – kjörmenn
- Munur á frambjóðendum innan við 3,5% – 70 kjörmenn




HEIMILD: REALCLEARPOLITICS.COM

**Útkoma ef niðurstaða verður í samræmi við síðustu kannanir**




**Niðurstöður kosninga 2004**




# Líkur á stórsigri Obama

**Eftir helgi munu Bandaríkjamenn ganga til sögulegra kosninga því allt virðist stefna í að sigurvegarinn verði Barack Obama, fyrsti svarti maðurinn sem kjörinn er forseti Bandaríkjanna.**

Þótt stutt sé til kosninga getur enn allt gerst, og því vitaskuld rangt að afskrifa John McCain. Reyndar segir sagan að frambjóðendum, sem eru álíka mikið undir og McCain er nú, þetta stuttu fyrir kosningar, tekst ekki að snúa taflinu við. Undantekningin sem sannar regluna er Ronald Reagan, og það eru líklega allir stjórnmálaskýrendur sammála um að McCain er enginn Reagan.

**Obama með afgerandi forskot**

Ef litið er á meðaltal skoðanakannana sést að síðan ljóst var orðið að Obama hefði borið sigurorð af Hillary Clinton í prófkjöri demókrata í byrjun maí hefur hann haft nokkuð afgerandi forskot á McCain á landsvísu. Eins og línuritið hér að neðan sýnir hefur forskotið verið um og yfir eitt prósentustig, ef undan eru skildir um tíu dagar í kringum landsfund repúblikana. Þótt munurinn hafi minnkað aftur lítillega á síðustu dögum er hann þó enn vel yfir skekkjumörkum í flestum könnunum.

En nú er það svo í bandarískum stjórnmálum að fylgi frambjóðenda á landsvísu skiptir sáralitlu máli, nema að því leyti sem það er vísbending um fylgi þeirra í einstökum ríkjum þar sem úrslit kosninganna eru ráðin. Hér ráða fáein „barátturíki“ úrslitum, því í flestum ríkjunum er annar hvor flokkurinn með það öruggt forskot að þau eru „með“ í spilinu.

Að þessu sinni virðist vígstaða demókrata óvenju sterk. Obama hefur að meðaltali 10-20 prósentustiga forskot í öllum ríkjum sem kusu Kerry 2004, og ef Obama heldur í þessi ríki þarf hann ekki að bæta við sig nema 18 kjörmönnum. Kosningaskrifstofa McCain hefur þegar svo gott sem játað að McCain muni tapa í Nevada, Nýju-Mexíkó og Iowa, sem hafa 17 kjörmenn. Þá telja stjórnmálaskýrendur að Obama sé öruggur um sigur í Virginíu og Colorado. McCain hefur því lagt alla áherslu á að koma í veg fyrir að Obama nái sigrí í öðrum barátturíkjum sem Bush vann 2004, en að auki ætlar hann sér sigur í Pennsylvaníu, þar sem Obama mælist með um 10 prósentustiga forskot. Með því móti gæti McCain náð 277 kjörmönnum og tryggt sér sigur.

Það er hins vegar talið mjög ólíklegt að McCain að ná þessu marki. NBC-sjónvarpsstöðin spáir því nú að Obama hafi öruggt forskot í ríkjum sem telja 286 kjörmenn og tölfræðilíkön sýna að það eru aðeins 3,8 prósenta líkur á að McCain nái að sigra á þriðjudag. Samkvæmt sömu athugunum eru 41,2 prósenta líkur á yfirburðasigri Obama, fái 375 kjörmenn á móti 163 kjörmönnum McCain.

**„Rauð“ ríki kjósa nú Obama**

Í töflunni hér til hliðar má sjá þau sextán ríki sem talið er að flokkast megi sem „barátturíki.“ Í töflunni er borinn saman munurinn á fylgi Obama og McCain samkvæmt meðaltali síðustu kannana í viðkomandi ríkjum, og munurinn á fylgi George Bush og John Kerry í kosningunum 2004.

Af þessum tölum má vera ljóst að Obama virðist vera með mjög sterka stöðu í flestum barátturíkjunum. Fylgisaukning demókrata er óumdeilanlega sláandi, enda hafa stjórnmálaskýrendur vestanhafs talað um að Obama hafi „endurteiknað kortið“ þegar kemur að forsetakosningum. Ríki sem hafa verið „rauð“ í áratugi virðast nú vera orðin „blá“ – en í bandarískum stjórnmálum eru repúblikanar ætíð auðkenndir með rauðum lit og demókratar bláum.

**Hvað skýrir forskot Obama?**

Sumir stjórnmálaskýrendur hafa skýrt slakt gengi McCain að undanförnu með fjármálakreppunni.

## „BARÁTTURÍKIN“ 2008

*Munurinn á frambjóðendum*

**„Rauð“ barátturíki**
*Innan sviga, forskot Bush 2004*

| | | |
|---|---|---|
| Colorado (+4.7) | Obama | +6,2 |
| Flórída (+5.0) | Obama | +2,7 |
| Indiana (+20,7) | Obama | +1,4 |
| Iowa (+0.7) | Obama | +11,4 |
| Missouri (+7.2) | Obama | +0,6 |
| N. Karólína (+12,4) | Obama | +1,3 |
| Nevada (+2.6) | Obama | +3,5 |
| New Mexico (+0.7) | Obama | +8,4 |
| Ohio (+2.1) | Obama | +6,3 |
| Virginía (+8,2) | Obama | +7,4 |
| V. Virginia (+12.9) | McCain | +8,0 |

**„Blá“ barátturíki**
*Innan sviga, forskot Kerry 2004*

| | | |
|---|---|---|
| Michigan (+3.4) | Obama | +17,0 |
| Minnesota (+3.5) | Obama | +11,3 |
| New Hampshire (+1.3) | Obama | +7,7 |
| Pennsylvanía (+2.5) | Obama | +10,8 |
| Wisconsin (+0.4) | Obama | +10,6 |

Kreppan hafi flutt utanríkismálin og „stríðið gegn hryðjuverkum“ aftar í forgangsröðina í huga kjósenda, en þau mál hafa löngum verið sterkasta vígi repúblikana og þó sérstaklega McCain.

Hið sanna er þó líklega að það hafi verið viðbrögð McCain við fjármálakreppunni sem hafi grafið undan fylgi hans, en þau hafa verið bæði fálmkennd og ómarkviss. McCain hefur gefið út þversagnakenndar yfirlýsingar um ástand efnahagsmála og flestum þótti loforði hans um að gera hlé á forsetaframboðinu til að taka þátt í samningaviðræðum þingsins um 700 milljarða dala björgunarpakka stjórnvalda bera vott um sýndarmennsku.

Í nýjustu könnun CBS-sjónvarpsstöðvarinnar kemur enda fram að 49 prósent kjósenda bera nú mikið traust til getu Obama til að taka réttar ákvarðanir á ögurstundu, meðan 46 prósent bera sama traust til McCain. Þessar tölur eru mikið áfall fyrir McCain, því í sumar hafði hann mikið forskot á Obama þegar kjósendur voru spurðir að því hvorum frambjóðandanum þeir treystu betur til að taka afdrifaríkar ákvarðanir undir óvæntu álagi.

Þá hafa margir bent á að val McCain á Söru Palin sem varaforsetaefni sínu hafi síst orðið til að auka tiltrú almennings á dómgreind hans. Ákvörðun Colins Powell að lýsa yfir stuðningi við Obama var að sögn meðal annars byggð á vali McCain á Palin, og í könnun ABC-sjónvarpsstöðvarinnar segja 52 prósent kjósenda að valið á Palin hafi rýrt tiltrú þeirra á McCain. Það lítur því út fyrir að fylgisaukning sú sem McCain fékk út á Palin, í kringum landsfundinn, hafi verið skammgóður vermir.

## MEÐALTAL SKOÐANAKANNANA Á LANDSVÍSU




heimild: realclearpolitics.com



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS SVEINN HELGASON
msh@markadurinn.is


NÓATÚN
TILBOÐ
Hakkveisla
Ódýrt og fljótlegt!
Úr kjötborði
Ungnautahakk
798 kr./kg
Verð áður 1.398
Úr kjötborði
Kindahakk
698 kr./kg
Verð áður 899
Úr kjötborði
Ungnauta-glóðaborgari 120 g
149 kr./stk
Nóatún mælir með
Nóatúns kjúklingaskip 2 teg.
1.189 kr./kg
Verð áður 1.698
30% afsláttur
Úr kjötborði
Nóatúns ítalskar hakkbollur
998 kr./kg
Verð áður 1.594
Kea skyrdrykkur
129 kr./stk
Skyr DRYKKUR
20% afsláttur
Grand italian vörur
Grand Italia
RAVIOLI MEZZALUNE
RICOTTA
CARBONARA
SPAGHETTI
Cocoa Puffs 465g
359 kr./pk.
Cocoa Puffs
great Chocolatey taste!
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl
EXPO - www.expo.is
www noatun.is
Léttir þér lífið!
NÓATÚN

© Inter IKEA Systems B.V. 2008



**395,-/stk.**

**KALLT gjafapappír**
B0,7xL2m. Glansandi. Ýmis mynstur



**KALLT aðventuljós 995,-/stk.**
7 arma. B33xH13cm. Ýmsir litir.



**KALLT kubbakerti 450,-/stk.**
Ø12cm. Sporöskjulagað. Ýmsir litir



**KALLT skrautsett 795,-/48 í pk.**
Ýmsar tegundir, ýmsir litir



**KALLT kort & umlög 695,-/20 í pk.**
B11,5xL11,5cm. Ýmis mynstur, ýmsir litir



**KALLT ljósaseríur 695,-/stk.**
m/10 stjörnum, rafhlöðuknúið. Ýmsir litir



**KALLT borðlýsing 795,-/4 í pk.**
Rafhlöðuknúið. Ýmsir litir



# 495,-/parið

**KALLT inniskór.** Ein stærð, ýmsir litir



**KALLT lugtir f/kubbakerti 2.690,-/stk.**
H41cm. Ýmsir litir



**KALLT kubbakerti 795,-/4 í pk.** Ø7cm. Ýmsir litir



**395,-**

**KALLT barnasvunta**
L60xB44cm. Hvítt/grátt



**KALLT skrautfuglar 495,-/4 í pk.**
B8,5cm. Ýmsir litir



**KALLT borðar 395,-/stk.**
L30m. Ýmsir litir



**KALLT hjartapúði 1.290,-**
B40xL40cm. Ýmsir litir



**KALLT skrautdropar 995,-/4 í pk.**
Gler, ýmsir litir



**KALLT inniseríur 395,-/stk.**
10 perur rafhlöðuknúið/ýmsir litir



**KALLT rafmagnsskraut 3.490,-**
Ø37cm. Utan-/ innandyra. Ýmsir litir

# Jólin
# þín byrja í IKEA



KALLT **skrautkúlur 1.290,-/2 í pk.**
Ø15cm. Ýmsir litir



**995,-/4 í pk.**
**KALLT skrautkerti epli** Ø8, H7cm. Rautt



**KALLT löber 895,-**
B40xL140cm. Blátt/hvítt



**KALLT ilmkerti 395,-**
H8cm. Hvítt



**KALLT skrautkerti m/bakka 795,-/stk.**
H12cm. Hjarta, ýmsir litir.



**KALLT skrauthjörtu 995,-/6 í pk.**
Hjarta, gler. Ýmsir litir



**KALLT gjafapokar 495,-/3 í pk.**
Ýmsir litir. Inniheldur: 1 stk. H31x B26cm. 1 stk. H32xB12cm. og 1 stk. H18x11cm. Pappír fylgir með.



**KALLT borðskraut 295,-/stk.**
L14cm. Rafhlöðuknúið/stjarna



**750,-/4 í pk.**
**KALLT skrauthjörtu**
L13cm. Silfurlitað



**KALLT skrautpakkar 295,-/9 í pk.** H5cm. Ýmsir litir



**KALLT skrautfuglar 995,-/4 í pk.**
Gler/antíkáferð



**KALLT skrautegg 550,-/4 í pk.**
H6,5cm. Blátt



**KALLT merkimiðar 395,-/36 í pk.**
L9-12cm. Ýmsir litir



**KALLT servíettur 395,-/50 í pk.**
B33xL33cm. Ýmis mynstur. Ýmsir litir.



**KALLT skrautkúlur 750,-/6 í pk.**
Ø7cm. Röndótt, ýmsir litir

IKEA®

Opið 11-20 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 19:30
**www.IKEA.is**

## Útgjöldin

> Sokkabuxur á konur. Verðlag í ágústmánuði hvers árs.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** ÆJA LISTAKONA

## *Aldrei farið í gyllta, rándýra kjólinn*



„Verstu kaupin er gylltur kjóll sem ég keypti í Þremur hæðum og hann var rándýr," segir Þórey Bergljót Magnúsdóttir listakona, eða Æja, sem segist aldrei hafa farið í þennan fína kjól, þrátt fyrir að hafa mátað hann tíu sinnum. Eftir allt saman fannst henni kjóllinn aðeins of skrautlegur í sínum gyllta lit til að ganga í honum. „Hann hangir enn inni í skáp og það eru fáir sem hafa fengið að sjá hann en kannski maður fari að ganga í honum núna, svona til að lífga upp á skammdegið," segir Æja, en ekki veitir af að finna eitthvað glaðlegt og líflegt þegar dagana tekur að stytta og minna sést til sólar. „Ég hef verið að kíkja á hann og athuga hvort ég geti ekki gert eitthvað við hann."

Bestu kaupin segir Æja að séu stígvélin sem hún var í einmitt þegar viðtalið var tekið. „Þetta eru stígvél sem ég keypti fyrir fjórum árum og þarf að fara og láta sóla í fjórða skiptið," segir Æja. Hún segir að skórnir séu nokkuð grófir að sjá: „Ég er svolítið eins og hermaður í þeim." En þeir hafa þó fengið að fylgja henni víða, bæði innanlands og utan, hvort sem er í hita eða kulda, við að skemmta sér eða bara dags daglega. Hvert sem tilefnið er bregðast skórnir aldrei.

## GÓÐ HÚSRÁÐ:
### OSTUR Í SNEIÐUM

■ *Ómar Eyþórsson útvarpsmaður á X-977 kann einfalt sparnaðarráð sem hefur reynst honum vel í gegnum tíðina.*



„Það er sniðugt að kaupa ost í sneiðum því annars lendir restin af oststykkinu alltaf í klessu," segir Ómar þegar hann er beðinn um að nefna gott húsráð en eins og flestir hafa fengið að kynnast þá er ostur fremur dýrt góðgæti og leiðinlegt að henda hluta af honum og vont fyrir budduna.

„Ég hef örugglega hent hálfu tonni af osti áður en ég uppgötvaði sneiðarnar. Svo eru þær bara svo þykkar og góðar," segir Ómar en nefnir einnig að það að þiggja matarboð bjóði ekki aðeins upp á fínan og upplífgandi félagsskap heldur líka lægri matarreikning.

vera



kvenfataverslun
Laugavegi 49

■ **Neytendur**

## Námskeið í fjármálum og neytendarétti



Neytendasamtökin bjóða í dag upp á námskeið í heimilisbókhaldi og neytendarétti. Um er að ræða kennslu í heimilisbókhaldi og áætlanagerð auk þess sem farið verður yfir réttindi og skyldur neytenda. Námskeiðið er ætlað öllum sem vilja hafa góða yfirsýn yfir fjármálin og auka neytendavitund sína, en heimilisbókhald það sem notað verður er aðgengilegt á heimasíðu Neytendasamtakanna.

Námskeiðið verður haldið í dag klukkan 18.30 til 21 og mánudaginn 17. nóvember, á sama tíma. Ókeypis er fyrir félagsmenn Neytendasamtakanna en utanfélagsmenn greiða 4.000 krónur.

# Stýrivaxtahækkun hefur bein áhrif á yfirdrátt

**Stýrivaxtahækkun Seðlabankans hefur bein áhrif á íslensk heimili. Áhrifin eru augljós á skammtímalán, verðtryggð lán og yfirdráttarvexti en minni á íbúðarlán þar sem í flestum tilfellum bera slík lán fasta vexti. Um áramótin er búist við hækkun dráttarvaxta.**

„Hækkun stýrivaxta Seðlabankans hefur bein áhrif á yfirdráttarvextina," segir Henný Hinz, hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands. Hún segir að vaxtahækkunin muni einnig fljótlega hafa bein áhrif á önnur óverðtryggð skammtímalán eins og til dæmis raðgreiðslur. Þetta komi til þar sem bankar og sparisjóðir geti að vild breytt vaxtatöflum sínum fyrir þess háttar lán.

Henný segir flest íbúðalán bera fasta vexti svo líklega megi búast við að til skamms tíma hafi stýrivaxtahækkunin lítil bein áhrif á afborganir þeirra.

„Svo getur stýrivaxtahækkunin skilað sér með óbeinni hætti á öðrum stöðum," segir Henný. Undirliggjandi áhrif hækkunarinnar séu til dæmis verðhækkanir hjá fyrirtækjum. „Hækkunin getur haft áhrif á fjármagnskostnað fyrirtækjanna og þá er hætta á að það skili sér að einhverju leyti út í verðlag," segir Henný.

Dráttarvextir eru nú 26,5 prósent en samkvæmt lögum má aðeins breyta dráttarvöxtum tvisvar á ári, um áramót og í júní. Miðað hefur verið við að dráttarvextir séu ellefu prósentustigum hærri en stýrivextir Seðlabankans. Ef stýrivextir verða enn 18 prósent í byrjun árs má búast við að dráttarvextir hækki í 29 prósent.



HENNÝ HINZ

Henný segir að gangi þetta eftir muni kostnaður heimilanna vegna vanskila augljóslega verða meiri en nú. Hún óttast að það aukist að fólk lendi í greiðsluerfiðleikum. Við bætist að líklegt sé að um áramótin fari uppsagnir að taka gildi og það auki enn á erfiðleika heimilanna.

**olav@frettabladid.is**

### MILLJARÐA HÆKKUN Á YFIRDRÆTTI

Allur gangur er á hversu mikið fólk er með í yfirdrátt. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum nam yfirdráttur íslenskra heimila alls 75,2 milljörðum króna í lok ágúst. Íslendingar greiða því um 16,5 milljarða í yfirdráttarvexti á ári. Ef vaxtahækkunin skilar sér að fullu í vexti yfirdráttarlána má búast við að greiðslur af yfirdráttarlánum hækki í 21 miljarð eða um 4,5 milljarða á ári. Hækkunin nemur því um 375 milljónum á mánuði eða um 1.600 krónum á mánuði á hvern íslending, átján ára og eldri.

### AUKINN KOSTNAÐUR VEGNA YFIRDRÁTTAR

Vextir af yfirdráttarlánum hjá Glitni voru 22 prósent 21. október síðastliðinn. Ef 6 prósenta stýrivaxtahækkun Seðlabankans skilar sér að fullu munu vextir af yfirdráttarlánum hækka úr 22 prósentum í 28 prósent á ársgrundvelli.

Fyrir breytingu kostar því yfirdráttur af einni milljón í eitt ár 220 þúsund krónur miðað við 22 prósent vexti. Eftir breytingu kostar sami yfirdráttur, 280 þúsund krónur. Kostnaðaraukning er því 60 þúsund á ári.





STÍGVÉL 21.900 KR

ILSE JACOBSEN • Hornbæk
Litlatúni 3 • Garðabær • 517 4806
www.ilsejacobsen.dk

**Neytendur:** Að fá tilfinningu fyrir peningum

## Þetta er einfalt: Leggðu kortinu



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Stundum er bara eins og peningarnir fuðri upp, sama hvað maður reynir að spara. Jón Sigurðsson komst að kjarna vandans og gerði ráðstafanir. Hann skrifar: *„Fyrir rúmlega ári ákvað ég að taka til í fjármálunum hjá mér. Ég var og er með þokkaleg laun en einhvern veginn hurfu þau alltaf. Ég hreinlega vissi ekki hvert peningarnir fóru. Eftir að ég var búinn að greiða reikningana (og þá sérstaklega Visa) var aldrei neitt eftir. Þá fékk ég það snilldarráð frá skyldmenni, vönum þjónustufulltrúa hjá sparisjóði úti á landi, að* ***hætta alveg að nota kortin****. Ekki bara kreditkortið heldur debetkortið líka, því hvers konar kortaviðskipti eyðileggja tilfinningu manns fyrir peningum. Ég ákveð hversu miklum peningi ég ætla að eyða, til dæmis í hverri viku, og tek hann út í bankanum. Kortin skil ég svo eftir læst niðri heima."*

Þessi aðgerð bar tilætlaðan árangur fyrir Jón – *„Það er svo miklu miklu erfiðara að rétta fram hvern fimm þúsund kall í peningum heldur en að rétta fram kortið. Ég fékk líka fljótt á tilfinninguna hvað hlutirnir kostuðu, hvar ég væri að eyða of miklu og velti því líka miklu frekar fyrir mér hvað hlutirnir kostuðu. Hver hefði trúað því að ég væri að eyða um 4.000 kalli á mánuði í ropvatn með bragðefni? Og það er svo sárt að rétta fram alla þessa þúsundkalla fyrir bensínið að ég er á gamals aldri farinn að taka strætó stöku sinnum til að spara smá. Ef fólk vill fá aftur tilfinningu fyrir peningnum – og ég ábyrgist að þegar maður fær tilfinningu fyrir peningnum sker maður ósjálfrátt á óþarfann – þá mæli ég með þessu."*



**ERFIÐARA AÐ EYÐA REIÐUFÉ EN ÚT Á KORT** Ef þú vilt fá tilfinningu fyrir peningum skaltu leggja kortinu.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
40% AFSLÁTTUR
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
598 kr./kg. MERKTVERÐ 998 KR./KG.
498
ALI FERSKUR SVÍNABÓGUR
498 kr./kg.
698
ALI REYKTUR SVÍNABÓGUR
698 kr./kg.
45% AFSLÁTTUR
MEÐ PÍRI-PÍRI KRYDDPOKA
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1869 kr./kg. MERKT VERÐ 3398 KR./KG.
30% AFSLÁTTUR
NAUTAVEISLU UNGNAUTASNITSEL
1498 kr./kg. MERKT VERÐ 2140 KR./KG.
30% AFSLÁTTUR
NAUTAVEILSU UNGNAUTAGÚLLAS
1498 kr./kg. MERKT VERÐ 2140 KR./KG.
498
NAUTAVEISLA NAUTAHAMBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI 498 kr.
NÝSLÁTRAÐ
683
KS LAMBABÓGUR FROSINN
683 kr./kg. MERKT VERÐ 759 KR./KG.
194
K.S LAMBASVIÐ
194 kr./kg.
98
BRAZZI APPELSÍNU & EPLA
1 ltr 98 kr.
498
PEPSI MAX 10 DÓSA KASSI
498 kr. KLÁRT Í KÆLINN
98
MYLLU FJÖLKORNABRAUÐ
HÁLFT 375g 98 kr.
798
HARÐFISKUR
798 kr.
PRÓTEINBOMBA.
198
BÓNUS SPELT PIZZADEIG
400g 198 kr boxið.
359
BÓNUS LÝSI
500 ML
359 kr.
Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
642 **+0,09%**

**Fjöldi viðskipta:** 34
**Velta:** 20 milljónir

MESTA HÆKKUN
**ÖSSUR** 1,17%

MESTA LÆKKUN
**EIK BANKI** 30,76%

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,80 +0,00% ... Atorka 0,60 +0,00% ... Bakkavör 5,00 +0,00% ... Eimskipafélagið 1,30 +0,00% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,37 +0,00% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 71,00 +0,14% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 86,30 +1,17%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Volkswagen stærst í heimi

Yfirtökutilraun Porsche á þýska bílaframleiðandanum Volkswagen þrýsti upp hlutabréfaverði Volkswagen sem varð, um tíma, dýrasta fyrirtæki í heimi, mælt í markaðsvirði. Þegar verð bréfanna fór hæst á þriðjudagsmorgun fór markaðsvirði félagsins upp í 370 milljarða evra. Dýrasta félag heims, Exxon Mobil, er metið á 343 milljarða.

Það sem þrýsti bréfunum enn hærra var misheppnað skortsöluáhlaup á bréf félagsins, en skortsalar taka að láni bréf og selja, með von um að verð bréfanna lækki. Ef verðið lækkar ekki verða skortsalarnir að kaupa bréfin aftur á opnum markaði, sem getur leitt til stórfelldrar, en mjög skammvinnrar, verðhækkunar.



### Dósamatur og skotvopn

Áður hefur verið frá því greint að bandarískir neytendur virðast byrgja sig upp af dósamat, því hlutabréf í Campbell Soup virðast vera furðulega ónæm fyrir kreppunni. Nú virðast Bandaríkjamenn búast við hinu versta, því tölur frá alríkislögreglunni sýna að skotvopnasala hefur aukist um nærri einn tíunda frá því í fyrra, sem þó var metár. Tvennt er talið ráða för: ótti við forsetakjör Baracks Obama, sem áhugamenn um skotvopn telja ávísun á herta vopnalöggjöf, og áhyggjur af efnahagsástandinu.



## Fengu frest í tvær vikur

**„Við höfum verið að vinna að lausn mála með fulltrúum erlendra lánardrottna,“ segir Agnar Hansson, forstjóri Sparisjóðabankans (áður Icebank). Hann segist bjartsýnn á að jákvæð lausn fáist í málinu.**

**Gengið var frá því í gær að bankinn fengi frest í hálfan mánuð til að leysa mál sín vegna kröfu Seðlabankans um að Sparisjóðabankinn aflaði viðbótarveða upp á sextíu milljarða króna.**

**Krafa Seðlabankans kom á borð Sparisjóðabankans í byrjun síðustu viku í kjölfar ríkisvæðingar viðskiptabankanna þriggja.** - jab

# Seðlabankinn aðili að samkomulagi við IMF

„Seðlabankinn er aðili að þessu samkomulagi,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra. Ekki sé gert samkomulag við Alþljóðagjaldeyrissjóðinn án þess að Seðlabankinn eigi þátt í málinu.

Skilja mátti á Seðlabankastjóra í fyrradag að sex prósenta vaxtahækkun, sem þá var tilkynnt um, væri til komin einvörðungu á grundvelli samkomulags ríkisstjórnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en fyrr í mánuðinum hafði bankinn lækkað stýrivextina umtalsvert. Röksemdir fyrir lækkuninni væru enn í gildi.

„Þetta er pólitísk ákvörðun í ríkisstjórninni að fara þessa leið,“ segir Ingibjörg Sólrún, „og Seðlabankinn er með í þessari ákvörðun, þannig að þetta er þríhliða ef svo má segja.“ Ingibjörg Sólrún segir að tímasetning vaxtahækkunarinnar og vaxtaprósentan verði í höndum Seðlabankans. „Við vissum ekkert hvenær þetta nákvæmlega yrði.“ - ikh



**Í RÆÐUSTÓL Á ALÞINGI** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra áréttar að stýrivaxtahækkunin á þriðjudag hafi verið þríhliða ákvörðun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Icelandair Group forðast uppsagnir

„Þrot Sterling snertir okkur lítið, þeir fljúga á öðrum leiðum en við,“ segir Birkir Hólm Guðnason, forstjóri Icelandair. Líklega muni norræna flugfélagið SAS hagnast meira á gjaldþrotinu en önnur félög. Hagur Icelandair liggi í þjónustu við SAS um flug og muni það líklega aukast. „Það gæti skilað sér í fleiri farþegum hjá okkur,“ segir hann.

Birkir bendir á að efnahagsástandið nú um stundir sé mörgum rekstrarfélögum erfitt víða um heim. Það hafi kallað á aðhald.

Icelandair hafi sagt upp 240 manns í sumar auk þess sem fimmtán manns hafi verið sagt upp í Bandaríkjunum fyrir skömmu. Störfin hafi verið flutt hingað en fólki ekki bætt við.

Þá vinnur Icelandair að frekari aðgerðum á næstu dögum. Þar á meðal hefur 61 flugfreyju og -þjóni ýmist verið boðið að fara í hlutastarf eða í launalaust orlof. „Þetta gerum við til að forðast uppsagnir í lengstu lög,“ segir Birkir. - jab




**EIN AF VÉLUM ICELANDAIR** Forstjóri Icelandair segir félagið draga úr rekstrarkostnaði, svo sem með því að flytja störf heim og breyta starfshlutfalli flugfreyja. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


föstudagur
fylgir Fréttablaðinu á morgun




Hrefna Rósa Jóhannsdóttir Sætran
Með gull í annarri og silfur í hinni




FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft – alla daga


# Sterling hrapar til jarðar

**Danska flugfélagið Sterling varð gjaldþrota í gærmorgun. Fyrrverandi eigandi Fons, félag í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, er stærsti kröfuhafinn í þrotabúið.**

„Það er ekki alltaf gaman að vera í viðskiptum. En þetta er ólýsanlega sárt,“ segir Pálmi Haraldsson, annar tveggja eigenda Fons, eignarhaldsfélagsins sem átti danska flugfélagið Sterling þar til í gærmorgun.

Pálmi hefur síðustu daga átt í viðræðum við tvo aðila um kaup á flugfélaginu. „Við vorum við það að loka dílnum klukkan tíu í gærkvöldi [í fyrrakvöld],“ segir hann. Klukkustund síðar kom í ljós að kaupendur, danskir fjárfestar og þarlendur sjóður, gátu ekki lagt fram viðunandi tryggingar fyrir kaupunum.

Þegar snurða hljóp á þráðinn hafi fátt annað verið í stöðunni en að fara til siglinga- og verslunarréttar Kaupmannahafnar og óska eftir gjaldþroti, að sögn Pálma.

Um 27 flugvélar flugu undir merkjum Sterling og starfsmenn voru 1.100 talsins. Um tíu prósent af farþegum Kastrup-flugvallar í Kaupmannahöfn flugu í fyrra með vélum félagsins. Starfsmenn þurfa nú að leita til Ábyrgðasjóðs launa en óvíst er hvort þeir missi störf sín. Þá fá flestir viðskiptavinir Sterling miða sína endurgreidda. Þeir sem verst fara út úr viðskiptum sínum við Sterling eru hins vegar þeir sem hafa skipulagt ferðir á vegum félagsins næstu daga, að sögn Pálma. Þúsundir voru strandaglópar víðs vegar um Evrópu í gær og unnu önnur flugfélög að því að hlaupa undir bagga. „Þetta er ofboðslega sárt fyrir alla.“

Hann segir árið hafa verið gríðarlega erfitt í flugrekstri víða um heim. Sterling hafi ekki verið undanskilið. „Þegar íslenska fjármálakreppan skall á hrundi salan. Samhliða því heimtuðu flestir birgjar staðgreiðslu og leigusalar fóru fram á meiri tryggingar. Þá var ljóst að þetta gekk ekki og unnið að því að selja Sterling eins fljótt og auðið var. Því miður náðist það ekki,“ segir hann og bendir á að undir það síðasta hafi þurft að greiða eldsneyti á vélar félagsins fyrirfram. Næsta vonlaust hafi verið að starfa við slíkar aðstæður.

Pálmi segir sérstaklega sárt að þetta skuli hafa verið niðurstaðan þar sem Sterling hafi verið skuldlaust. Fons hafi sett á annan tug milljarða króna inn í félagið upp á síðkastið og eigi stærstu kröfuna á þrotabúið. „Nú er fátt eftir annað en að sleikja sárin, taka sig saman í andlitinu og læra af reynslunni,“ segir hann.

Síðdegis í gær var tilkynnt að norska lággjaldaflugfélagið Norwegian Air Shuttle tæki yfir ellefu flugleiðir til og frá Kaupmannahöfn úr búi Sterling.

jonab@markadurinn.is



**PÁLMI HARALDSSON** Fyrrverandi eigandi danska flugfélagsins Sterling segir sárt til þess að hugsa hvernig fór fyrir félaginu. Eignarhaldsfélag hans á stærstu kröfuna í þrotabúið.

### ENGIN ÁHRIF Á ICELAND EXPRESS

„Gjaldþrot Sterling hefur engin áhrif á okkur,“ segir Matthías Imsland, framkvæmdastjóri Iceland Express. Hann bendir á að þótt Fons hafi átt bæði félögin séu engin tengsl á milli þeirra að nokkru leyti.

Matthías bendir á að Iceland Express geti aðlagast aðstæðum, hvort heldur sé góðum eða slæmum, með skömmum fyrirvara. Félagið leigi allar sínar vélar og hafi miðað rekstur og áætlunarflug við framboð og eftirspurn á hverjum tíma. Þá sé yfirbygging fyrirtækisins lítil og fastur rekstrarkostnaður lágur. Breytilegur kostnaður sé hins vegar hár en markvisst hafi verið dregið úr honum upp á síðkastið í samræmi við sviptingar í efnahagslífinu. - jab



**MATTHÍAS IMSLAND**

Margir starfsmenn Kaupþings með lán gegn veðum í verðlausum hlutabréfum

# Lánin á fimmta tug milljarða

Alls er áætlað að níutíu prósent starfsmanna Kaupþings hafi verið hluthafar í bankanum er hann komst í þrot. Hlutabréf þeirra eru nú verðlaus. Sex til sjö hundruð þessara starfsmanna höfðu tekið lán vegna hlutabréfakaupanna í samræmi við stefnu bankans um valréttarsamninga. Nemur upphæð þeirra lána nú á fimmta tug milljarða, þar af er stór hluti vegna valrétta nokkurra tuga æðstu stjórnenda bankans.

Heimildir Markaðarins herma að æðstu stjórnendur bankans hafi aldrei selt hlutabréf sín í honum og innleyst þannig hagnað. Innan bankans var litið svo á að kaup starfsmanna og lán til þeirra væru hluti af launakjörum til starfsmanna. Starfsmenn greiddu vegna nýtingar kaupréttar fullan tekjuskatt af hlutabréfum sem aldrei voru seld og eru nú verðlaus.

Samkvæmt heimildum Markaðarins vilja starfsmenn gamla Kaupþings nú semja um sín mál við stjórn Nýja Kaupþings, enda hafi verið litið svo á að valréttirnir væru hluti af kjörum starfsfólks og verið meðhöndlaðir sem slíkir af skattayfirvöldum.

Á aðalfundi Kaupþings hinn 27. mars 2004 var samþykkt tillaga um valrétt á hlutum til starfsmanna og stjórnenda bankans. Þar var staðfest að kaup- og söluréttir til starfsmanna geti á hverjum tíma numið í heild allt að 9 prósentum af útgefnum hlutum í bankanum. Á grundvelli þessa samþykkti stjórn bankans að veita lán til hlutafjárkaupa enda væri um langtímafjárfestingu að ræða í þeim tilgangi að gera bankanum kleift að geta haldið í og laðað til sín öfluga starfsmenn. Samkvæmt upplýsingum blaðsins samþykkti stjórnin enn fremur ári síðar að gera ráðstafanir til þess að draga úr persónulegri áhættu starfsmanna í þessum efnum.

Markaðurinn hefur heimildir fyrir því að tryggingastaða flestra starfsmanna á þessum tíma hafi verið afar sterk vegna mikillar verðhækkunar hlutanna. Flestir þessara starfsmanna höfðu keypt hluti í bankanum við skráningu hans sem höfðu hækkað verulega. Nýir starfsmenn fengu einnig að taka þátt í slíkum kaupum án þess að uppfylla strax skilyrði um tryggingaþekju.

- bih




## Clarins dagar í Hagkaup 30. okt. - 5. nóv.

**Við gefum þér fjögurra daga meðferð* fyrir þína húðtegund á Clarins dögum í Hagkaup.**

Vertu velkomin að þiggja faglega ráðgjöf svo húð þín njóti sín í vetur. Falleg gjöf fylgir þegar keypt er fyrir 5.900 eða meira*




*Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hlutverk fjölmiðla er að miðla upplýsingum.

## Fréttamat á óvissutímum

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Fjölmiðlar eru oft gagnrýndir fyrir að flytja fremur ótíðindi en fréttir af öllu því góða sem gerist í samfélaginu. Þetta er að mörgu leyti rétt því yfirleitt telst það fréttnæmara sem út af ber en hitt sem gengur sinn vanagang, jafnvel þótt eftirtektarvert sé og til eftirbreytni.

Í októbermánuði hafa fréttir af fjármálakreppunni verið fyrir-ferðarmiklar í íslenskum fjölmiðlum. Fjármálakreppan snertir enda líf okkar allra, ekki bara þessar vikur og mánuði heldur, ef að líkum lætur, um alllanga framtíð. Þá er ekki bara átt við framtíð okkar sem nú erum á dögum heldur barna okkar og barnabarna líka.

Aðstæður á Íslandi eru að mörgu leyti framandi um þessar mundir. Margar spurningar brenna á fólki og það leitar eftir svörum í fjölmiðlunum, sömuleiðis útskýringum á flóknum og oft á tíðum illskiljanlegum málum.

Það sjónarmið hefur heyrst að fjölmiðlar auki á vanlíðan fólks á erfiðum tímum með stanslausum fréttaflutningi af fjármálakreppunni. Ábyrgð fjölmiðla gagnvart almenningi hlýtur þó að felast í að flytja vandaðar og vel unnar fréttir, góðar og vondar, upplýsandi og skýrandi og einnig skemmtilegar.

Á erfiðum tímum eins og nú er enn mikilvægara en ella að ástunda ábyrga fréttastefnu. Vond frétt byggð á veikum grunni er betur ósögð því ef röng reynist getur hún í versta falli valdið miklum skaða. Einnig er mikilvægt að sýna yfirvegun í fréttaflutningi. Ástandið í samfélaginu er nógu slæmt þótt fjölmiðlar dragi ekki upp ýkta mynd og tilfinningaþrungna.

Helsti vandi fjölmiðla undanfarnar vikur hefur legið í því að erfiðleikum hefur verið bundið að fá upplýsingar frá ráðamönnum, þær hafa verið misvísandi og iðulega ekki staðist. Við þetta fá fjölmiðlar ekki ráðið. Hins vegar er það skylda þeirra að draga það fram þegar yfirlýsingar ráðamanna standast ekki. Með því eru þeir að sinna hlutverki sínu.

Ábyrgð fjölmiðla á erfiðum tímum liggur ekki í því að vilja hafa vit fyrir fólki í fréttamati sínu. Ábyrgð fjölmiðla liggur í því að miðla traustum, upplýsandi fréttum þar sem leitast er við að skýra út stöðu mála og veita upplýsingar. Það er besta leið fjölmiðla til að draga úr óvissu og vanlíðan almennings á erfiðum tímum.

Hlutverk fjölmiðla getur ekki verið að fegra þann veruleika sem við lifum í. Með slíku fréttamati væru þeir að bregðast trúnaði. Hins vegar hefur margt jákvætt og gleðilegt sprottið upp úr þeim sérkennilegu tímum sem nú standa. Fréttir af slíkum hlutum hafa ekki heldur orðið út undan heldur hafa fjölmiðlarnir verið nokkuð duglegir að miðla þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Múrbrot –**
**Róttæk samfélagsrýni fyrir byrjendur og lengra komna**

Ungt fólk beinir gagnrýnum augum að samtímanum. Gagnrýnin er hörð, en samt er þetta jákvæð bók því öfugt við þá sem tala bara um nútímann og framtíðina á þann hátt að hlutirnir geti ekki verið öðru vísi, þá fjallar þessi bók um það hvernig hlutirnir gætu verið, hvernig þeir ættu að vera.



Ritstjórar:
**Ármann Jakobsson**
**Finnur Dellsén**

Í vefritinu **Múrnum** birtust um 4 þúsund greinar. Í bókinni er úrval af þessu efni, greinar sem eiga enn brýnna erindi við okkur núna í ljósi efnahagskollsteypu heimsins.

ORMSTUNGA
Vandaðar bækur fyrir vandláta lesendur
sími 561 0055 • www.ormstunga.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Afsakið samtíninginn

Sigmundur Ernir Rúnarsson, sjónvarpsmaður og skáld, heldur úti skemmtilegri bloggsíðu á Vísi þar sem hann deilir hugðarefnum sínum með lesendum. Í gær velti Sigmundur Ernir til dæmis vöngum yfir hinni nýtilkomnu Facebook-menningu, og kemst að þeirri niðurstöðu að hún sé ekki fyrir sig. „Þessar nútíma-bréfaskriftir um innantómt snakk eru fráleitt mínar ær og kýr," segir skáldið. Er það svo? Eða blundar í Sigmundi sama hógværðin og í íslensku húsfreyjunum sem afsökuðu samtíninginn sama hvaða krásir voru bornar á borð?



### Ekki frægur

Grípum niður í nýlega bloggfærslu Grafarvogsskáldsins: „Ég er ekki frægur maður. Í besta falli lítillega landsþekktur. Það er altént ekki svo að nokkur maður snúi sig úr hálsliðnum þótt ég gangi fram hjá honum." Ekki er víst að dómur sögunnar geri jafnlítið úr framlagi Sigmundar Ernis til „nútímabréfaskrifta" og hann sjálfur.

### Ekki glysgjarn

Þingmenn voru hrærðir á Alþingi í gær yfir vinarþeli og rausnarskap Færeyinga og lýstu hver á fætur öðrum þakklæti í þeirra garð. Árni Johnsen gekk skrefinu lengra og gerði því skóna að skynsamlegt gæti verið fyrir Íslendinga að taka upp færeyska krónu, í stað þess að „góna á glimmerinn í Evrópusambandinu". Þetta er líklega í fyrsta sinn sem þingmaður leggur til að við bregðumst við smæð íslensku krónunnar með því að taka upp minni gjaldmiðil. Að hinu er líka að gá að færeyska krónan er bundin við þá dönsku, sem er aftur á móti beintengd við evru. Glimmerinn er því ekki jafnlangt undan og Árni telur.



bergsteinn@frettabladid.is

## Síðustu forvöð: Bókin



ÞORVALDUR GYLFASON
**Í DAG** | Ísland og Færeyjar

Ég birti fjórða ritgerðasafnið mitt Síðustu forvöð 1995. Þar er endurprentuð ritgerð mín um fjárhagshrun Færeyja frá árinu áður. Kveikjan að ritgerðinni var skínandi góð bók Eðvarðs T. Jónssonar fréttamanns, Hlutskipti Færeyja (1994), þar sem hann lýsir Færeyjum eins og skrípamynd af Íslandi. Ritgerðin mín hefst á þessum orðum: „Hrun færeysks efnahagslífs er trúlega einn mesti harmleikur í Vestur-Evrópu á síðari helmingi þessarar aldar. Sjálfstæð þjóð með eigin menningu, sögu og tungu hefur farið svo herfilega að ráði sínu, að við henni virðist nú blasa annaðhvort sjálfstæðissvipting ellegar mun meiri fólksflótti úr eyjunum en orðinn er og skuldabasl langt fram á næstu öld, jafnvel almenn fátækt. Þess eru engin dæmi úr Evrópusögu síðustu áratuga, að frjáls og næstum fullvalda þjóða hafi kallað þvílíka niðurlægingu yfir sjálfa sig. Landsframleiðsla Færeyinga hefur fallið um meira en þriðjung síðan 1989. Á þennan kvarða er efnahagshrun Færeyja svipað umfangs og hrun Sovétríkjanna sálugu á sama tíma."

### Fúnir innviðir

Þessum upphafsorðum fylgir síðan löng lýsing, innblásin af bók Eðvarðs T. Jónssonar og öðrum heimildum, á þeim fúnu innviðum, sem felldu Færeyjar. Ég segi: „Efnahagshrun Færeyja þarf að skoða ekki aðeins í sögulegu samhengi, heldur einnig í samhengi við eðli og innviði þjóðfélagsins. Eðvarð T. Jónsson segir ýmsar sögur af undirferli, spillingu og græðgi ýmissa helztu „máttarstólpa" þjóðfélagsins, manna, sem virtust hegða sér í samræmi við leikreglur samfélagsins, þótt lög væru bersýnilega brotin, en fáir virtust gera sér rellu út af því. Allir vissu allt um alla í svo litlu landi. Enginn getur þótzt ekki hafa vitað, hvernig ástandið var í raun og veru." Síðan er brestunum lýst einum af öðrum: kjördæmaskipan, sem var gróðrarstía hrepparígs á hæsta stigi; ofurvaldi útvegsmanna, sem mærðu frjálsa samkeppni og nærðust á styrkjum; ábyrgðarleysi í stjórnmálum, sem lýsti sér meðal annars í því, að ekki var heil brú í efnahags- eða sjávarútvegsstefnu nokkurs af stjórnmálaflokkunum.

### Hvar voru þeir?

Ég spyr í ritgerðinni: „Er eintómri fáfræði um að kenna? Um það segir Eðvarð T. Jónsson: „Efnahagskerfið var fársjúkt, en sjúklingurinn lá í sælli vímu og vissi ekki að neitt alvarlegt amaði að sér fyrr en hann var nánast í andarslitrunum."" ... Ég held áfram: „En læknarnir þá? Hvar voru þeir? – það er að segja hagfræðingarnir. Það er skemmst frá því að segja, að það munu vera tólf hagfræðingar í Færeyjum, þar af níu flokksbundnir. Hinir þrír reyndu að vara almenning og stjórnvöld við efnahagsþróuninni, en þeir voru æptir niður." Í þessari fjórtán ára gömlu ritgerð minni standa einnig þessi orð: „Færeyingar mega þakka sínum sæla fyrir að eiga ekki fullburða seðlabankastofnun, eina með öllu, því að ætli Atli Dam hefði þá ekki verið skipaður seðlabankastjóri?" Atli Dam lögmaður var einmitt höfuðarkitektinn að hruni Færeyja.

### Afglöp og ofríki

Ritgerðinni lýkur svo: „Færeyingum hefur ekki tekizt að búa svo um hnútana í sínu samfélagi, að venjulegt fólk njóti verndar gagnvart afglöpum og ofríki stjórnvalda og sérhagsmunahópa. Saga Færeyja er eins og saga Íslands langt aftur í aldir öðrum þræði saga harðsvíraðra hagsmunahópa, sem mökuðu krókinn á kostnað almennings, fyrst í skjóli almenns sinnuleysis, hjátrúar og fáfræði og síðan í krafti ófullnægjandi löggjafar, leikreglna og stjórnskipanar. Siðferðisþroska þjóðfélags má að miklu leyta ráða af því, hversu vel þegnarnir eru verndaðir hver fyrir öðrum í lögum og leikreglum samfélagsins. Efnahagurinn hlýtur að draga dám af siðferðisþroskanum, þegar öllu er á botninn hvolft."

Hremmingum Færeyja lyktaði svo, að Danir lánuðu færeysku landsstjórninni einn milljarð Bandaríkjadala. Það gerir 3,7 milljónir íslenzkra króna á hvert mannsbarn í Færeyjum á verðlagi dagsins í dag. Færeyingar greiddu Dönum skuldina með vöxtum á innan við tíu árum. Kreppan stóð skemur en í tíu ár einnig í þeim skilningi, að 2001 náði landsframleiðsla á mann í Færeyjum fyrra hámarki frá 1993. Aðeins um helmingur fólksins, sem flúði eyjarnar, sneri þó aftur. Færeyingar ættu nú að vera 54 þúsund miðað við fólksfjölgun fyrri ára, en þeir eru nú 49 þúsund.

## Ómarktækir fjölmiðlar

UMRÆÐAN
Bjarni Harðarson skrifar um fjölmiðla



BJARNI HARÐARSON

Almenningur krefst uppgjörs við kreppuna og það uppgjör mun fara fram, jafnt við stjórnmálamenn, eftirlitsaðila og athafnamenn. Fjölmiðlarnir, svokallað fjórða vald samfélagsins, munu ekki fara varhluta af þessari umræðu og ábyrgð þess er mikil. Frá því gömlu flokksblöðin dóu drottni sínum á síðustu öld hefur ægivald peningavaldsins á fjölmiðlum farið hratt vaxandi.

Stríð auðmagnsins við lýðræðislega kjörin stjórnvöld og þingræðið nær nú nýjum hæðum. Fjölmörg okkar sem höfðum efasemdir um fjölmiðlafrumvarpið sáluga hljótum nú að harma fljótfærni í því máli. Smátt og smátt hefur stríð stórlaxanna við þjóðkjörna fulltrúa snúist yfir í stríð þeirra fyrrnefndu gegn fullveldi þjóðarinnar. Ritstjórar beggja stærstu dagblaðanna og fjölmargir aðrir axlaskúfar blaðamannastéttarinnar eru miklu mun handgengnari útrásarvíkingum þessa lands en stjórnmálaforingjar landsins. Og þeir þiggja allir laun frá sömu öflum og hafa nú komið landinu á kaldan klaka. Og starfa við að tala máli þeirra.

Það er því nöturlegt að fylgjast með Morgunblaði, Fréttablaði og Viðskiptablaði sem eru í eigu Samsons, Baugs og Exista í endalausum og grímulausum áróðri þar sem birtar eru daglegar fréttaskýringar og úttektir sem allar miða að því að rökstyðja að Ísland væri mun betur komið í ESB. Tvær í dag, föstudaginn 25. október. Og viðmælendurnir eru valdir hagfræðingar sem flestir mærðu útrásina. En þetta eru fjölmiðlar og afl þeirra er mikið. Það er því harla ójafn leikur sem þjóðin og við fullveldissinnar hennar stöndum frammi fyrir. Ég gef ekki mikið fyrir þó svo að skrifaður sé einn og einn leiðari með kurteislegri gagnrýni á eigendurna.

Annað dæmi um þetta eru bein afskipti fjölmiðla eins og 365 af innanhússmálum í bæði Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki þar sem sífellt er reynt að gera alla sem ekki eru ESB-sinnar tortryggilega og hinum óspart hampað.

Líklega hefur ekkert skaðað þjóðina eins mikið og fjórfrelsi ESB sem hingað barst með EES-samningnum. Í höndum hinna íslensku útrásarvíkina varð það grundvöllur þess að gera skuldaviðurkenningar að helstu útflutningsvöru þjóðarinnar. Viljum við virkilega trúa málpípum þessara manna.

*Höfundur er alþingismaður og starfaði í aldarfjórðung við blaðamennsku.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Opið bréf til Þorsteins Pálssonar

**UMRÆÐAN**
Víglundur Þorsteinsson skrifar um krónu og evru


VÍGLUNDUR ÞORSTEINSSON

Sæll, Þorsteinn.

Mér datt í hug að senda þér gerðina um evruna og ESCB-samstarfið og útlistunina á ECB, Seðlabanka Evrópu, til skoðunar. Mér sýnist öll íslensk umræða um evru og þá björgun sem í henni væri fólgin á miklum villuslóðum. Það er ljóst að myntsamstarfið grundvallast á sjálfstæðum seðlabönkum ESCB sem halda hver um sig á sínum gjaldeyrisforða en ECB er lítið annað en samræmingarvettvangur og eins konar þjóðhagsstofnun.

Allir sem vilja sjá og heyra vita að á leiðtogafundinum í París 4. okt. sl. hafnaði Merkel samstöðu og lýsti því afdráttarlaust yfir að gjaldeyrisvarasjóður Bundesbank væri til að bjarga þýskum og engum öðrum. Á fundi í Lúxemborg 7. október og í París 12. október voru gerðar endurnýjaðar tilraunir til sameiginlegrar stefnumótunar en án árangurs.

Staðreynd mála er einföld í Evrulandi í dag. Hver seðlabanki rær einn á báti. Þjóðverjar hafa hafnað sameiginlegri stefnu og ríkisstjórnir í Evrulandi hafa þurft að gefa út mismunandi ábyrgðir á spariinnstæðum frá einu landi til annars. Nokkuð sem að sjálfsögðu ógnar innbyrðis stöðu bankakerfanna í Evrulandi, en reynt er að láta líta svo út að allir séu vinir. Reynið að gera eins og ég, segir Angela, og þá heldur fólk kannski að við séum með eina stefnu.

Skrif og umfjöllun íslenskra fjölmiðla um þessi málefni eru hættulega fátæk og rýr. Þess verður að vænta að fjölmiðlar taki sig saman og myndist til vandaðrar og grundaðrar umfjöllunar sem byggist á upplýstum frásögnum og greiningum á veruleikanum í þessum efnum. Það gengur ekki að hver éti upp eftir öðrum vitleysuna í málinu.

Bankar í Evrulandi fara á hausinn jafnt sem hér og ríkisstjórnir í hverju landi fyrir sig þurfa að bera þær byrðar óstuddar án Evrusamhjálpar. Það er nefnilega svo að hér er hver sjálfum sér næstur og þjóðir Evrulands geta ekkert annað eftir synjun Þjóðverja um samstöðu. Að bjóða okkur upp á þann boðskap að í evrunni sé fólgin björgun okkar Íslendinga er að bregða upp villuljósi fyrir þjóðina.

Um þessi mál er enn margt ósagt og kemur að því þegar rykið sest vegna núverandi bráðavanda að fjalla betur um þessi mál, skiptir þá miklu að umræðan grundvallist á rökum og raunveruleika en ekki draumum og óskhyggju.

Að lokum vil ég vekja athygli þína og lesenda Fréttablaðsins á bloggskrifum Gunnars Rögnvaldssonar á mbl.is. Að mínu mati eru hans skrif það raunsæjasta í íslenskri umfjöllun um málin og vert að vekja athygli á þeim í þínu blaði sem er svo miklu útbreiddara en Morgunblaðið.

PS. Evrugerðina er að finna á vefnum undir ecb.eu fyrir þá sem vilja kynna sér hana.

*Höfundur er stjórnarformaður BM-Vallár.*

# Tækifærin á Íslandi

**UMRÆÐAN**
Matthías Imsland skrifar um ferðaþjónustu

Margir horfa í forundran á þá skyndilegu breytingu sem orðið hefur á undirstöðum íslensks atvinnulífs. En við megum ekki leggja árar í bát. Aldrei hefur verið jafn mikilvægt að sjá þau tækifæri sem landið býður upp á og standa saman í því að nýta þau. Við þurfum að spyrja okkur á hvaða sviðum við getum sótt fram. Hvernig getum við vegið upp á móti samdrættinum í bankastarfsemi og vöruinnflutningi? Ég er ekki í vafa um hvert svarið er. Það er ferðaþjónusta.


MATTHÍAS IMSLAND

Ég hef lengi verið sannfærður um að Íslendingar geti, á örfáum árum, tvöfaldað tekjur sínar af ferðamennsku.

En þetta krefst átaks á mörgum sviðum. Við þurfum áframhaldandi virka samkeppni í farþegaflutningum til og frá landinu og við þurfum að efla enn frekar okkar ferðaþjónustu. Lengi má gott bæta og engin markaðssetning jafnast á við það, að sinna þeim það vel sem hingað koma, að þeir fari ánægðir heim. Og mæli í kjölfarið með Íslandsferð við vini, fjölskyldu og samstarfsfélaga.

Ég tel að með samstilltu markaðsátaki yfirvalda og ferðaþjónustufyrirtækja á erlendri grund megi auka fjölda ferðamanna um 15–25% strax á næsta ári. Við höfum byggt mikið af nýju gistirými á undanförnum árum og með því að lengja háannatímann og fjölga ferðamönnum árið um kring fáum við betri nýtingu á þessa fjárfestingu.

Við erum svo lánsöm að búa í landi sem marga dreymir um að heimsækja. Aldrei hefur verið jafnbrýnt að nýta hvað landið er eftirsóttur áfangastaður og færa björg í bú fyrir nokkra erfiða vetur hér á Íslandi. Í dag skapar ferðaþjónustan 13% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. En hún getur hæglega skapað mun meira. Nú þarf að nýta alla möguleika. Við þurfum fleiri störf. Við þurfum að skapa tekjur til að fjármagna nýsköpun og menntun á næstu árum. Til að búa okkur sem best undir það að sækja fram á öllum sviðum. Sterkari en nokkru sinni fyrr. Ég veit að mitt duglega starfsfólk er klárt í slaginn.

*Höfundur er forstjóri Iceland Express.*


Auglýsingasími
512 5050

– Mest lesið






KAUPÞING
Hugsum lengra

ÓVERÐTRYGGÐIR REIKNINGAR

**Mx12**
Vextir eru stighækkandi eftir tíma og innstæðu. Vextir eru greiddir mánaðarlega. Hægt er að ráðstafa vöxtunum að vild inn á hvaða reikning sem er. Lágmarksinnstæða við stofnun er 1 milljón kr.

**M2**
Vextir eru stighækkandi eftir tíma og innstæðu. Tilvalinn fyrir þá sem eru með háar fjárhæðir og vilja skamman binditíma. Lágmarksinnstæða við stofnun er 1 milljón kr.

VERÐTRYGGÐIR REIKNINGAR

**Mx12 verðtryggður**
Vextir eru stighækkandi eftir innstæðu. Vextir eru greiddir mánaðarlega. Hægt er að ráðstafa vöxtunum að vild inn á hvaða reikning sem er. Reikningurinn er bundinn í 36 mánuði. Lágmarksinnborgun við stofnun er 1 milljón kr.

**Bústólpi**
Verðtryggður reikningur með háa ávöxtun. Vextir eru greiddir um áramót og lausir til útborgunar. Hver innborgun er bundin í 48 eða 60 mánuði.

Nánari upplýsingar í síma **444 7000**, í næsta útibúi Kaupþings eða á **kaupthing.is**

ENNEMM / SÍA / NM35940

# „Gamli Súfistinn“ er ekki til

**UMRÆÐAN**
Birgir Finnbogason skrifar um veitingarekstur

Í síðustu viku birtist í Fréttablaðinu frásögn af upplestraröð á vegum bókaforlaganna, sem fara mun fram á næstu vikum. Í myndatexta við klausuna segir að uppákoman verði á „gamla Súfistanum“. Þetta kom mér undirrituðum nokkuð á óvart, þar sem ég hef um árabil rekið kaffihúsið Súfistann í Hafnarfirði og kannaðist ekki við að þar væri nein upplestraröð í bígerð. Súfistinn í Hafnarfirði er nefnilega með eldri starfandi kaffihúsum á Íslandi, hann hefur verið rekinn á sömu kennitölu frá árinu 1994. Við lestur greinarinnar kom reyndar í ljós að upplestraröð þessi verður hvorki í „gamla Súfistanum“ við Strandgötu í Hafnarfirði né „nýja Súfistanum“ í Iðuhúsinu við Lækjargötu heldur virðist sem með „gamla Súfistanum“ sé átt við Te & kaffi við Laugaveg.


BIRGIR FINNBOGASON

Áður en Penninn keypti Bókabúð Máls og menningar rak undirritaður í 11 ár kaffihús undir nafni Súfistans á annarri hæð þeirrar bókabúðar við Laugaveg. Fyrir átti Penninn bókabúðirnar Eymundsson og komst þannig í einokunaraðstöðu í bóksölu á Íslandi. Skömmu síðar keypti Penninn einnig Te og kaffi og fljótlega varð ljóst að eigendum hans var í mun að losna við Súfistann úr húsinu til að skapa sínum eigin veitingarekstri rými þar. Þar sem samningar Súfistans við Mál og menningu höfðu verið með óformlegra móti og byggt meira á gagnkvæmu trausti og drengskap en strangasta laganna bókstaf, urðu lyktirnar þær að Súfistinn varð að víkja, þrátt fyrir að hafa unnið málaferli þar að lútandi fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Í sumar tók Súfistinn síðan til starfa í nýju húsnæði við Lækjargötu á efri hæð bókabúðarinnar Iðu.

Ástæður Pennans fyrir því að koma þarna á fót sínu eigin kaffihúsi voru í upphafi einkum þær hve innréttingar voru orðnar lúnar og gamlar, að sögn forráðamanna fyrirtækisins. En þrátt fyrir að allt hið gamla hafi verið þeim slíkt eitur í beinum að því þurfti skilyrðislaust að farga, var þó eins og Súfistinn væri þeim einatt afar ofarlega í huga þegar hið nýja kaffihús var kynnt. Þá voru setningar á borð við: „Einnig verður boðið upp á ljúffengar tertur í engu minna úrvali en var á Súfistanum“ og „Súfistinn var meðal annars þekktur fyrir öflugt menningarsamstarf við Mál og menningu og það heldur áfram af fullum krafti“ regla fremur en undantekning. Auðvitað verður að líta á það sem mikið hól fyrir Súfistann þessi blygðunarlausa eftiröpun á Súfistanum, sem starfrækt hefur verið í húsnæðinu síðan hinum raunverulega Súfista var hent þaðan út. Hins vegar er að mínu mati fulllangt gengið þegar Te og kaffi er beinlínis kallað „gamli Súfistinn“ í kynningum á því sem þar fer fram. Ég hlýt að mega gera þá kröfu að því sé tafarlaust hætt.

Að gefnu tilefni vil ég því ítreka að ekkert er til sem heitir „gamli Súfistinn“. Súfistinn er við Strandgötu í Hafnarfirði og hefur auk þess verið starfræktur í Iðuhúsinu við Lækjargötu síðan í sumar. Þar er sem fyrr boðið upp á frábærar tertur og ýmsa smárétti auk úrvals kaffidrykkja sem unnt er að njóta við yndislegt útsýni yfir Torfuna. Þar má einnig glugga í blöð og tímarit, sem heimilt er að taka með sér úr bókabúðinni Iðu í þeim tilgangi. Mig langar að nota tækifærið til að bjóða alla „gamla“ og nýja viðskiptavini hjartanlega velkomna þangað, á eina Súfistann í Reykjavík.

*Höfundur á og rekur Súfistann.*

# LífLÍNa stúdenta

**UMRÆÐAN**
Pétur Markan skrifar um námslán


PÉTUR MARKAN

Ég gekk með svartan hund út í nóttina fyrir nokkru eftir að hafa hlustað á fréttir dagsins. Hálfur fréttatíminn fór í úttekt á því til hvaða lands best væri að flýja, þegar íslensk freigáta hafði steytt á skeri og maraði í hálfu kafi í dauðateygjunum. Stutt yfirlit var gefið um í hvaða skandinavísku ríki hæstu barnabæturnar væru, skjótafgreiddasta nýja kennitalan, öruggasta velferðarnetið og svo framvegis. Og það sem meira er og hrelldi mig hvað mest – hvar væri stúdentum best borgið? Hvar er öflugasta menntakerfið fyrir liðhlaupa úr gersigruðum útrásarher?

Íslenska ríkið stendur á krossgötum. Um leið og erlendir lánardrottnar knýja á dyr eins og sulturinn hjá svöngum manni þurfa forráðamenn landsins að búa svo um hnútana að æska og framtíð þjóðarinnar sjái ár sinni best borgið hér á fróni. Ríkisstjórnin þarf að sannfæra stúdenta um óbrigðula kosti þess að vera íslenskur þátttakandi í árferði sem þessu um leið og það þarf að styðja svo við bak þeirra að þeim gerist það kleift.

Það er morgunljóst að til þess að borga af þeim erlendu skuldbindingum sem ríkissjóður er að stofna til þessa dagana þarf að skera á fjármagn margs konar ríkisstarfsemi. Lánasjóður íslenskra námsmanna er þar eflaust freistandi biti sem einhver ráðamanneskja kynni að líta á sem fýsilegan kost til að hagræða í von um að þar fyndust aurar fyrir kröfunum. Aurar sem annars væru eyrnamerktir stúdentum.

LÍN hefur það meginhlutverk samkvæmt 1. grein laga um sjóðinn að tryggja þeim sem falla undir lögin tækifæri til náms án tillits til efnahags. Með öðrum orðum gerir sjóðurinn stúdentum kleift að vera stúdentar og um leið kyndilberar íslenskrar framtíðar. Í því liggur mergur málsins og mikilvægi í senn. Það er tómt mál að tala um ný tækifæri og nýja bjartari tíma ef stúdentum er ekki boðið um borð. Stúdentar þurfa öflugan fjárhagslegan bakhjarl til þess að leggja viðreisninni lið með hugviti, tækifærum og þekkingu sinni. Nú sem aldrei fyrr þarf LÍN að sýna sig og sanna sem öfluga stoð stúdenta og styttu, stúdenta sem sannfæra þarf um að taka þátt í uppbyggingu nýs þjóðfélags.

Þegar talað er um niðurskurð og samdrátt ríkisskútunnar væri því heldur skammgóður vermir að byrja á Lánasjóðnum eða stúdentum þar sem nýtt vor og ný spretta hefst í huga þeirra. Einhver kynni að líkja því að pissa í skó sinn og hefur það einmitt löngum þótt vitgrönn ákvörðun þegar til lengri tíma er litið og óþægilegt ef hugsað er til langferðar.

Það má með sanni segja að næsta stóra PR-mál ríkisstjórnarinnar sé að búa þannig um hnútana að íslensk ungmenni vilji halda áfram að byggja landið og borga þær skuldir sem systurnar græðgi og firring hafa borið og fætt inn í íslenskt samfélag. Sannfæra ungt fólk um að bretta upp ermar, grípa hrífu og koma íslenska heyinu í hús. Í því PR-máli gegnir Lánasjóðurinn lykilhlutverki sem og ríkulegir styrkir til menntamála.

Stúdentar hafa ekki í hyggju að gerast liðhlaupar og þaðan af síður hyggjast þeir veifa hvítum fána uppgjafarinnar til þess að flýja sökkvandi freigátuna. En til þess að stúdentum sé gert mögulegt að spyrna við, lensa skipið og koma því aftur á flot þurfa íslensk yfirvöld að hlúa að þeim líkt og þeir væru þjóðarinnar dýrasta djásn. Þar gegnir Lánasjóður íslenskra námsmanna lykilhlutverki.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Stúdentaráðs Háskóla Íslands.*




# Forvarnir og fræðsla eru okkar fag

**UMRÆÐAN**
Ásdís Káradóttir og Marta Þorvaldsdóttir skrifa um krabbameinsleit

Miklar breytingar hafa orðið á leitarsviði Krabbameinsfélagsins nú á haustmánuðum. Farið var í endurnýjun á brjóstamyndatækjum og til þess þurfti að gera breytingar á húsnæði félagsins. Auk þess að gera upp og breyta húsnæðinu var bókunar- og tölvukerfi einnig breytt. Nú eru allar upplýsingar á tölvutæku formi sem stuðla að aukinni skilvirkni í starfsemi leitarstöðvarinnar. Konur sem koma til okkar verða fljótt varar við þessar breytingar. Mikill metnaður hefur verið lagður í að gera umhverfið hlýlegt og aðlaðandi. Á biðstofunni eru nú snertiskjáir þar sem konurnar svara sjálfar heilsufarsspurningum sem varða skoðunina og aðstoða hjúkrunarfræðingar þær sem þess óska. Heilsufarsspurningarnar berast rafrænt til skoðunarlæknis. Rafrænt samskiptaform er til þægindа fyrir konurnar, stuðlar að betri þjónustu, aukinni persónuvernd og vonandi styttri biðtíma.

Starfsemi leitarsviðs skiptist annars vegar í skimun eftir leghálskrabbameini og hins vegar í leit að brjóstakrabbameini. Nú undanfarið hefur verið mikil umræða um brjóstakrabbameinsleitina og mikilvægi hennar. Skimun eftir leghálskrabbameini er ekki síður mikilvæg því með frumustroki frá leghálsi er unnt að greina leghálskrabbamein á forstigi eða algjöru byrjunarstigi (hulinstigi). Þeir sem annast skoðunina eru vel menntað og hæft starfsfólk, bæði hjúkrunarfræðingar og læknar.


MARTA ÞORVALDSDÓTTIR


ÁSDÍS KÁRADÓTTIR

Leghálskrabbameinsleitin boðar konur á aldrinum 20 til 69 ára í skoðun annað hvert ár. Konur sem greinast með frumubreytingar eru boðaðar í þéttara eftirlit. Konur eldri en 69 ára eru velkomnar þótt þær fái ekki boðunarbréf. Nýgengi krabbameins í leghálsi hefur farið lækkandi hér á landi á síðustu áratugum og er nú í 10. sæti allra krabbameina hjá konum en var í 2. sæti á árunum 1957-1961. Nú eru tæplega 2,5% allra krabbameina hjá konum á Íslandi leghálskrabbamein og meðalaldur þeirra sem greinast með krabbameinið er 46 ár. Fyrst og fremst er því að þakka, að konum á Íslandi hefur boðist að taka þátt í skipulagðri leghálskrabbameinsleit. Þegar litið er á heiminn allan er leghálskrabbamein þriðja algengasta krabbamein kvenna.

Vitað er að HPV-vörtuveirur (human papilloma virus) sem smitast við samfarir eru forsendur fyrir myndun illkynja æxla á leghálsi. Langflestar smitast af þessum veirum án þess að vita af því eða fá einkenni og losa sig við sýkinguna. Ekki þarf nema einn rekkjunaut til að smitast en konur sem hafa marga rekkjunauta, reykja og hafa fengið klamydíusýkingu eru þó í aukinni hættu á að fá sjúkdóminn. Leggja ber áherslu á að HPV-smit er mjög algengt og leiðir einungis í undantekningartilvikum til leghálskrabbameins.

Eins og fram hefur komið er skimun eftir leghálskrabbameini auðveld og skilar mjög góðum árangri. Skoðunin kostar 3.000 krónur og í því gjaldi er innifalin brjóstamyndataka ef konan er boðuð í slíka rannsókn eða er talin þurfa á slíkri rannsókn að halda. Mörg stéttarfélög greiða skoðunina fyrir starfsmenn sína. Vitað er að heilsuefling á vinnustöðum er mikilvæg fyrir mannauðinn, stuðlar að bættri heilsu og aukinni starfsánægju sem skilar sér til allra. Hvetjum því allar konur til að koma í reglubundna skoðun á Leitarstöð Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8 Reykjavík, það er mikilvæg heilsuvernd.

*Höfundar eru hjúkrunarfræðingar á Leitarstöð Krabbameinsfélagsins.*




**LÝSI** er góð viðbót við fjölbreytta fæðu yfir vetrarmánuðina en í því er D-vítamín sem er líkamanum nauðsynlegt. Á sumrin er hægt að fá nægilegt D-vítamín með því að láta sólina skína á andlitið stutta stund daglega en á veturna er sólin ekki nógu hátt á lofti hér á norðurslóðum til þess að D-vítamín myndist í húðinni.



Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



Hér má sjá Bryndísi í appelsínurauðum kjól eftir indverska hönnuðinn Gayatri Khanna en mynd af henni í sama kjól birtist nýlega í Bombai Times. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Sker sig úr með ljósa hárið

**Bryndís Helgadóttir tók í síðustu viku þátt í Lakmé-tískuvikunni í Mumbai. Hún var eina ljóshærða módelið á staðnum og vakti að vonum athygli. Myndir af henni rötuðu inn á síður Bombai Times.**

Hin nítján ára Bryndís Helgadóttir, sem starfar hjá Inega Models í Mumbai á Indlandi, tók í síðustu viku þátt í Lakmé-tískuvikunni í Mumbai þar sem um 75 hönnuðir sýndu vor- og sumarlínur sína.

Þá fimm daga sem sýningin stóð yfir tók Bryndís þátt í um þremur til fjórum sýningum á dag og var eina ljóshærða módelið á svæðinu. Mynd af henni í appelsínurauðum kjól eftir indverska hönnuðinn Gayatri Khanna birtist svo nýlega í Bombai Times enda eftir henni tekið innan um dökkhærðar þokkadísir. Bryndís segir þó bæði kosti og galla við það að skera sig úr.

„Það er ekki mikil samkeppni á milli mín og hinna fyrirsætanna og er ég til dæmis ekki fengin til að sýna sari. Hins vegar er sóst eftir mér ef þörf er á augljósum útlendingi,“ segir Bryndís kímin.

Hún kom fyrst til Mumbai í fyrra á vegum Eskimo Models og dvaldi í tæpa þrjá mánuði. „Ég kunni svo vel við mig að ég ákvað að fara aftur og mun starfa hjá Inega Models fram að áramótunum,“ segir Bryndís sem býr ásamt fjórum öðrum módelum í íbúð í Bandra.

Eftir áramót stefnir Bryndís á að klára stúdentspróf en hún hefur stundað fjarnám frá Fjölbrautaskólanum í Ármúla. „Í framtíðinni langar mig svo að reyna fyrir mér sem fyrirsæta á nýjum stað.“

*vera@frettabladid.is*

TILBOÐ VIKUNNAR



ÞÚ SPARAR 87.000kr

Íslensk framleiðsla

Hornsófi 2+h+2 ROMA
FÁANLEGT Í 4. TEG. ÁKLÆÐA

99.900kr
Verð áður 186.900.-

Fáanlegt í Smáralind og Holtagörðum
Tilboðið gildir til 4. nóvember

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

LAGERSALA
LAGERSALA

Opið hús í Heildverslun að Dalshrauni 17, Hafnarfirði, fimmtudaga frá kl. 12-18 og laugardaga frá kl. 12-15.

SKART • HÁRSKRAUT
TÖSKUR • HÚFUR
VETTLINGAR • SOKKAR
FATNAÐUR OG MARGT FLEIRA

KOMIÐ OG GERIÐ GÓÐ KAUP FYRIR JÓLIN

FJALLAGRASA HÁLSMIXTÚRA

Dregur úr þurrum hósta og ertingu í hálsi.
Fer vel í maga, hefur góð og örvandi áhrif á meltinguna.
Er án alkóhóls.
Hentar allri fjölskyldunni, börnum jafnt sem fullorðnum.

FJALLAGRASA MAGAMIXTÚRA

Hefur góð áhrif á magann og örvar meltinguna.
Fjallagrös innihalda trefjar sem auka þarmahreyfingar.




icepharma

VELJUM ÍSLENSKT

FJALLAGRÖS HAFA ANDOXUNARVIRKNI

**MÁLÞING** um þekkingarþróun í ljósmóðurfræði á háskólastigi verður haldið á morgun, 31. október, á vegum námsbrautar í ljósmóðurfræði við Háskóla Íslands og Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði við HÍ og Landspítala.




Fimmtudagsbrjálæði
í Flash



Allar gallabuxur 3990
Háar í mittið, st 36-46

Öll gallapils 3990
Ath aðeins í dag



Mikið úrval á 2000 kr
á slá s.s. kjólar, toppar, buxur

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201




Best er að hafa varann á þegar að hjólað er í bílaumferð.

# Loks gert ráð fyrir hjólum á götunum

**Reykjavíkurborg hefur undanfarnar vikur sett hjólamerkingar á götur. Hjólasamgöngur ættu að verða raunhæfari kostur í kjölfarið.**

Á síðustu vikum hafa margir reykvískir vegfarendur rekið upp stór augu yfir hjólreiðamerkingum sem skotið hafa upp kollinum á tilteknum akreinum borgarinnar. Merkingar þessar eru hugsaðar til þess að létta þeim lífið sem nýta sér hjólið sem samgöngumáta, en víst er að fjölgað hefur talsvert í þeim hópi upp á síðkastið. Hjólamerkingarnar gera þannig hjólreiðafólki ljóst hvar er best fyrir það að halda sig á götunni, en minna bílstjóra einnig á að vera vakandi fyrir hjólandi umferð.

Hjólamerkingarnar er að finna á Suðurgötu sunnan Hringbrautar og á Einarsnesi. Slíkar merkingar verða einnig settar á næstunni á Langholtsveg og á Laugarásveg.

Einnig styttist í tvöföldun hjóla- og göngustígsins sem liggur meðfram Ægisíðu, en þar stendur til að gera sérreinar fyrir hjólafólk og gangandi vegfarendur til þess að greiða götu beggja hópa.

*- vþ*

# Dans-andi

**Dansinn mun duna í Heilsubyltingunni í Hafnarfirði laugardaginn 1. nóvember þegar vetrarfagnaður dansandi kvenna er haldinn.**

Í Heilsubyltingunni verður boðið upp á magadans, gyðjudans og valkyrjudans með trommum, jarðtónlist og fíngerðri himneskri tónlist á laugardaginn, en hugmyndin er að auka kvenorkuna í gegnum dansinn. Konur Heilsubyltingarinnar munu dansa bænir sínar, styrkja sig og skemmta í þeirri dásamlegu útrás sem dansinn býður upp á.

Mælst er til þess að konur komi puntaðar upp og skreyttar og sem gyðjulegastar í léttum og skrautlegum fötum sem auðvelt er að dansa í. Slæður eru einnig til hjá Heilsubyltingunni til útláns fyrir þær sem þurfa. „Við munum bjóða upp á gyðjulegar veitingar og kvenlegar gjafir,“ segir Marta Eiríksdóttir, en segir enn fremur að hvers konar veitingar muni koma á óvart.

Vetrarfagnaðurinn er opinn öllum konum á meðan húsrúm leyfir, en skráning fer fram á www.pulsinn.is, eða með því að hafa símasamband við Mörtu Eiríksdóttur í síma 848-5366. Skráningu lýkur á föstudag. *- aóv*



Gyðjur Heilsubyltingarinnar.




**Ávaxtabíllinn hreppti Fjöreggið 2008, en verðlaunin eru veitt fyrir lofsvert framtak á matvælasviði.**


Ósk (í lopapeysunni) hefur sérhæft sig í ævintýrameðferð sem eflir kjark og sjálfstraust. Með henni er Elísabet Lorange listmeðferðarfræðingur sem einnig kennir á námskeiðum Ljóssins.

# Efla samkennd og traust

**Ljósið heldur ókeypis námskeið fyrir börn og unglinga er eiga foreldra, systkini eða aðra nákomna ættingja sem hafa greinst með krabbamein. Ósk Sigurðardóttir iðjuþjálfi er meðal leiðbeinenda.**

Lögð er áhersla á skilning, samkennd og lífsgleði í námskeiðum Ljóssins á Langholtsvegi 43, að sögn Óskar iðjuþjálfa. „Ég legg ýmis samskiptaverkefni fyrir krakkana,“ segir hún og telur upp leiki og þrautir. „Við byrjum á að efla traustið og það er reynt að gera allt að ævintýri, vera í fallegu umhverfi og skemmta sér.“

Þetta hljómar skátalega enda kveðst Ósk hafa verið í skátunum í gamla daga. „Sem iðjuþjálfi hef ég svo sérhæft mig í ævintýrameðferð. Hún byggist upp á leikjum eins og þeim sem notaðir eru í hópefli hjá fyrirtækjum til að bæta starfsanda og samheldni. Grunnhugmyndin er sú að vera í svolítið krefjandi aðstæðum og læra af þeim. Upplifa samkennd, samskipti og traust. Hugrekki og sjálfstraust eflist í gegnum verkefnin og árangurinn nýtist börnunum í daglegu lífi.“

Námskeiðin eru haldin í samvinnu við Foreldrahús og auk Óskar kenna þar Hrafndís Tekla Pétursdóttir sálfræðingur og listmeðferðarfræðingarnir Elísabet Lorange og Sigríður Birna Valsdóttir. Eitt námskeið hefst 11. nóvember fyrir 10 til 13 ára og annað verður tvær helgar í nóvember fyrir 14 til 16 ára. Ósk segir þátttakendur deila erfiðri reynslu sem sé alvarlegur sjúkdómur einhvers nákomins. „Nú fá krakkarnir athyglina og þeim er mikilvægt að finna að tekið sé tillit til þeirra í sambandi við veikindin í fjölskyldunni. Það gerir þá öruggari og þeir mynda sterkari tengsl við lífið í Ljósinu.“

Ósk og samstarfsfólk hennar er að ljúka námskeiði fyrir sex til níu ára krakka. Einn tími er eftir og þá er foreldrum og systkinum boðið að taka þátt í skemmtilegum verkefnum. Ósk segir gaman að sjá framfarirnar hjá krökkunum. „Þeir hafa myndað gott traust, bæði til okkar leiðbeinendanna og hver til annars. Eru orðnir öruggari að tjá sig og taka þátt í öllu. Við heyrum líka á foreldrum að þeim líði betur en áður.“

*gun@frettabladid.is*




Flott í vetur...
Stinnari líkami á aðeins 4 vikum
Alhliða dömupakki
Slendertone belti + buxur + armar
þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 42.900.-
System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra kr. 24.900.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics
NÝTT!!
Plokkari með ljósi


SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR




Við óskum Ávaxtabílnum til hamingju með Fjöreggið

Við erum birgjarnir á bak við tjöldin:

BÚR
MS MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI
Holta-kjúklingur

Er fyrirtækið þitt vaktað?
Ávextir í áskrift er einhver besta fjárfesting sem þú gerir í starfsmannamálum



AVAXTA-BILLINN - fersk sending
www.avaxtabillinn.is

Haukur og Ingvar Vikings



**TEKRÚSIR** geta verið mjög fjölbreyttar og fallegar og skemmtilegt getur verið að eiga mismunandi krúsir fyrir hvern og einn. Tekrúsir má einnig nota undir ýmislegt annað og er til dæmis tilvalið að bera fram bollasúpu í þeim.


White-Westinghouse



**ÞVOTTAVÉL**

- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

**RAFVÖRUR**
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS




Litlar borðtrönur frá versluninni Litalandi kosta 7.990 krónur.



Penslar með svínshárum frá versluninni Lit og föndri kosta á bilinu 155 krónur og upp í 760 krónur..




60 ml túba af akrýlmálningu kostar 760 krónur stykkið hjá versluninni Lit og föndri. Akrýlliti má blanda með vatni.



Litapalletta úr viði frá Litalandi kostar 920 krónur en þægilegt er að hafa litina við höndina ef um stóra fleti er að ræða.


Fasteignablaðið
512 5469
694 4103
Ruth Bergs
ruth@365.is





# Leitað að innri listamanni

**Í skammdeginu fer marga að klæja í fingurna að breyta og lífga upp á heimilið. Tilbreytingu má fá á ýmsan máta og fyrir hagleiksfólk er lítið mál að mála hressilegt málverk og hengja upp.**

Tilbreytingu á heimilið má fá á ýmsan hátt, til dæmis með því að mála. Oft þarf þó ekki að mála húsið í hólf og gólf heldur er jafnvel nóg að mála fallega mynd og hengja á veggina. Vertu þér úti um trönur og finndu þinn innri listamann. Það er miklu skemmtilegra að eiga mynd eftir sjálfan sig uppi á vegg heldur en eftirprentanir frægra málverka ef fjárráðin leyfa ekki kaup á frummyndum. Akrýllitir henta vel þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í listsköpun en akrýlmálningu má þynna með vatni.

*heida@frettabladid.is*



Vandaðir penslar fyrir olíu og akrýlliti á bilinu 650 krónur upp í 5.285 krónur. Þeir fást í Lit og föndri.


**VINNUPALLAR Í ÖLLUM STÆRÐUM**

Við bjóðum nú síðustu vinnupallana á gamla genginu.

**Hafðu samband í síma 422-7722 615-1515.**




topdrive.is

Smiðjuvöllum 3
230 Reykjanesbæ
422 7722 - 615 1515

;ALLT BÍLAR

Alla laugardaga



Gerry weber haustfatnaður
20%
afsláttur til 01.11
BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

Gallerí List
Skipholt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is



eitthvað alveg
einstakt



# veljum íslenskt

FIMMTUDAGUR 30. OKTÓBER 2008




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Allt til jólakortagerðar



Föndur og gjafavara
FÖNDRA
Dalvegi 18, Kóp. Sími 568 6500 www.föndra.is
opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16






Guðmundur Viðarsson
Yfirmatreiðslumaður
Rauðará

**Rauðará blæs á kreppuna**

Við skorum á framleiðendur í landinu að hækka ekki vörur í skjóli kreppu og skorum á fólkið í landinu að velja vörur frá íslenskum framleiðendum. Við ætlum að leggja fram okkar framlag í þá sókn og bjóða ykkur upp á al íslenskan matseðil úr hágæða vörum frá Íslenskum framleiðendum til lands og sjávar.

3ja rétta **á verði einnar** nautasteikur

**Matseðill no.1**

**FORRÉTTUR**
Smáréttadiskur með saltfisk á tvo vegu ásamt seyði í bolla
**AÐALRÉTTUR**
Kryddhjúpað lambaprime með brasseruðum lambaframparti og haustgrænmeti
**EFTIRRÉTTUR**
Desert diskur að hætti rauðará

Verð. **kr. 4.990,-** pr mann

**Matseðill no.2**

**FORRÉTTUR**
Reyktur lax með humarsalati í turni
**AÐALRÉTTUR**
Osta og humarfyllt grísalund með kartöflugratín
**EFTIRRÉTTUR**
Desert diskur að hætti rauðará

Verð. **kr. 4.990,-** pr mann

Við skorum á fyrirtæki sem eru með getu og eru stöndug á Íslenskan mælikvarða.
**Sýnið gott fordæmi og hækkið ekki verð á matvöru ykkar**
Við verðum að halda í launamáttinn, ástandið er nógu slæmt fyrir.

**opið þriðjudaga til laugadaga**



RAUÐARÁ
RESTAURANT

Rauðarárstíg 37 | 105 Reykjavík
sími: 562 6766 | raudara@simnet.is




Hinar pólsku Monika, Sylvia og Krystyna raða örkum í vélarnar sem færa þær í bókbandið.



Theodór Guðmundsson bókbindari.



Séð yfir umbrotssalinn. Guðný Kristjánsdóttir framan til í rauðri peysu.



Jón Ómar við myndarlegar stæður af Myrká, nýjustu bók Arnaldar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ein bók á hvern Íslending fyrir jól

**Prentsmiðjan Oddi gegnir þýðingarmiklu hlutverki í menningarlífi þjóðarinnar því þar breytast hugverk rithöfundanna í bækur. Jólabókaflóðið byrjar þar og brýst einmitt fram þessa dagana.**

„Það er gríðarlega löng hefð fyrir bókagerð hér í Odda," segir forstjórinn Jón Ómar Erlingsson brosandi um leið og hann fylgir Fréttablaðsfólki inn í fyrsta vinnslusalinn. Þar er einn og einn maður með eyrnahlífar við iðju sína innan um risavaxnar prentvélar. „Það er alltaf verið að endurnýja vélar og taka inn nýjar tækniframfarir," lýsir Jón Ómar og athygli vekur að hávaðinn er ekki meiri en svo að auðvelt er að tala saman.

Um 300 manns starfa í prentsmiðjunni. Spurður hvort unnið sé nótt og dag svarar Jón Ómar: „Nei, sem betur fer dreifist prentunin á talsverðan tíma í ár. Samt er að byggjast upp ansi mikill hasar og erum við undir það búin að nóvember og desember verði strembnir."

Nærri lætur að ein bók verði prentuð í Odda á hvern landsmann fyrir þessi jól enda kveðst Jón Ómar bjartsýnn á mikla bókasölu. Finnst stemmningin vera þannig. „Þetta verða stór bókajól. Það eru virkilega fallegar bækur að koma út og áhugaverðar," segir hann og upplýsir að Oddi prenti vel á annað hundrað titla fyrir þessi jól. Allt frá nokkur hundruð eintökum upp í tugi þúsunda. Arnaldur er stærstur. Bækur hans hafa verið prentaðar erlendis síðastliðin tvö ár.

„Við höfum fengið aukin verkefni upp á síðkastið. Stærsti samningurinn er við Forlagið. Hann var í burðarliðnum áður en mestu umbrotin urðu í fjármálaheiminum," segir Jón Ómar sem telur að viss vakning hafi átt sér stað innan íslenskra fyrirtækja á síðustu mánuðum um að styðja hvert við annað. „Þær áherslur hafa styrkst heilmikið upp á síðkastið," segir hann. „Af því við erum svo mikil bókaþjóð þá held ég líka að Íslendingum þyki betra að hugsa til þess að bækurnar séu prentaðar hér á landi."

*-gun*

## Þetta er íslensk framleiðsla

Eitt af því sem Oddi prentar eru plötuumslög. Það nýjasta er utan um disk Diddúar og rússneska Terem-kvartettsins frá Pétursborg. „Þetta er íslensk framleiðsla," segir Diddú kát. „Þess vegna er diskurinn kominn út en margir hafa lent í vandræðum með að fá geisladiska heim, sem framleiddir eru erlendis." Hún bætir við að umslagið sé hannað af Pétri Halldórssyni, sem hannaði Sturluumslagið á sínum tíma. „Þetta er eiginlega bók," segir hún hlæjandi. „Gerðarleg gjöf."






HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 9025 - Actavis 708003

# Paratabs®

*– Öflugur verkjabani!*




**Notkunarsvið:** Paratabs®-Parasetamól 500 mg er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Paratabs® er m.a. notað við höfuðverk, tannverk og tíðaverk. Paratabs® er einnig notað við sótthita, t.d. af völdum inflúensu og umgangspesta. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn eldri en 12 ára (>40 kg) 1–2 töflur á 4–6 klst. fresti, mest 8 töflur á sólarhring eða 4000 mg. Börn, 7–12 ára (25–40 kg), ½–1 tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 töflur á sólarhring eða 2000 mg. Börn, 3–7 ára (15–25 kg), ½ tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 sinnum á sólarhring eða 1000 mg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota Paratabs®. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lifrar- og nýrnastarfsemi. Einstaklingar með áfengisvandamál skulu ekki nota Paratabs® án samráðs við lækni og alls ekki samhliða neyslu áfengis. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarksskammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lifrarskemmdum. Lyfið má ekki nota ef um lifrarsjúkdóm er að ræða. **Meðganga og brjóstagjöf:** Engin þekkt áhætta er af notkun parasetamóls á meðgöngu. Parasetamól skilst út í brjóstamjólk en hættan á áhrifum á barnið er ólíkleg við ráðlagða skammta. **Aukaverkanir:** Parasetamól þolist almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtum er fylgt, helst er að nefna ofnæmi, útbrot og lifrarskemmdir. Lifrarskemmdir við notkun parasetamóls hafa komið fram í tengslum við misnotkun áfengis, eins getur langvarandi notkun parasetamóls valdið nýrnaskemmdum. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið ávallt þar sem börn hvorki ná til né sjá. 15. júní 2007.

actavis
*hagur í heilsu*

FRÁBÆRT FLEX FLÍSALÍM




Malarhöfði 10
110 Reykjavík
Sími 4 400 400
www.mest.is
mest

Bækur, tarot og ljúf tónlist

í kvöld, 30. október
klukkan 20:00 á Hótel Borg

- **TAROT** – Sigríður Baldvinsdóttir frá tarotlestur.is spáir í spilin
- **UPPLESTUR** – *Japanskar konur,* Þóra Sigurðardóttir les, *Síðasti fyrirlesturinn* og *Borða, biðja, elska,* Maríanna Lúthersdóttir les
- **TÓNLIST** – Heiða Dóra Trúbatrixa













Það er engin kreppa í bókunum okkar!
Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir!
Glimrandi bókatilboð!

Sölkukvöld á Hótel Borg!

Salka
www.salka.is



Dr. Hörður G. Kristinsson, deildarstjóri lífefnadeildar Matís. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sælgæti úr sjónum

**Matís og MPF Inc. vinna nú saman að þróun á hinu geysivinsæla sjávarfangi, surimi, úr vannýttum fisktegundum úr íslenskum sjó.**

„Það hefur lengi verið áhugi á vannýttum fisktegundum á Íslandi til aukinnar verðmætasköpunar og nýtingu í surimi, sem er fiskprótíeinmassi unninn úr fiski og annar ekki eftirspurn á heimsvísu,“ segir dr. Hörður G. Kristinsson, deildarstjóri lífefnadeildar Matís. Matís og MPF Inc. í Bandaríkjunum skrifuðu á dögunum undir samstarfssamning milli fyrirtækjanna sem felur í sér sameiginlegar rannsóknir á þróun surimi úr vannýttum fisktegundum af Íslandsmiðum.

„MPF er bandarískt rannsóknar- og þróunarfyrirtæki sem heldur utan um einkaleyfi og tækni á einangrun próteina og notkun þeirra í matvælum, og rekur sex vinnslur vestra sem framleiða fiskpróteinmassa á neytendamarkað,“ segir Hörður og bætir við að erfiðara sé að vinna surimi úr íslenskum kolmunna, síld og loðnu, en surimi er oftast framleitt úr hvítum fiski; einkum alaska-ufsa og lýsingi.

„Því eru margar hindranir að yfirstíga, og nú hefur bæst við möguleiki á surimivinnslu úr makríl sem er nýr stofn við Íslandsstrendur og íslenskir sjómenn eru farnir að veiða mikið af, en enn óljóst hvernig við eigum að nýta,“ segir Hörður, sem í samstarfi Matís og MPF hyggst nýta nýja tækni fyrirtækjanna til að ná fram hreinum og stöðugum próteinum.



Surimi er mikið notað í krabbakjötslíki, sem er vinsælt hráefni til sushigerðar, en einnig gervihumar, gervirækjur og gervihörpuskel.

„Með þeirri tækni ættum við að losna við þránunarbragð og halda góðum eiginleikum svo hægt sé að framleiða hreint og gott surimi, en það er von beggja fyrirtækja að á Íslandi rísi arðbær surimivinnsla innan fárra ára,“ segir Hörður.

Markaður fyrir surimiafurðir hefur vaxið mjög að undanförnu og reiknað með að eftirspurn á þessu ári sé um 600.000 tonn, á meðan heimsframleiðsla er aðeins um 480.000 tonn. Í ljósi þeirra aðstæðna hefur verð á surimi tvöfaldast á einu ári.

„Surimi er mikið notað í krabbakjötslíki, sem er vinsælt hráefni til sushigerðar, en einnig gervihumar, gervirækjur og gervihörpuskel. Surimi er þó ekkert gervihráefni, heldur góður fiskur, fullunninn með eggjahvítu, sterkju, sykri, sætuefnum, fosfati og salti. Það er einnig vinsælt í salatgerð, enda bragðgott og ríkulega búið góðum fiskpróteinum.“

Hörður segir næsta skref að hefja þróunarvinnu á Íslandi, þar sem framleiðsla er fyrirhuguð í framtíðinni, og ætti að skapa fjölda starfa innan eins til tveggja ára.

„Aðalvinnan snýr að efnafræði á bak við vinnslueiginleika og stöðugleika, en þetta þarf allt að vinna vel svo hægt sé að fara út í framleiðslu á gæðavöru til neytenda. Þetta yrðu alíslenskar afurðir með mikla möguleika á heimsvísu, en nýting vannýttra tegunda í arðbærar vörur er mikilvæg fyrir íslenskan sjávarútveg. Við þurfum að leggja mikla vinnu í nýsköpun í íslenskum sjávarútvegi og fá meira fyrir okkar góða hráefni. Samningurinn á því eftir að leggja mikið af mörkum.“ *- þlg*

# Gott að borða á Rauðará

Þann munað að fara út að borða eiga kannski margir erfitt með að leyfa sér í dag. Veitingastaðurinn Rauðará hefur brugðist við með því að bjóða sérstaka þriggja rétta matseðla á verði einnar nautalundar.

„Ég vil nú ekki kalla þetta kreppumatseðil en við erum að koma til móts við fólkið í landinu. Að það geti farið út að borða huggulegan mat fyrir ekki allt of mikinn pening,“ segir Guðmundur Viðarsson, eigandi veitingastaðarins Rauðarár.

Maturinn er úr íslensku hráefni og hægt að fá saltfisk matreiddan á tvo vegu og seyði í bolla í forrétt, í aðalrétt er kryddhjúpað lambaprime með brasseruðum lambaframparti og svo eftirrétti kvöldsins eftir því hvað kokkunum dettur í hug.

Annar matseðill býður upp á reyktan lax með humarsalati og avókadói í forrétt, ostafylltri grísalund með kartöflugratíni í aðalrétt og eftirrétti kvöldsins. Alls kosta þrír réttir 4.999 krónur.

„Þetta ætlum við að keyra fram að jólahlaðborði en það tekur við í lok nóvember og desember. Ég hef ekki heyrt af öðrum veitingastöðum með svona tilboð og ef vel gengur er aldrei að vita nema við höldum þessu áfram að einhverju leyti.“ *- rat*



Guðmundur Viðarsson, eigandi veitingastaðarins Rauðarár, býður upp á íslenskan tilboðsmatseðil í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Ali
Nýr kjúklingur
Aðeins
599-
kr./kg.
merkt verð 998 kr./kg.
AFSLÁTTUR 40% VIÐ KASSAN
Kryddaður
Aðeins
878-
kr./kg.
merkt verð 1.098 kr./kg.
Nýjung frá Ali
KJÚKLINGUR
FERSKUR OG EINNIG KRYDDAÐUR
Ali svínabógur
Aðeins
499-
kr./kg.
merkt verð 554 kr./kg.
#1 AF NÝSLÁTRUÐU
Ali reyktur svínabógur
Aðeins
699-
kr./kg.
merkt verð 776 kr./kg.
AFSLÁTTUR 40% VIÐ KASSAN
40% AFSLÁTTUR
Ali svínakótelettur
1.070 kr./kg. merkt verð 1.783 kr./kg.
AFSLÁTTUR 40% VIÐ KASSAN
40% AFSLÁTTUR
Ali svínagúllas
1.127 kr./kg. merkt verð 1.878 kr./kg.
AFSLÁTTUR 40% VIÐ KASSAN
40% AFSLÁTTUR
Ali svínasnitsel
1.127 kr./kg. merkt verð 1.878 kr./kg.
AFSLÁTTUR 40% VIÐ KASSAN
Aðeins
530-
kr./kg.
Ali svínahakk
merkt verð 884 kr./kg.
HELGARSTEIK
Ali SVÍNAKJÖT Gómsætt og safaríkt
Pork Roast steik
40% AFSLÁTTUR
Ali Pork Roast steik
1.139 kr./kg. merkt verð 1.898 kr./kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR



Baldrún Kolfinna Jónsdóttir vinnur hjá Handprjónasambandinu, þar sem boðið er upp á sérlega prjónaþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sérpantaðar prjónavörur sem passa

Í verslunum Handprjónasambandsins er hægt að kaupa forláta lopapeysur og annan handprjónaðan varning. Það vita þó kannski færri af því að þar er einnig hægt að sérpanta prjónaðar vörur eftir smekk.

„Viðskiptavinir koma stundum hingað til okkar og sjá eitthvað sem þeim líst vel á, en myndu þó vilja breyta á einhvern hátt, til dæmis litunum eða sniðinu" segir Baldrún Kolfinna Jónsdóttir, starfsmaður Handprjónasambandsins, en þar er boðið upp á þann möguleika að panta peysur og aðrar prjónavörur eftir smekk og þörfum hvers og eins. Sérpantaðar vörur kosta oft það sama og aðrar vörur úr verslunum Handprjónasambandsins, en það fer þó að nokkru leyti eftir því hverjar breytingarnar eru.

Þessi þjónusta hefur, að sögn Baldrúnar, mælst vel fyrir. „Við höfum til að mynda sérprjónað peysur á erlenda ferðamenn og sent þeim til útlanda, en einnig láta Íslendingar prjóna mikið á sig. Fólk verður þó að hafa þolinmæðina í fyrirrúmi þegar það pantar hjá okkur peysu, enda tekur það svolítinn tíma að prjóna eftir pöntun." *- vþ*



Hægt er að kaupa fjölbreyttar prjónavörur hjá Handprjónasambandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Taka söguna alvarlega

Andersen og Lauth var fyrsta íslenska klæðskeraverkstæðið, stofnað árið 1914. Nú hefur nafnið gengið í endurnýjun lífdaga í höndum Gunnars Hilmarssonar og Kolbrúnar Petru Gunnarsdóttur hönnuða sem hanna eigin fatalínu undir þessu nafni.

„Við opnuðum Andersen og Lauth-búðina á Laugavegi fyrr á árinu og þá varð þetta fyrst sýnilegt eftir tveggja ára vinnu," útskýrir Gunnar. „Við vildum hafa vaðið fyrir neðan okkur og nú er komið talsvert virði í vörumerkið en það er ekkert sjálfgefið. Það hefur gengið vel og við seljum í um 500 búðir úti um allan heim og erum með umboðsmenn í fimmtán löndum."

Andersen og Lauth selur meðal annars og hannar fyrir Urban Outfitters í Ameríku og eru ýmis ný verkefni á döfinni, þar á meðal sýning á tískuvikunni í Ríga í næstu viku. Auk þess sem opnun Andersen og Lauth-verslunar í Gallery Lafayette í París er í bígerð með vorinu. Þau vilja þó ekki kannast við að vera útrásarfyrirtæki.



MYND/ANDERSEN OG LAUTH

Vorlína Andersen og Lauth fyrir 2009 verður sýnd á tískuvikunni í Ríga í næstu viku.

„Nei, við erum íslenskt fyrirtæki með íslenskar tekjur og tökum inn gjaldeyri. Ástandið er erfitt núna fyrir mörg hönnunar- og nýsköpunarfyrirtæki og ég vona bara að þau lendi ekki úti í kuldanum," segir Gunnar.

Gunnar og Kolbrún eru aðalhönnuðir fyrirtækisins og við hönnunina byggja þau á sögu Andersen og Lauth. Að sögn Gunnars eltast þau ekki við strauma og stefnur heldur treysta á sitt eigið innsæi.

„Það er svolítill vintage-bragur á línunni og í rauninni ganga hlutirnir út á að blanda saman rokki, róli og rómantík. Sagan er okkur mikilvæg því tugir þúsunda hafa verið í fötum frá Andersen og Lauth á sínum stóru stundum gegnum tíðina. Nafnið er því tengt tilfinningaböndum hjá stórum hluta elstu kynslóðarinnar og við tökum það alvarlega." *- rat*



Edda Hrönn Atladóttir hefur alist upp í Atson-leðuriðjunni en fyrirtækið hefur verið í fjölskyldunni frá upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Leðuriðja fyrir lærða og leika hjá Atson

**Atson-leðuriðjan ehf. er rótgróið fyrirtæki sem framleiðir veski, buddur og fylgihluti úr leðri. Fyrirtækið ætlar nú í fyrsta skipti að bjóða upp á námskeið fyrir almenning í leðursaumi.**



Áherslan hjá Atson-leðuriðju er á minni hluti eins og veski, töskur og möppur.

Atli K. Ólafsson stofnaði Atson-leðuriðjuna árið 1936 en í dag á og rekur dóttir hans, Edda Hrönn Atladóttir, fyrirtækið. „Ég hef unnið hér af og til frá fæðingu," segir Edda Hrönn og hlær.

„Fyrirtækið hefur alltaf komist í gegnum góðæri og hallæri. Framan af framleiddum við mikið af kvenhandtöskum og möppum en síðan förum við út í að framleiða seðlaveski og seldum þau til bankanna í miklu magni. Þá dró úr töskuframleiðslunni en þar voru örari breytingar í tískunni meðan seðlaveskin voru stöðugri," útskýrir Edda Hrönn og segir að því hafi verið hagkvæmara að framleiða seðlaveskin þar sem stofnkostnaður við nýja vöru er alltaf einhver. „Nú erum við hins vegar farin að framleiða töskur aftur og byrjuðum fyrir um þremur árum. Svo erum við sífellt að fara meira í roðið."

Auk fastrar framleiðslu hefur fyrirtækið fengist við ýmiss konar sérsmíði en áherslan er þó á minni hluti. „Við höfum verið með roð og kálfskinn. Roðið er íslenskt en kálfskinnið hefur verið innflutt frá Ítalíu. Svo höfum við verið að gera tilraunir með að gera töskur úr hör og roði en þetta er spennandi og náttúruvænt efni," segir Edda Hrönn.

Sem stendur starfa fjórar konur í leðuriðjunni og sjá þar um alla framleiðslu. „Ég hefði nú ekkert á móti því að ráða einhverja karla en þeir virðast hafa minni áhuga á handverkinu.

Ég er að reyna að komast í útflutning og hef ég farið með Útflutningsráði á nokkrar sýningar. Vörunni er alltaf mjög vel tekið og fólk er spennt fyrir henni en ég hef samt ekki komist í nein sambönd ennþá," segir Edda Hrönn en dýrt er að koma sér á framfæri erlendis.

„Hins vegar hefur orðið kippur í sölunni á heimasíðunni okkar eftir að krónan varð svona lág og eru þetta viðskiptavinir sem koma að utan. Þetta hefur þótt dýr vara en nú horfir dæmið öðruvísi við. Það er einhverra hluta vegna eiginlega orðin hefð fyrir því að þessu fyrirtæki gengur vel í hallærum," segir Edda Hrönn bjartsýn.

Nú stendur til að brydda upp á nýjung hjá Atson en haldið verður í fyrsta skipti námskeið fyrir almenning í nóvember. „Þetta verður að einhverju leyti forunnið en svo getur fólk látið sköpunargleðina ráða. Við stefnum á byrjun nóvember og þá verður hægt að hringja og skrá sig hjá okkur eða á heimasíðunni atson.is. Kjörið er að gera jólagjafir bæði fyrir aðra og sjálfa sig," segir Edda Hrönn og hlakkar til.

Vörurnar frá Atson fást bæði í verslun þeirra í Brautarholti 4 og á www.atson.is en auk þess hafa þær verið seldar í Kraumi, Bláa lóninu, Epal í Leifsstöð, á Hótel Sögu og víðar. *- hs*





MYND/MARIANNE RIIS BLÆBJERG



Þrátt fyrir ungan aldur hefur Særós þegar vakið athygli fyrir hönnun sína.

MYND/EGILL BJARKI

# Þriðja sýningin á ári

**Særós Mist Hrannarsdóttir hannar og saumar heima hjá sér í miðbæ Reykjavíkur undir vörumerkinu Særós Design en hún er yngsti fatahönnuður landsins.**

„Ég er að fara að taka þátt í sýningu Hönnunar- og handverksskólans við Tækniskólann sem er haldin í samvinnu við Unglist fyrir nemendur,“ segir Særós Mist Hrannarsdóttir, 17 ára fatahönnuður.

Þetta í þriðja sinn á rúmu ári sem Særós sýnir hönnun eftir sjálfa sig. „Ég er búin að vera með tvær einkasýningar áður. Ég var með mína fyrstu sýningu í kjallara Hins hússins sumarið 2007, mína fyrstu fatalínu sem samanstóð af 21 fatasetti. Svo var ég með 11 fatasett á útisýningu á Menningarnótt í ár,“ segir Særós og bætir við: „Ég fékk fornbílafélagið til að vera með mér. Einn bíll opnaði sýninguna með því að keyra niður Skólavörðustíginn. Annar bíll keyrði á eftir fyrirsætunum sem sýndu fötin og lokaði sýningunni.“

Særós byrjaði sína fyrstu önn í Hönnunar- og handverksskólanum nú í haust, en hefur þegar fangað athygli búðareiganda á höfuðborgarsvæðinu. „Ég er að selja vörurnar mínar í Ranimósk á Laugaveginum. Ég er búin að selja meirihlutann af fyrstu línunni og er að selja það sem eftir er af seinni línunni,“ segir Særós ánægð.

Sýning Tækniskólans fer fram í Laugardalslaug 15. nóvember næstkomandi þar sem ungir listamenn fá tækifæri til að koma sér á framfæri.

Vörur Særósar eru einnig til sýnis og sölu á heimasíðunni www.myspace.com/saeros_design. *-aóv*



**Særós Mist Hrannarsdóttir öðlaðist áhuga á fatahönnun í Danmörku, þar sem hún fékk að kynnast námi í fatahönnun.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


ÍSLENSKAR INNRÉTTINGAR

ELDHÚSINNRÉTTINGAR, BAÐINNRÉTTINGAR OG FATASKÁPAR Á AFAR HAGSTÆÐU VERÐI



AF HVERJU AÐ VELJA ÍSLENSKA FRAMLEIÐSLU:

-BETRA VERÐ (vegna gengis)
-VANDAÐRI VINNA
-MEIRI SVEIGJANLEIKI
-ENGIN GENIGSÁHÆTTA
-ATVINNA Í LANDINU
-SPARAÐUR GJALDEYRIR
-VELTA INN Í HAGKERFIÐ
-VELTA INN Í SKATTKERFIÐ

Stöndum saman veljum íslenskt

AXIS

Smiðjuvegur 9 - 200 Kópavogur
Sími 535 4300 - Fax 535 4301
Netfang: axis@axis.is
Heimasíða: www.axis.is

Íslensk hönnun og framleiðsla í 73 ár

# Endingargott gólfefni

Geo-parket er íslensk parketlína í gegnheilu og samlímdu parketi sem framleitt er af fyrirtækinu GeoPlank ehf. Fyrirtækið framleiðir iðnaðarspón, parket og veggjaþiljur ásamt annarri sérvinnslu.

Allur harðviður sem Geo vinnur er þurrkaður í verksmiðju félagsins í Grindavík með jarðhita frá Svartsengi. Helsta framleiðsla GeoPlank er iðnaðarspónn sem seldur er erlendum parketframleiðendum sem efsta lag í samlímt plankaparket en fyrirtækið er stærsti inn- og útflytjandi á harðviði á Íslandi. Helstu viðartegundir eru amerísk og evrópsk hvít eik, amerísk hnota, amerískur hlynur og amerískur kirsuberjaviður.

Veitt er ráðgjöf við val og kaup á harðviði en fyrirtækið getur útvegað harðvið og unnið eftir óskum kaupenda. Þá er til dæmis hægt að fá kvistað parket eða án kvista, með eða án ryskju, litavalið eða blandað.

GEO-parketlínan er framleidd samkvæmt ströngustu gæðastöðlum og allt hráefni er frá viðurkenndum framleiðendum. Hægt er að fá parketið í verslun Geo í Grindavík að Víkurbraut 46. Einnig er hægt að koma sýnishorni af Geo parketi til viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu þeim að kostnaðarlausu auk þess sem sýnishorn eru send hvert á land sem er. Hafa má samband við sölumenn í síma 426 7800 eða senda fyrirspurn í gegnum vefsíðuna www.geo.is. *- hs*





**GeoPlank ehf. er íslenskt fyrirtæki sem framleiðir iðnaðarspón, parket og veggjaþiljur.** MYND/WWW.GEO.IS



**Stefán bjó til barnavöggur á Blindravinnustofunni í mörg ár en framleiðir þær í dag á heimili sínu.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Barnavöggur og brúðurúm

**Íslensk börn hafa í áraraðir sofið fyrstu mánuði ævinnar í tágarvöggu en þær eru framleiddar í heimahúsi í Hlíðunum.**

Stefán B. Stefánsson fæst við að gera barnavöggur og brúðurúm úr tágum og tré á heimili sínu í Hlíðunum. Hann lærði körfugerð hjá Blindravinnustofunni á sínum tíma en framleiðslunni var hætt fyrir allnokkru.

Stefán ákvað ásamt Ágústu Gunnarsdóttur að halda framleiðslunni áfram á eigin spýtur árið 2003. Stefán fær efniviðinn frá Belgíu og Hollandi en vinnan fer að mestu fram í geymslunni á heimili hans. Hann er um það bil einn vinnudag að búa til vöggu enda þaulvanur.

„Ég byrja á því að leggja efniviðinn í bleyti í um það bil klukkustund. Fléttuvinnan tekur síðan um fjóra til fimm tíma en auk þess þarf að bora botninn og búa til hjólagrindina,“ útskýrir Stefán.

Hann starfar hjá Blindravinnustofunni á daginn og tekur til við vöggugerðina þegar heim er komið. Hann tekur einnig að sér viðgerðir á gömlum vöggum en margar hafa gengið í ættir áratugum saman.

Vöggurnar kosta 21.000 krónur með dýnu frá Listadún Marco. Þá selur Þumalína sérstaka vögguklæðningu. Stefán segir eftirspurnina alltaf aukast fyrir jólin og þá sérstaklega eftir brúðurúmum sem fast í tveimur mismunandi stærðum. Nánari upplýsingar fást í síma 846 7001. *- ve*






**● UMHVERFISVÆN HÖNNUN**

Table 29-borðið eftir hinn hálfíslenska Chuck Mack er gert úr sjálfbærum við. Um er að ræða „græna“ hönnun og hlaut Mack hin virtu Red Dot-verðlaun fyrir hana fyrr á árinu. Skilyrðið fyrir þátttöku er að hluturinn sé tilbúinn til framleiðslu en Mack er með framleiðslufyrirtæki í Bandaríkjunum. Hann tekur þó einnig við sérpöntunum og smíðar einstaka hluti sjálfur. Mack á íslenska móður og bandarískan föður en hefur verið búsettur á Íslandi síðan 2003.



# Sérsmíðaðir ofnar

Hjá Ofnasmiðju Suðurnesja, sem er í eigu BYKO, starfa nokkrir vaskir menn við framleiðslu RÚNT-YL-ofna sem hafa hitað upp heimili landsmanna um árabil. Þar er hægt að fá sérsmíðaða ofna eftir máli sem hentar.

„Á níunda og tíunda áratugnum voru flestir ofnar framleiddir hérlendis en í dag er stærstur hluti þeirra innfluttur,“ segir Finnbogi Ottó Guðmundsson sölustjóri Ofnasmiðju Suðurnesja. Hann segir þó enn markað fyrir RÚNT-YL-ofnum.



**Venjulegir ofnar eru lægstir um þrjátíu sentímetrar en RÚNT-YL-ofnana er hægt að fá niður í fjórtán sentimetra.**

„Venjulegir ofnar eru lægstir um þrjátíu sentímetrar en RÚNT-YL-ofnana er hægt að fá niður í fjórtán sentimetra. Þar sem ekki er pláss fyrir háa ofna geta þeir því verið góður kostur. Ef skipta þarf út gömlum RÚNT-YL-ofni kemur líka í sumum tilfellum ekki annað til greina en að láta smíða annan eins. Þeir innfluttu eru þó ódýrari og eru oftast notaðir á heimili þar sem því er komið við,“ útskýrir Finnbogi.

Hann segir um gæðaofna að ræða sem gefi frá sér meiri varma en hefðbundnir ofnar. „Þeir eru því töluvert notaðir í skólabyggingar og stofnanir og eins þar sem lágt er frá gólfi upp í glugga.“ *- ve*


Veljum íslenskt
– okkar hagur!
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is



Nútímalegar tölvutöskur eftir Örvi Creative, sem er skapandi fyrirtæki sem leitar nýrra og ferskra leiða í hönnun úr endurvinnanlegu plasti. Möguleikar á formi, litum og áferð eru nánast takmarkalausir, og unnt að vinna úrlausnir úr hvaða hugmynd sem er og fyrir hvern sem er.




Rock Chock with Almonds: Súkkulaðigítar með möndlum eftir On ehf. sem sérhæfir sig í „pop up-lausnum" og hefur hannað ýmsar vörur fyrir Goko Yoko til að fanga athygli viðskipavina á óvenjulegan og nýstárlegan máta.



Grow Me – sjálfvökvandi, lífrænn kryddjurtapottur. Hægt er að velja um mismunandi tegundir af fræjum og þarf einungis að bæta vatni á til að hefja ræktun. Fyrirtækið er nefnt eftir fyrstu vörunni, Grow Me, en það veitir vernduðum vinnustöðum um allan heim nýjar hugmyndir til framleiðslu.

# Björt framtíð

**Dýrmætustu auðlindir íslensku þjóðarinnar eru óbeislað hugmyndaflug og frjór hugur. Sú hugmynd liggur til grundvallar kynningunni og sýningunni Nýjar leiðir í atvinnusköpun á umbrotatímum**




USB-lykill í formi lítillar kassettu eftir On ehf. Hugmyndin byggir á mixteipum sem gefin voru á milli vina á tímum kassettunnar. Unnið í samstarfi við Goko Yoko og þá farið inn á heimasíðu þeirra, valin tónlist og lagalisti inn á USB-lykilinn sem gefinn er vini í formi hálsmens sem geymir „mixteip" nútímans.

Ungt fólk í Listaháskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík veit þetta. En það hefur tekið höndum saman um að finna þessum auðlindum farveg á milli ólíkra sviða og listgreina og finna nýjar leiðir til atvinnusköpunar á umbrotatímum.

„Við erum að smíða grundvöll fyrir fólk til að setja hugmyndir sínar á netið svo hægt sé að vinna úr þeim betur hér heima, en hann vantar akkúrat núna vegna efnahagsástands þjóðarinnar," segir Ragnar Már Nikulásson, nemandi í grafískri hönnun í Listaháskóla Íslands. Hann er einn þátttakenda í samstarfsverkefni háskólanna tveggja við að leysa sköpunarkraft úr læðingi og tryggja að góðar hugmyndir geti orðið að veruleika.

„Tilgangurinn er að opna aðgang að hugmyndum og auka með því möguleika á að fólk vinni saman að útfærslu hugmyndanna með framleiðslu í huga. Mikill áhugi er á framhaldsvinnu við hugmyndirnar eftir að samstarfsverkefninu lýkur, og óskandi að það verði að veruleika," segir Ragnar Már, um afrakstur samvinnu nemenda LHÍ og HR, sem kynntur verður í Þjóðleikhúskjallaranum föstudaginn 31. október frá klukkan 13 til 17. Að kynningu lokinni gefst gestum kostur á að skoða verkefnin betur, skála fyrir Íslandi og fagna framtíðinni, sem er björt þegar horft er til virkjanamöguleika íslensks hugarafls. Klukkan 18 tilkynnir dómnefnd hvaða hópur hlýtur verðlaun Klaks, nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins, fyrir besta verkefnið, en alls tóku tólf mismunandi hópar, skipaðir nemendum úr báðum háskólunum, þátt í hugmyndavinnunni.

*- þlg*








„Við í Stuðlabergi höfum reynt að verða við óskum þjónustuverkstæðanna sem mixa hljóðkerfin undir breytta bíla," segir vélvirkinn Gunnlaugur, sem hér er staddur í Pústþjónustu BJB í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stendur á gömlum merg

„Íslendingar hafa verið duglegir við að breyta bílum, hækka þá upp og auka getu þeirra í torfærum. Við í Stuðlabergi höfum reynt að verða við óskum þjónustuverkstæðanna sem mixa hljóðkerfin undir þessa breyttu bíla," segir Gunnlaugur Steingrímsson vélvirki.

Hann er annar eigenda málmiðnaðarfyrirtækisins Stuðlabergs sem er á Hofsósi. Auk þess að framleiða hjólbörur og girðingarefni hefur Stuðlaberg sérhæft sig í hljóðkútum og púststerfum. Spurður hvort sérmíðað sé undir hvern bíl, svarar hann hógvær: „Já, það er nú verið að eltast við það, enda erfitt að fjöldaframleiða svona kerfi vegna þess hversu misjafnt er hvernig bílunum er breytt. Púst-þjónusta BJB við Flatahraun í Hafnarfirði er okkar aðalsöluaðili og þar er allt-



af eitthvað til á lager. Hins vegar höfum við ekki fylgt markaðnum eftir, því erfitt hefur verið að keppa við verð erlendis frá. Nú fer það náttúrulega á hinn veginn. Það liggur alveg ljóst fyrir."

Gunnlaugur segir Stuðlaberg smíða hljóðkútana úr járni. En hvaða eiginleika þarf góður kútur að hafa? „Ja, hann þarf náttúrulega að veita krafti bílsins sem minnst viðnám en dempa hljóðið samt. Nema hjá þeim sem eru að leita eftir sérstökum hljóðum." Þetta síðasta bendir til að sumir vilji láta heyrast hressilega í bílum sínum og Gunnlaugur mælir ekki á móti því. „Það er allt til," segir hann með hægð og bætir við: „Ákveðinn hópur, ekki síst ungra ökumanna, hefur hug á að búa til hávaða en koma samt bílnum gegnum skoðun. Ökutækið þarf að standast viss ar kröfur og þarna er stundum mjótt bil og vandratað."

*- gun*


Egils
Hátíðlegt bragð
Egils
MALT
APPELSÍN
Egils
Jólaöl
OG
APPELSÍN



**Engin húfa er eins og eru þær litríkar og hlýjar.**

# Engar tvær eins

Myndlistarkonan Halldóra Emilsdóttir er mörgum kunn fyrir litríkar, loðnar og skemmtilegar húfur sem hún heklar og selur meðal annars í Kirsuberjatrénu, versluninni Sirku á Akureyri og hjá vefversluninni Sirku á www.sirka.is.

Engar tvær húfur eru nákvæmlega eins og hafa þær notið mikilla vinsælda. Oft má sjá þær á ferð um bæinn á snotrum meyjarkollum og auk þess að vera höfuðprýði halda þær góðum hita á eigendum sínum.



**Sápuóperan framleiðir náttúruvænar sápur.**

# Umhverfisvæn sápa Náttúru

Náttúrumarkaðurinn á natturan.is býður nú umhverfisvænan þvottalög sem kallast Bjarmi. Hann er framleiddur af Kaupverki ehf., Sápuóperunni á Hvolsvelli. Bjarmi er handunnin íslensk framleiðsla án allra ilm- og litarefna sem og annarra aukaefna. Bjarmi hefur reynst mjög vel til allra þrifa og vinnur vel á erfiðum blettum og fitu. Hann fæst í tveimur stærðum, fimm lítra brúsa og 500 ml úðabrúsa.

Auk Bjarma framleiðir Sápuóperan náttúrulegar sápur með birki- og þara í þæfðri ull. Þarasápan er með lífrænt vottuðum þara frá Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum en birkisápan er með birkilaufi úr villtri íslenskri náttúru. Utan um sápurnar er þæfð íslensk ull. Einnig er hægt að fá handunna sápubakka úr endurunnum viði sem passa vel við sápurnar. Bjarni Óskar Pálsson og Svanfríður Hagvaag reka Sápuóperuna á Hvolsvelli og hafa þróað vörurnar og framleiða þær sjálf en á Náttúrumarkaðnum á natturan.is er úrval af lífrænum, náttúrulegum og umhverfisvottuðum vörum á boðstólum.

HEREFORD STEIKHÚS

Villibráðardagar
fim-sun fram að jólahlaðborði

Foréttar þrenna
Grafin gæs með hindberja-vinegar
Fashani með epla-compoti
Heitreykt önd með bláberja-sósu

Milliréttur
Villigæsasúpa

Aðalréttur
Hreindýrasteik með sykurhúðuðum kartöflum,
Waldorf salati og villisósu

Eftirréttur
Logandi Créme Bruée

Verð -6.900 Kr.

Jólahlaðborð
Jólahlaðborð Hereford steikhús 2008

Forréttir
Sjávarréttasúpa Hereford, Grafin gæs með hindiberja vinegar
Nauta-carpaccio með klettasalats-pesto og parmesan-osti
Hreindýrapate, Önd orange, Nauta-tatakí með rauðum engifer,
wasabi og sojasósu, Teryaki lax, Grafinn lax, Tvær tegundir
af síld, Tígrisrækjur með epla-compoti, Reykt villi önd

Aðalréttir
Hamborgarahryggur, Nauta entrecote, Purusteik,
Lambalæri, Hangikjöt

Ath bæði forréttir og aðalréttir
eru með úrvali af viðeigandi meðlæti

Glæsilegt eftirréttahlaðborð

Verð: Fim. og Sun - 5.500 Kr
Föst. og Lau - 6.500 Kr

Glæsilegt jólahlaðborð hefst föstud. 21.nóv

*Munið að panta í síma 5113350*



**POLARN O. PYRET** hefur opnað verslun í Smáralind. Polarn O. Pyret er þekkt barnafatamerki sem margir Íslendingar hafa tekið ástfóstri við en fyrirtækið hefur verið með verslun í Kringlunni í fjölda ára.





## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR



**Bergþór Bjarnason skrifar frá París**

# Þéttar á velli og þéttar í lund

Í eina tíð voru breiðar konur dæmdar til að vera í kartöflupokum, sendar í útlegð úr heimi tískunnar þar sem margir hönnuðir enn þann dag í dag vilja ekki hanna í stærri stærðum en 42 í nafni ímyndar. Reyndar verður að segjast eins og er að Íslendingar hafa mikið bætt á sig á síðustu áratugum og er mikill munur að sjá þjóðina í dag miðað við það sem áður var. Nokkrir hafa þó skilið mikilvægi þess að bjóða upp á breiðari tískulínur og að þarna væri sömuleiðis leið til þess að plægja nýja viðskiptaakra.

En það er ekki sama hvernig þéttar konur klæða sig og gildrurnar eru margar. Og þrátt fyrir að þéttari konur séu nú heldur meira í tísku, eins og kvikmyndastjörnurnar Monica Bellucci og Scarlett Johanson eða söngkonan Beth Ditto í Gossip, eru fyrirsæturnar á sýningarpöllunum alltaf jafnhoraðar. Spurning hvort það sé kannski best að vera bara áfram í sama gamla formlausa kjólnum? Ekki endilega. Það þarf aðeins að vita hvernig á að aðlaga tískulínurnar að annarri líkamsgerð en fyrirsætanna. Þar liggur hundurinn grafinn. Ekki fylgja tískunni eins og trúarbrögðum heldur taka það sem passar og blanda saman. Hugarflug og hugrekki eru lykilorðin og enginn þarf að vera þræll kartöflupokans.

Hermannatíska hefur verið í gangi um nokkurt skeið og hentar vel þybbnum með víðum buxum og þá er til dæmis tilvalið að nota þunnar bómullarblússur sem ná niður á mjaðmir. Fyrir nokkru voru víðu pilsin allsráðandi í sumartísku en þessi víðu pils hafa haldist í tísku síðan. Með hippastílnum sem er enn mjög sterklega inni hafa pilsin tekið breytingum en þau eru upplögð fyrir allar líkamsgerðir. Reyndar eru nú styttri pils einnig í tísku en flest með útvíkkandi lagi sem hentar vel þeim sem hafa meira yfirborð. Einlitur klæðnaður er heppilegri en munstur til þess að ýkja ekki líkamsformið en það þýðir ekki að allt eigi að vera svart eða grátt og þar með leiðinlegt. Djúpir litir eins og næturblátt eru heppilegir því sérfræðingarnir halda því fram að kaldir litir kaldir litir lengi líkamann en heitir geri fólk kringlóttara.



Til þess að hressa upp á litinn með blússum eða bolum með blómamynstri þá á að velja blóm sem eru hvorki of stór né of lítil og sniðið á að vera útvíkkandi (trapèse) til að fela maga og mjaðmir. Ekki er verra að eiga munstraða skó sem passa við og sýna tískuspeki viðkomandi.

En kannski er nú lag í kreppunni að breyta lífsháttum sínum og verða umhverfisábyrgari, breyta um mataræði og færa sig niður um eina eða tvær stærðir fyrir jól.

*bergb75@free.fr*

























40 fm. stúdíóíbúð með sér bílastæði til leigu í 101. 98 þús. á mán. S. 692 1681.

3ja herb. 100 fm. íbúð á Hátegsvegi til leigu. 150 þús. á mán. S. 893 4860.

4ra herb. 120 fm. íbúð með sérinngang og 30 fm. bílskúr til leigu í áslandi í hfj. Laus 1.des. S. 690 3351.

4 herbergja íbúð til leigu í kóp reyklaus og reglusemi .150 þúsund á mánuði upplýsingar 8470891 Ásdís

Til leigu fjórar á sanngjörnu verði 4 herbergja íbúðir og ein 5 herbergja ásamt fjórum stúdíó íbúðum. Þetta eru glæsilegar íbúðir miðsvæðis í Hafnarfirði. uppl: 8480843, bs@vortex.is

50 fm íbúð í Kóp. og 50 fm íbúðir í Vesturbæ með fylgjandi auka herb. Uppl. í s. 664 8894.

Glæsileg stúdíóíbúð með öllum húsgögnum til leigu á mjög góðum stað í hafnarfj. Uppl. í s. 899 7004.

Mjög gott herbergi til leigu í hafnarfj. Eldunar og þvottaaðstaða. Uppl. í s. 899 7004.

Góð og snyrtileg 2 herb. íb. í 105 Rvk. til leigu með húsgögnum. Laus strax. Leiga 130.000 á mán. Fully furnished - Beautiful 70 sqm flat available. Rent 130.000 ISK per month. Tel. 821 1352.

Til leigu ný glæsileg 3 herb íbúð í hafnarfirði á 130.000 á mánuði. Uppl. í síma 8936197

Hanarfj/Ásland. Mjög góð 3ja h íbúð til leigu á 130þ með öllu. Garður/gluggatj. Einhv húsg?. Reglus/reykl/ekki gælud. Laus 1.nóv. S 664 6589

Einbýli í neðra Breiðholti, 160fm, 4 svherb, mjög rúmgóð, V. 180 þ.+raf/hiti. laus 1.nóv. Uppl í s: 698-1254

Nýleg 20 fm stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Laus. Leiga 69þ. S. 663 5791.

3 Herbergja íbúð við Hátún til leigu. V100.þ mán. S. 848 3763.

180 fm einbýli til leigu í 203 Kóp. Glæsileg staðsetning, stór lóð, 3 svefnherb. Leiga 190 þ. á mán. + trygging, rafm. og hiti. Uppl. í s. 896 5430.

Rúmgott herbergi í 101 til leigu. Aðgangur að eldhúsi og baðherbergi. Uppl í síma 770 6090.

3 herbergja 82 fm íbúð til leigu á besta stað í Hafnarfirði 220. Mánaðarleiga 120.000,- kr. Uppl í síma 693-1501.

Til leigu ný 3 herb. rúmgóð og falleg íbúð í Hfj. Uppl. í s. 899 7262.

2 íbúðir til leigu á Grettisgötu. 2 skemmtilegar 2-3 herb. íbúðir í sama húsi. Leigjast saman eða í sitt hvoru lagi. Önnur leigist á 95 þús. hin á 120 þús. Lausar strax. s. 697 3864.

Mjög góð 4 herb. útsýnis íbúð á Kleppsvegi. V. 140 þ. Hiti og hússjóður innifalið. Uppl. í s. 898 0187.

Til leigu 95 fm 3 herbergja skemmtileg íbúð í Bryggjuhverfinu. Íbúðin er með stórum palli og bílskýli. Verð kr. 120.000,- á mánuði. Áhugasamir sendi póst á kk3@3sagas.com

**Íbúðir til leigu**
Skrifstofa Leiguliða auglýsa lausar nýjar og notaðar íbúðir til leigu í Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfirði. www.leigulidar.is eða S. 517 3440.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Gistiheimili langtímaleiga Funahöfða 110 Rvk. / Dalshraun 220 Hfj. S. 824 4530.

## Húsnæði óskast

Óska eftir að leigja huggulega einstaklings eða 2ja herb. íbúð. Uppl. í s. 898 1010.

40 ára kona leitar eftir að leigja stúdíóíbúð. Greiðslugeta 30-40 þ. á mán. S. 845 3173.

46 ára karlmaður óskar eftir herbergi til leigu í RVK. sími 6928320.

Par óskar eftir íbúð á svæði 101, 105 eða 107. Greiðslugeta 80.000 kr. á mánuði eða þrír mánuðir fyrirfram. Upplýsingar um íbúðir lausar frá 1.Nóv. til 1. Júní sendist vinsamlegast á tölvupóstin mennsk@gmail.com

## Sumarbústaðir

**Til leigu**
Vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km frá Rvk. Heitur pottur. Uppl. í s. 663 2712.

Sumahús til leigu í Brekkuskógi. Glæsilegt hús í alla staði.Heitur pottur. Sími 8410265

## Atvinnuhúsnæði

Verslunarhúsnæði við Laugarveg, 100 fm til leigu. Laust frá 1. Des. Uppl. í s. 822 8168.

Til leigu iðnaðar- og lagerhúsnæði í Hafnarfirði, stærðir frá 95 fm til 1000 fm. S. 822 4200 & 660 1060.

## Geymsluhúsnæði




Til leigu upphitað og læst geymsluhúsnæði fyrir húsbíla, fellihýs ofl. Nánari uppl. í s. 664 8894.

**geymslaeitt.is**
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

**Nú fer hver að verða síðastur !**
Upphituð rými f. fellihýsi, tjaldv. hjólh. bátar ofl. í Borgarfirði. Gott verð. S. 663 2130.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Gisting

**Gisting í Kaupmannahöf**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum, skammtímaleiga. Nánari uppl. í s. 822-7303, 891-8612, +45 27111038 eða annalilja@stracta.com.

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Herbergi, íbúð, stúdíóíbúð email@gistiheimilid.dk S. 0045 2460 9552.

# ATVINNA

## Atvinna í boði




Vantar þig vinnu ? Vantar þig tekjur ? Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar www.4ever.is - Atvinnutækifæri Guðmundur A Jóhannsson Sími. 662 2445.

Óskum eftir vélvirkja, bifreiðavirkja eða vönum manni í bifreiðaviðgerðum. Verkstæðið sérhæfir sig í viðgerðum á diesel vélum. Áhugasamir sendi inn umsókn í afgreiðlsu fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, fyrir 5. nóv. Merkt „611183"

Vanan stýrimann vantar á tæplega 200 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Einnig vantar vélstjóra á 80 tonn netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522.

Bílabúð Benna óskar eftir að ráða starfmann á dekkjaverkstæði. Við leitum að duglegum starfsmanni sem getur hafið störf strax. Uppl. í s. 590 2000.

Vanan stýrimann vantar á dragnótarbát sem gerður er út á Breiðafirði og Vestfjörðum. Uppl. í s. 894 9419.

Fjölskyldu í Hafnarfirði vantar aðstoð með heimilishaldið. 20 klst á viku, góð laun í boði. Þrif, þvottur og matreiðsla. Áhugasamir hafið samband við Björgvin í síma 8665130.

**HENDUR.IS**
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

## Atvinna óskast

Maður 33 ára m. vinnuvélaréttindi og meirapróf. Reynsla af lyftara/skotbómu, gröfu og hjólaskóflu. Er með háskólamenntun og góða tungumálakunnáttu (enska, norska, rússnenska, úkraínska, pólska). Öll vinna kemur til greina. S. 861 4478.

ER AÐ FLYTJA!! Guðrún heiti ég og er að flytja til Reykjavíkur og mig vantar vinnu.Ég er ROSALEGA DUGLEG og GET ALLT.Allt kemur til greina.Sími 8963348

**Hellulagnir**
Óska eftir tilboðum í tæplega 300 m2 innkeyrslu. Nánari uppl. fást í s. 618 1812.

Reynslumikill sjúkraliði óskar eftir 50-70% dagvinnu. Upplýsingar í síma 861-4424 eftir kl. 13.

**HENDUR.IS**
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Óska eftir módelum hels grönnum og hávöxnum fyrir hárgreiðslusýningu 6nov. Áhugasamir hafi samband í gsm 660-6802 eða sendið póst með mynd á katrin.is@hotmail.com.

Er þinn hópur að fara í fjáröflun ? Allt um styrktarsölu á www.papco.is

## Ýmislegt

Meðferð og hvað svo?

EKRON
STARFSÞJÁLFUN
www.ekron.is

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**

**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

## Atvinna

**Meðeigandi og samstarfsmaður**

óskast að öflugu bílasprautunar- og réttingarverkstæði í Reykjavík.

**Áhugasamir hafi samband í síma 660 3770**

## Tapað / Fundið




**Bifhjóli stolið**
Honda CBR 600RR bifhjóli með skráningarnúmerið YM A53 var stolið frá Hverafold 12 í Reykjavík þann 3. október. Hjólið er sambærilegt því sem er á myndinni. **Þeir sem mögulega geta veitt upplýsingar um málið eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við Svein Fjalar á netfangið sveinna@vis.is eða í síma 560-5322.**

**Fasteignablaðið**
**512 5469**
**694 4103**




**Ruth Bergs**
ruth@365.is

## Tilboð

**Glæsilegt tilboð á Dong Fang Salon:**

**Allar vaxmeðferðir með 20% afslætti! Gildir í október.**

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIDIR

**Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

†



*Ástkær eiginkona mín og besti vinur, móðir okkar og amma, dóttir, tengdamóðir, systir og mágkona,*

**Herdís Björg Gunngeirsdóttir**

Ársölum 3, Kópavogi,

lést á heimili sínu aðfaranótt þriðjudagsins 28. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Friðrik Björnsson**
**Gunngeir Friðriksson** **Edda Björg Sigmarsdóttir**
**Ásgeir Friðriksson** **Helga Lára Ólafsdóttir**
**Sigurrós Friðriksdóttir**
**Sigurrós Eyjólfsdóttir**
**Viðar Gunngeirsson** **Halla Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**

†



*Þökkum innilega alla þá vináttu og samúð sem okkur var sýnd við fráfall móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Svövu Guðjónsdóttur**

áður til heimilis í Bakkahlíð 45, Akureyri.

Guð blessi ykkur öll.

**Börn hinn látnu.**

†



*Ástkær sonur okkar, bróðir, barnabarn, barnabarnabarn og frændi,*

**Bjarni Salvar Sigurðsson,**

til heimilis að Stuðlabergi 76, Hafnarfirði,

andaðist að Barnaspítala Hringsins þann 23. október síðastliðinn. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði, föstudaginn 31. október, kl. 13.00.

**Rakel Hrund Matthíasdóttir** **Sigurður Þór Björgvinsson**
**Þórunn Lea Sigurðardóttir**
**Elsa Bjarnadóttir** **Matthías Eyjólfsson**
**Þórunn Ólafsdóttir** **Daníel Magnús Jörundsson**
**Ragnheiður Reynisdóttir** **Björgvin Helgi Halldórsson**
**Sigríður Þorleifsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

†



*Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðfinna Bjarnadóttir Ólafs**

Látraströnd 19, Seltjarnarnesi,

sem lést 23. október verður jarðsungin frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 31. október kl. 15.00.

**Skúli Ólafs** **Guðbjörg R. Jónsdóttir**
**Bjarni Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Mín ástkæra eiginkona,*

**Ester Óskarsdóttir**

Kirkjuvegi 20 ( Gamló )Vestmannaeyjum,

lést á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja þann 29. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Brynjar Karl Stefánsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**CHARLES ATLAS KRAFTAJÖTUNN FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1892.**

*„Gefðu mér einungis fimmtán mínútur á dag og ég sanna að ég get breytt þér í nýjan mann!“*

***Charles Atlas, áður nefndur Angelo Siciliano, þróaði líkamsræktarkerfi og æfingar sem enn eru við lýði en hann kvaðst hafa breytt sjálfum sér úr horuðum aula í þróaðasta mann heims.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 30. OKTÓBER 1975

## *Carlos í stað Franco*



Juan Carlos Spánarprins varð þjóðarleiðtogi Spánverja á þessum degi fyrir 33 árum og tók þá við af einræðisherranum Francisco Franco hershöfðingja sem lá sjúkur.

Hann var skipaður konungur landsins 22. nóvember sama ár, tveimur dögum eftir andlát Francos. Franco var fyrst lítt hrifinn af því að endurreisa spænska konungsveldið. Hins vegar þurfti að leiða til lykta hver tæki við að honum látnum og loks samþykkti hann að arftakinn yrði konungborinn. Hins vegar var Franco fullur efasemda í garð Juans Carlos eldri, föður Spánarkonungs, sem hann taldi frjálslyndan og á móti stjórninni. Því afréð hann að færa völdin í hendur syni hans sem hann taldi auðveldara að heilaþvo. Spánarprinsinn studdi stjórn Francos opinberlega á þessum árum en átti leynileg samtöl við föður sinn og fundi með stjórnarandstöðu.

Juan Carlos hafði yfirumsjón með umskiptum frá einræði yfir í þinglýðræði á Spáni og tókst vel til. Kannanir frá árinu 2000 sýna að hann er vinsæll meðal þegna sinna og var valinn vinsælasti leiðtogi spænskumælandi landa í ár.



**SEFUR VART FYRIR SPENNINGI** Ómar Smárason, leyfis- og markaðsstjóri KSÍ, hefur beðið spenntur eftir úrslitaleiknum frá því íslenska kvennalandsliðið gerði jafntefli við Íra á sunnudaginn. Í kvöld ræðst hvort stelpurnar komast áfram í lokakeppni EM 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÓMAR SMÁRASON:** KVENNALANDSLIÐIÐ SPILAR UM SÆTI Í LOKAKEPPNI EM 2009

# Mikilvægasti leikurinn til þessa

Kvennalandslið Íslands í fótbolta mun nú leika sinn mikilvægasta leik frá því fyrsti kvennalandsleikurinn fór fram árið 1981 við Skotland. Mikið er í húfi þar sem sæti í lokakeppni Evrópumótsins árið 2009 í Finnlandi er innan seilingar og er Ómar Smárason, leyfis- og markaðsstjóri Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ), að vonum spenntur fyrir leiknum.

„Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því árið 1981. Lokakeppni stórmóts er eitthvað sem allir knattspyrnumenn keppa að og nú er einungis einn leikur sem ræður því hvort þær komast í úrslitakeppni stórmóts. Stelpurnar eiga því möguleika á stórkostlegu tækifæri og vonandi grípa þær það,“ segir Ómar áhugasamur og bætir við: „Þeim dugar að gera 0-0 jafntefli við Íra og ef þær vinna þá eru þær náttúrulega komnar áfram líka. Ég veit að þjálfarinn þeirra, Sigurður Ragnar Eyjólfsson, leggur alla leiki upp þannig að þær sæki til að vinna og hann setti markið strax á þetta mót.“

Kvennalandsliðið náði jafntefli í umspilsleiknum við Íra í Dublin, 26. október síðastliðinn, en lokatölur urðu 1-1. Úrslitin ráðast því væntanlega á Laugardalsvellinum í dag. „Karlarnir hafa aldrei komist í svona úrslit en erfitt er þó að bera karla- og kvennaknattspyrnu saman þar sem fleiri lið eru í karlaknattspyrnu og uppbygging mótanna er öðruvísi. Við skulum því ekki falla í þá gryfju að bera of mikið saman heldur leyfa bara stelpunum að eiga þetta alveg fyrir sig,“ segir Ómar sposkur á svip.

Tólf lið leika til úrslita á Evrópumótinu 2009 og þau lið sem unnu sína riðla eru öll komin áfram. Í dag lýkur síðan umspili um hin lausu sætin. „Öll sterkustu liðin eru komin áfram og má þar nefna Þýskaland og Frakkland úr okkar riðli og Noreg og Svíþjóð. Þarna eru öll sterkustu kvennalandslið Evrópu. Það er svo mikill munur á þeim bestu og næstbestu. Þessi langbestu eru öll komin áfram,“ útskýrir Ómar. Þetta er þó ekki í fyrsta skipti sem kvennalandslið Íslands kemst í þetta umspil. „Við höfum bara alltaf lent á móti svo sterkum þjóðum eins og Englandi og Noregi þannig að það hefur verið við ramman reip að draga,“ segir Ómar og nefnir að nú leiki kvennalandsliðið í fyrsta skipti við lið sem er svipað að styrk í umspili fyrir Evrópumótið og eigi þannig góða möguleika á að komast áfram. „Þetta er mjög sterkur og samstilltur hópur og er án efa besta landslið sem við höfum nokkurn tíma haft,“ segir Ómar stoltur. „Við finnum fyrir miklum stuðningi en það er svo sérstakt að þó að stundum gangi illa þá styðja allir áfram við bakið á þeim. Þær eiga dyggan stuðningshóp.“

Miðasala er í fullum gangi á midi.is og er miðaverð 1.000 krónur fyrir fullorðna en frítt er fyrir 16 ára og yngri. Áætlað er að leikirnn hefjist klukkan 18.10 og vonast KSÍ til að sem flestir sjái sér fært að mæta á völlinn og styðja stelpurnar. „Það verður eflaust kalt á vellinum þannig að við hvetjum fólk til að mæta vel búið í kuldagalla með kakóbrúsa og upplifa frábæra stemningu og styðja liðið,“ segir Ómar að lokum en öruggt er að hann mætir á leikinn góða.

**hrefna@frettabladid.is**

**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**

**Mikið úrval**
**Yfir 40 ára reynsla**

Sendum myndalista



*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is



# 50 ára afmæli

Í dag, er ég

## Ólöf Laufey

50 ára. Ég er ekki eins ung og ég var. En ég er ekki eins gömul og ég verð. Af þessu tilefni langar mig að halda smá teiti laugardaginn 1. nóv. kl. 17 í Oddfellowsalnum að Staðarbergi 2-4. Gjafir afþakkaðar, en líknarmál eru mér mjög ofarlega í huga, ef velunnarar vilja láta eitthvað af hendi rakna í tilefni af tímamótunum.

# Húsasmiðjan og Blómaval

## 27 verslanir um land allt



**Ísafjörður**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-14

**Akureyri**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-16

**Dalvík**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-14

**Húsavík**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-13

**Egilsstaðir**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-16

**Reyðarfjörður**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-14

**Höfn í Hornafirði**
Opið: mán-fös 8-12 og 13-18

**Vestmannaeyjar**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-14

**Hvolsvöllur**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-13

**Kópavogur**
Opið: mán-fös 8-19, lau 10-18, sun 11-17

**Hafnarfjörður**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-16

**Reykjanesbær**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-18, sun 12-17

**Selfoss**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-15, sun 12-16
Timbursala lokuð á sunnudögum

**Akranes**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-15

**Borgarnes**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-16

**Timbursala Súðarvogi**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-14

**Pípulagnaverslun**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-15

**Skútuvogur**
Opið: mán-fös 8-21, lau 9-21, sun 10-21

**Grafarholt**
Opið: mán-fös 8-19, lau 9-19, sun 10-19

**Blómaval Smáralind**
Opið: mán-fös 11-19, lau 11-18, sun 13-18

**Blómaval Kringlunni**
Opið: mán-fös 10-18:30, fim 10-21, lau 10-18, sun 13-17

# Húsasmiðjan í heimabyggð

## góð tilboð um land allt

**Tilboð**
Gildir í dag meðan birgðir endast



2.899
~~3.499~~

**Snjóskófla**
Ál, lengd 1080 mm.
5082474



2.399

**Hálkueyðir**
Umhverfisvænn, skemmir ekki stéttir né gróður. Hitnar við snertingu við ís og bræðir 5 sinnum hraðar en önnur efni.
5082652

**Flísjakki**
Grár s-xxl, með fóðri.
5860854-57

**Sprengi tilboð**
Gildir meðan birgðir endast



1.999
~~4.999~~

**Gönguskór**
36-47 m/öndun.
Frábærir í snjóinn.
5863085-96



8.999

**Rúðusköfur**



verð frá
99

## Á bílskúrsgólfið
eða geymsluna



fallegt og níðsterkt gólf

aðeins
**599 m²**

14.995
~~20.395~~

- 2-þátta epoxý á vatnsgrunni
- Fullkomið sett með leiðbeiningum
- Ein umferð nægir
- Ekki þörf á grunni
- Þolir bensín, frostlög, mótorolíu, salt og grip heitra hjólbarða
- Auðvelt að halda hreinu
- Þekur 25 - 30m² (meðalstærð á bílskúr, fer eftir yfirborði flatar)

**Epoxy gólfmálning**
**Rust-Oleum**
Innifalið í setti: 2-þátta epoxýmálning, hreinsiefni, skrautflögur, hræriprik, DVD leiðbeiningadiskur
7300180

3 ÁRA ÁBYRGÐ



198.990

**Ísskápur**
**Electrolux**, m/klakavél, stærð 176 x 90,5 x 68,2 sm, kælir 357 ltr, frystir 165 ltr, sjálfvirk afþiðing, hurðin er stálklædd en aðrir fletir eru svartir.
1839907

Electrolux

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

# HVAR ER ÞÍN AUGLÝSING ?

Eftirfarandi sérblöð fylgja Fréttablaðinu á næstunni

FÖSTUDAGUR 31. okt.



## Föstudagur:

Vikulegt sérrit á léttu nótunum. Viðtöl við þjóðþekkta einstaklinga, allt það nýjasta í tísku, heilsu og hönnun svo dæmi sé tekið.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir í síma 512-5462 eða sigridurdagny@365.is

LAUGARDAGUR 1. nóv



## Heimili & hönnun:

Vikulegt sérrit um heimili & hönnun, hugmyndir fyrir öll rými heimilisins sem og áhugaverðar fréttir úr heimi hönnunar jafnt innanlands sem utan.

Nánari upplýsingar veitir Hlynur Þ. Steingrímsson í síma 5125439 eða hlynurs@365.is

SUNNUDAGUR 2. nóv.



## Ferðir:

Mánaðarlegt sérrit um ferðir og ferðalög um allan heim

Nánari upplýsingar veitir Benedikt F. Jónsson í síma 512-5411 eða benediktj@365.is

SUNNUDAGUR 2. nóv.



## Atvinnublaðið:

Mest lesna atvinnublað landsins – alla sunnudaga

Nánari upplýsingar veitir Viðar Ingi Pétursson í síma 512-5426 eða vip@365.is

MÁNUDAGUR 3. nóv.



## Fasteignir:

Fasteignablað Fréttablaðsins - alla mánudaga.

Auglýsendur athugið að panta þarf auglýsingar fyrir klukkan 12 föstudaginn 31. október.

Nánari upplýsingar veitir Ruth Bergsdóttir í símum 512-5469 / 694-4103 eða ruth@365.is

MIÐVIKUDAGUR 5. nóv.



## Markaðurinn:

Vikulegt sérrit um allt er snýr að viðskiptum og efnahagsmálum – alla miðvikudaga.

Nánari upplýsingar veitir Laila Awad í síma 512-5451 eða laila@frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 6. nóv.



## Veljum íslenskt

Sérrit um hvað íslenskur iðnaður hefur upp á að bjóða - bæði í vörum og þjónustu.

Nánari upplýsingar veitir Benedikt F. Jónsson í síma 512-5411 eða benediktj@365.is



Allt sem þú þarft... ... alla daga






NOKKUR ORÐ

Sigríður Björg Tómasdóttir

# Kaffisopinn indæll er

Mér varð litið yfir eldhúsið heima í gær og gat ekki annað en spurt sjálfa mig, það var ekki annar á svæðinu, hvernig góðærið hefði geta komið og farið án þess að ég eignaðist svo mikið sem eitt óþarft heimilistæki, ísskáp úr burstuðu stáli eða fullkomna kaffihúsakaffivél eins og virðist eða virtist vera skyldueign á öllum heimilinum undanfarin ár.

Við mér blasti brotinn blandari, hálfbiluð hrærivél og espressovél af klassísku gerðinni, þessi sem maður skrúfar saman um miðju. En kannski á maður að þakka sínum sæla fyrir að hafa ekki fjárfest í kaffivél af kaffihúsagerðinni, sem blandar latté án fyrirhafnar, því margar þessara véla eru hálfmisheppnaðar. Hafa ekki allir lent í kaffi hjá nýbökuðum og stoltum eiganda rándýrrar kaffivélar sem gefur manni kaffi sem reynist síðan frekar vont og jafnvel kalt.



Frekar vandræðalegt að geta ekki hrósað kaffinu úr vélinni dýru í einlægni heldur verða að þræla sopanum ofan í sig með svikahrós á vörum, en maður hefur bara ekki viljað draga úr gleði gestgjafans sem annaðhvort var að kaupa sér kaffikönnuna dýrum dómum eða að fá hana að gjöf í tilefni stórafmælis eða brúðkaups.

Ég hef einhvern veginn á tilfinningunni að rétt eins og fótanuddtæki hurfu inn í geymslu eftir uppgang á níunda áratugnum muni kaffivélarnar dýru hverfa sjónum. Uppáhelling að gömlum sið verði vinsælli á nýjan leik enda erum við öll að keppast við að sjá í gegnum vitleysisgang undanfarinna ára. Bráðum sverjum við af okkur latté-þamb og sötrum molakaffi í staðinn.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# 30 milljónir

**Nú er potturinn fimmfaldur og stefnir í 30 milljónir.**

**Náðu þér í Lottómiða fyrir kl. 18.40 á laugardag.**

Lottó

Taktu Lottó í áskrift! Sölustaðir lotto.is

ENNEMM / SÍA / NM34822

**!** **ath.**
*Allrasálnamessa er á sunnudag. Listvinafélag Hallgrímskirkju gengst þá fyrir tónleikum í Hallgrímskirkju. Fram kemur kammerkórinn Schola cantorum undir stjórn Harðar Áskelssonar og flytur verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Eric Whitacre og tvo enska endurreisnarmeistara, þá Thomas Tomkins og Thomas Weelkes. Tónleikarnir hefjast kl. 17.*

# menning
menning@frettabladid.is

## *Múlinn í kvöld á Rósenberg*



Í kvöld koma Sextett Hauks Gröndal og Jónsson & More-tríóið fram á tónleikum Jazzklúbbsins Múlans. Múlinn hefur flutt sig um set og fara tónleikarnir nú fram á Café Rósenberg við Klapparstíg 25 og hefjast þeir kl. 21.

Sextett Hauks Gröndal er tiltölulega nýr af nálinni og tróð upp á Jazzhátíð Reykjavíkur í lok ágúst við mjög góðar undirtektir. Efnisskrá sveitarinnar er samansett af perlum jazzbókmenntanna með sérstaka skírskotun í hljóm K.K. sextettsins en sú hljómsveit var ein vinsælasta danshljómsveit landsins um árabil.

Með Hauki Gröndal sem leikur á saxófón leika Reynir Sigurðsson, en hann er einn af okkar helstu víbrafónleikurum og heldur upp á 50 ára starfsafmæli í ár; Ásgeir Ásgeirsson leikur á gítar, Agnar M. Magnússon á píanó, Þorgrímur Jónsson á bassa og Erik Qvick á trommur.

Í seinni hlutanum kemur fram Jónsson & More sem er nýstofnað tríó skipað þeim Ólafi Jónssyni saxófónleikara, Þorgrími Jónssyni bassaleikara og Scott McLemore trommuleikara. Efnisskrá tríósins er úr smiðju Thelonious Monk og Charlie Mingus sem og frumflutningur á nýju efni Þorgríms Jónssonar.

Múlinn er samstarfsverkefni Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og Jazzvakningar. Klúbburinn heitir í höfuðið á helsta jazzgeggjara þjóðarinnar, Jóni Múla Árnasyni sem jafnframt var heiðursfélagi og verndari Múlans. Múlinn er styrktur af Reykjavíkurborg, Tónlistarsjóðnum og Menningarsjóði FÍH.

**> Ekki missa af…**
stórtónleikum í Háskólabíói laugardag eftir viku. Þar leiða saman hesta sína Sinfóníuhljómsveit Íslands og stórtenórinn Kristján Jóhannsson. Á efnisskránni eru íslenskar söngperlur og frægar aríur eftir Puccini og Leoncavallo. Auk þess verður leikin fimmta sinfónía Beethovens, karnivalforleikur Dvoráks og tveir kaflar úr hinni ástsælu tónlist Griegs við Pétur Gaut.






# Einkadans fyrir þrjá dansara

**Sviðslistahópurinn Panic Productions frumsýnir nýjasta verk sitt, Private Dancer, á stóra sviði Borgarleikhússins í kvöld.**

Verkið má flokka undir dansleikhús en meðlimir hópsins búa yfir mikilli reynslu á þessu sviði. Höfundar semja verkið frá grunni og liggur að baki því mikil vinna og langur fæðingartími. Private Dancer er eftir Margréti Söru Guðjónsdóttur, Jared Gradinger og Sveinbjörgu Þórhallsdóttur og flytja þau líka verkið.

Margrét Sara og Jared hafa á síðustu árum verið meðlimir í dansleikhúsi Constönzu Macras, Dorky Park, staðsett í Schaubuehne-leikhúsinu í Berlín. Margrét Sara hefur undanfarið unnið með Ernu Ómarsdóttur og voru þær tilnefndar til Grímunnar 2007 sem bestu danshöfundar og dansarar fyrir verkið Mysteries of love. Þær vinna nú að annarri sýningu, Mysteries of love II, ásamt fleirum.

Sveinbjörg er reynslumikill danshöfundur og dansari og hefur verið kóríógrafer í mörgum sviðsuppfærslum hérlendis. Hennar nýjustu verk eru Skekkja, sem sýnt var í Borgarleikhúsinu í október í samstarfi við Íslenska dansflokkinn, og væntanleg jólasýning Þjóðleikhússins, Sumarljós. Jared er bandarískur leikari en hefur búið og starfað í Berlín um árabil og hefur fylgt Dorky Park frá upphafi og ferðast með hópnum með sýningar um allan heim. Hann er einnig listrænn stjórnandi How Do You Are Festival Les Grandes Traversees í Bordeaux.



**LEIKLIST** Margrét Sara í verki þeirra þremenninga.
MYND PANIC PRODUCTIONS

Panic Productions er sviðslistahópur og framleiðslufyrirtæki stofnað árið 2004 af Sveinbjörgu Þórhallsdóttur og Margréti Söru Guðjónsdóttur. Meginmarkmið þeirra er að starfa og skapa með erlendum listamönnum og færa afurðina heim til Íslands sem og sýna hana erlendis. Frá stofnun hafa átta verk verið gerð í nafni Panic Productions, með ýmsum listamönnum frá ýmsum löndum.

Frumsýning á Private Dancer verður á stóra sviði Borgarleikhússins í kvöld og aðrar sýningar verða 1. og 2. nóvember. Aðeins verða þessar þrjár sýningar hér á landi. Í kjölfarið fer sýningin til Frakklands og sýnir þar á How Do You Are Festival Les Grandes Traversees í Bordeaux 30. desember Einnig eru áætlaðar sýningar í Berlín snemma á næsta ári og í Royan, Frakklandi í júní.

pbb@frettabladid.is


Þjóðleikhúsið
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning í Kassanum
fös. 30/10, lau. 31/10 **örfá sæti laus**

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Ástsælt verk sem hittir okkur öll í hjartastað
fös. 30/10, lau. 31/10 **uppselt**

Ástin er diskó, lífið er pönk
Hallgrímur Helgason
lau. 1/11, **örfá sæti laus**
Þrjár sýningar eftir

Macbeth
William Shakespeare
fim. 30/10, fös 31/10, sun 2/11
Síðustu sýningar

Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson
og Jóhann G. Jóhannsson
sun. 2/11 **örfá sæti laus**

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
Heillandi og krúttleg brúðusýning
sun. 2/11 **örfá sæti laus,**
sýningum fer fækkandi

Sá ljóti
Marius von Mayenburg
Fimm sýningar á Smíðaverkstæðinu í nóvember.
Tryggið ykkur sæti í tíma



www.leikhusid.is


# Heildrænt listaverk á sviðinu

Í Kassa Þjóðleikhússins var nýtt leikrit Sigurðar Pálssonar, Utan gátta, frumsýnt á föstudagskvöldið. Við sitjum í myrkri og kunnuglegt lag frá sjöunda áratugnum dúndrast yfir okkur, Mothers Little Helper. Var þetta eitthvert leiðandi stef? Átti þetta að mynda hugrenningartengsl við þær pillur sem hjálpuðu mömmunni í textanum?

Utan gátta. Já, kannski erum við öll utan gátta! Utan gátta út og inn um allar gáttir. Gáttirnar eru vel nýttar í leikmynd sem byggir á inn- og útkomum.

Að segja allt, og reyna að koma öllu í alheimi að, er erfitt. Hver hefur nú svo sem sagt að leikhúsið eigi endilega að vera auðvelt? Þeir sem sátu með djúpa hrukku milli augna í leitinni að merkingunni eða öllum vísununum voru líklega á rangri leið, meðan þeir sem gáfu sig hinni lifandi leikmynd á vald og nutu þess sem fyrir augu og eyru bar urðu líklega fyrir einhvers konar fjörinnspýtingu.

Öll sú mynd sem birtist áhorfendum er einkar heillandi. Leikarar blása lífi í persónur sem varla eru á lífi en koma engu að síður til leiksins í ákveðnu mannlegu gervi. Gervin eru einnig heillandi, tónarnir eru heillandi, öskrin mögnuð og inn- og útkomur úr rýminu eins og ferðalag sem aldrei tekur enda en er engu að síður þannig að spennandi er að upplifa það sem fram fer. Textinn endurtekur sig og fer í hringi og speglar sig í sjálfum sér aftur og aftur, kynlaus en þó svo leitandi að kyni, án ótta en samt svo fullur ótta, lifandi en samt svo dauður, glaður en samt svo sorgmæddur, frjáls en samt svo kúgaður, þreyttur en samt svo sprækur, heyrandi en samt svo heyrnarlaus…

Ef höfundarnir væru ekki vel yfir þrítugt hefði mátt kalla þetta leiklistarmyndband en með hliðsjón af reynslu og fyrri störfum höfundar og leikstjórans er varla um neitt annað að ræða en örvæntingarfulla tilraun til þess að koma öllu að, og sýna allt sem hægt er að gera og segja í einu. Minnti mig svolítið á söguna um manninn sem gat engu gleymt. Hann hafði fengið höfuðáverka í stríði og allar formúlur lífsins fyrir utan, smá og stór atriði, birtust honum stöðugt og að lokum sprakk í honum hjartað, sem þoldi ekki álagið.



**LEIKLIST** Kristbjörg Kjeld og Ólafía Hrönn í hlutverkum sínum. MYND ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ/EDDI

**LEIKLIST**
**Utan gátta**
Höfundur: Sigurður Pálsson
Leikstjóri: Kristín Jóhannesdóttir
Leikmynd og búningar: Gretar Reynisson. Lýsing: Halldór Örn Óskarsson
Gervi: Ásdís Bjarnþórsdóttir og Svanhvít Valgeirsdóttir Tónlist: Sigurður Bjóla
★★★
Djúp og löng.

Það voru gullmolar inn á milli sem hrutu af vörum Villu og Millu en svo hétu konurnar. Þetta er tvítal en ekki samtal og máske einmitt það sem höfundur er að segja okkur að díalógurinn á sér ekkert endilega stað þó svo að tvær manneskjur séu að skiptast á orðum, eða hreinlega skipta á milli sín orðum.

Á einum tímapunkti efast persónan eða veran sem Ólafía Hrönn ljær lífi hvers kyns hún er. Þegar hin veran sem Kristbjörg Kjeld túlkar segir henni að gá, neitar sú fyrri.

Þessi sýning var ekki línuleg aflesning heldur má segja að pólar hafi rekist á póla og vandað var til allra lausna þannig að kannski var það eins og við værum öll utan gátta. Gríski harmleikurinn er nálægur, þriðja ríkið flækist fyrir möguleikum til þess að finna hamingjuna. Eggert Þorleifsson gjörnýtir sína mögnuðu hæfileika í að lyfta fram mikróskópískum smáatriðum og gera sprenghlægileg. Þegar hann hljóp um hið hlýja rými og var að krossa á allar dyr, minni úr arabískum ævintýrum, ætlaði salurinn hreint að springa.

Hinir leikararnir, þau Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Kristbjörg Kjeld og Arnar Jónsson, skiluðu einnig hlutverkum sínum mjög vel. Kannski á maður að vera svo djúpur að kalla þetta ekki hlutverk, heldur svipmyndir?

Það er mjög sjaldgæft hérlendis að leiksýning sé eitt heildrænt listaverk en það er víst alveg óhætt að segja um þessa sýningu.

Textinn gaf ekki tilefni til fyndni og fáránleika en val leikstjórans á lestraraðferðinni gerði það að verkum að hið innilokaða, sorglega og vonlausa sameinaðist í fegurð og fyndni. Síðasta myndin í verkinu eftir að konurnar eru annaðhvort slokknaðar eða dánar, þegar okkur birtist opinn gluggi fagurblár með örlítilli en skærri týru var sú, sem margir vonast kannski til þess að sjá einn góðan veðurdag. Áhugaverð sýning, með miklum listrænum metnaði, en þó helst til of löng.

**Elísabet Brekkan**

# AÐ ELSKA VAMPÍRU

## Ein mest selda og háskalegasta ástarsaga undanfarinna ára er komin út á íslensku!

**Isabella elskar Edward – jafnvel þótt hann sé vampíra! En hún veit ekki hvaða hættur hún kallar yfir sig og sína nánustu. Fyrsta bókin í mögnuðum bókaflokki sem hefur slegið í gegn um allan heim.**




**Kynningarverð:**
**3.140 kr.**
**Fullt verð: 4.490 kr.**

**„Bók sem lesendur hafa unun af að sökkva tönnunum í."**
*School Library Journal*

**„Besta bók áratugarins hingað til." **** ½**
*Amazon.com*

**„Kolsvört ástarsaga."**
*Booklist*

Kvikmyndin TWILIGHT verður frumsýnd í Sambíóunum 12. desember.
Allir sem kaupa bókina í Eymundsson fá afsláttarmiða á myndina.
Skoðaðu sýnishorn á www.stepheniemeyer.com!

**Tilboðið gildir til 5. nóv 2008**

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

## > GRÆNMETISSÚPUR

Nú þegar mikið framboð er af íslensku grænmeti og kartöflum er um að gera að töfra fram ljúffenga grænmetissúpu. Með vatni, grænmetiskrafti, kryddi og grænmeti að eigin vali er auðvelt að töfra fram matarmikla súpu. Hægt er að nota kókosmjólk eða niðursoðna tómata á móti vatninu til að fá austurlenskt eða ítalskt yfirbragð.



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN JÓN JÓSEP SNÆBJÖRNSSON

# Á í öfugu sambandi við mat



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Matarins sem konan mín býr til. Þar sem ég fer seint á heimslista úrvalskokka þá er hún mitt haldreipi í hungrinu.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Allir hafa í huga jólamáltíðir sem svar við svona spurningum, en konan mín eldaði svo góðan pastarétt þegar við fórum í okkar fyrsta ferðalag saman að það hefur alltaf staðið upp úr.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Nei, enginn. Strákarnir mínir tveir fylgjast vel með því hvort ég klári ekki matinn minn og éta bókstaflega upp eftir mér ósiði. En ég skal fá þá til að borða sveppi!

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Hann fyllist af sjálfu sér, ótrúlegt en satt!

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Ég á í öfugu sambandi við mat þegar mér líður illa. Þá borða ég helst ekki neitt. Stefni að því að láta mér líða illa fimm daga vikunnar svo ég haldi línunum í lagi.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Furðulegar sultur, keyptar á spottprís í Bónus.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Konuna mína, annars yrði ég líklega að éta sand.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Krókódíllinn var allt í lagi en kolkrabbinn var seigur.

# Frábær árangur kokkalandsliðsins

„Þetta er bara ólýsanlegt,“ segir Alfreð Ómar Alfreðsson, meðlimur í íslenska kokkalandsliðinu sem lenti í tíunda sæti á Ólympíumóti matreiðslumeistara í Erfurt í Þýskalandi. Liðið vann tvenn gullverðlaun og tvenn silfurverðlaun á mótinu sem fór fram í síðustu viku og er það besti árangur liðsins til þessa.

„Þetta hefur verið tíu ára markmið hjá kjarna hópsins svo maður varð agndofa þegar það náðist,“ segir Alfreð sem hafði verið vakandi í fjóra sólarhringa á Ólympíumótinu þegar blaðamaður náði tali af honum. „Öll umgjörð var til fyrirmyndar svo þetta er verðskuldaður árangur,“ bætir hann við og gaf okkur girnilega uppskrift af marineruðum kjúklingabringum.



**ÁNÆGÐUR MEÐ ÁRANGURINN** Alfreð er að vonum ánægður með árangur kokkalandsliðsins á Ólympíuleikunum og gaf okkur girnilega kjúklingauppskrift.

### Chilli-, engifer- og hvítlauksmarineraðar kjúklingabringur.

3 cm ferskur engifer
2 geirar hvítlaukur
1 stk. rauður chilli-pipar
1 stk. lime
6 msk. kikkoman-sojasósa
4 stk. kjúklingabringur

### Aðferð:

Hreinsið skinnið af engiferinu og hvítlauknum.
Saxið chilli-piparinn gróft niður.
Rífið börkinn af lime með beittu rifjárni.
Setjið engifer, hvítlauk, rauðan chilli og lime-börk saman í matvinnsluvél ásamt sojasósunni og maukið gróft.
Setjið plastpoka ofan í stóra skál og brettið pokann yfir barmana á skálinni, setjið kjúklingabringurnar ofan í pokann og hellið maukblöndunni þar yfir, bindið fyrir pokann og blandið öllu vel saman.
Setjið pokann aftur í skálina, látið standa í kæli í 2–3 tíma.
Ofnbakið kjúklingabringurnar fyrst á 180° C í 5 mínútur og lækkið svo hitan niður í 120° C og eldið þar til að bringurnar hafa náð 68° C í kjarna í 3 mín.
Kjúklingabringurnar eru líka framúrskarandi góðar þegar þær eru grillaðar. Borið fram á soja „vinaigrette“ vættu klettasalati með hýðishrísgrjónum og nýbökuðu nan-brauði. - ag

# Nostrar við eldamennskuna

**Matartíminn er fjölskyldustund á heimili Helgu Völu Helgadóttur. Hún hefur mjög gaman af því að nostra við eldamennskuna.**

„Ég er dugleg að elda og finnst það mjög skemmtilegt,“ segir Helga Vala Helgadóttir leikkona og lögfræðinemi í HR. „Ég er á þriðja ári svo námið er rúmlega fullt starf. Þetta er bara spurning um skipulag og þar sem ég á mörg börn sem verða að borða elda ég á hverju kvöldi,“ útskýrir Helga sem á þrjú börn og eina stjúpdóttur á aldrinum sex til sautján ára.

„Ef maður spyr hvað þau vilja hafa í matinn er svarið alltaf hrísgrjónagrautur. Þau yrðu ekkert vansæl að fá hrísgrjónagraut í öll mál svo ég þarf ekkert að óttast kreppuna,“ bætir hún við og hlær.

Aðspurð segist hún hafa mjög gaman að því að nostra við eldamennskuna. „Mér finnst skipta meira máli að dúlla mér við að elda matinn heldur en að borða hann. Mér finnst skemmtilegast að elda mörg saman og það er ekki verra að opna rauðvínsflösku og útbúa matinn í góðra vina hópi. Ég er alin upp við að matartíminn sé fjölskyldustund þar sem sagðar eru sögur, svo mér finnst gaman að sitja lengi til borðs og njóta máltíðarinnar,“ útskýrir Helga og segist hafa gaman af því að halda matarboð.

„Ég er ekki nógu dugleg að halda matarboð sökum anna, en finnst það alveg hrikalega skemmtilegt. Mér finnst skemmtilegast að búa til máltíð úr mörgum, litlum réttum og leiða saman margar bragðtegundir. Þá hef ég kannski smá salat, smá pasta, grænmeti og svolítið kjöt. Það þarf ekki mikið til svo úr verði veisla. Meðlæti getur skipt sköpum og það þarf bara að raða fallega á diskana,“ segir Helga sem gaf okkur uppskrift af einföldum kjúklingarétti.

„Uppskriftin er algjörlega brilliant. Hún er fullkomin þegar tekið er á móti gestum og gestgjafinn vill síður vera bundinn „fyrir aftan“ eldavélina. Stærsti kosturinn er auðvitað sá að þetta er mjög einfalt svo að maður þarf ekki að hanga yfir þessu og getur gælt við gestina.“

alma@frettabladid.is



**HJÁLPAST AÐ VIÐ ELDAMENNSKUNA** Helga Vala hefur gaman að því að nostra við eldamennskuna og finnst skemmtilegast þegar margir hjálpast að við að útbúa kvöldmatinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

### Einfaldur kjúklingaréttur

Innihald:
Uppáhaldsgrænmetið
Kjúklingur
Kús kús
AB mjólk
Agúrka
Hvítlaukur
Balsamedik, þunnfljótandi – ekki sykurleðjan.

Notast er við stórt djúpt ofnfat. Ekki loka fatinu ef þið viljið hafa réttinn stökkan.
Í botninn á fatinu má setja hvaða grænmeti sem er – en best er það grænmeti sem verður sætt við eldun: Rauðlaukur, rauð paprika, sæt kartafla, venjulegar kartöflur, gulrætur, brokkolí og heilir hvítlauksgeirar. Sirka einn heill laukur. Allt er þetta gróft skorið og raðað í botninn.
Setjið slettur af balsamediki á víð og dreif.
Heill kjúklingur settur ofan á grænmetið. Kryddið með kjúklingakryddi og slettið balsamedikinu yfir hann líka til að búa til dökka skorpu.
Fatið sett í ofninn við 200° C í sirka klukkutíma.

### Meðlæti sem má búa til áður en gestirnir koma:

Kús kús og tsatsiki-sósa sem er bara ab-mjólk, hvítlaukur og rifin gúrka í skál.
Ef margir eru í mat má vel hafa ferskt salat með, en það á að vera nóg grænmeti í botninum á fatinu. Muna að það þarf ekki að setja vatn eða annað í botninn á fatinu því safinn af kjúklingnum sýður grænmetið og viti menn, bragðið er töfrum líkast.





Auglýsingasími 512 50 50

– Mest lesið


# Hrísgrjón í brauðið

Margir bregða nú á það ráð að baka eigið brauð í stað þess að kaupa það tilbúið úti í búð eða í bakaríi. Á stóru heimili má spara þó nokkurn pening með brauðbakstri og í eftirfarandi uppskrift er meira að segja hægt að nota hrísgrjónaafganga frá kvöldinu áður.

### Hrísgrjónabrauð

150 g soðin stutt hrísgrjón
150 ml ylvolg mjólk
1 1/4 tsk. ferskt ger
40 g hunang
250 g hvítt hveiti eða spelt
1 tsk. sjávarsalt

### Aðferð

1. Setjið hrísgrjónin, mjólkina, gerið og hunangið í stóra skál og blandið vel saman.
2. Blandið saman hveitinu og saltinu í aðra skál og bætið hrísgrjónablöndunni út í jafnt og þétt þar til myndast hefur klístrað deig. Látið standa í 10 mínútur.
3. Setjið smá olíu á hreint borðið og hnoðið deigið í nokkrar sekúndur í mjúka kúlu. Látið aftur standa í 10 mínútur. Endurtakið þá leikinn og látið loks standa í eina klukkustund á ylvolgum stað (ekki heitum).
4. Smyrjið 10 x 27 cm stórt form (stærðin þarf ekki að vera svo nákvæm). Mótið deigið svo það passi í formið, leggið viskustykki yfir og látið standa í aðra klukkustund, eða þar til deigið hefur tvöfaldast og snertir nánast toppinn á forminu.
5. Forhitið ofninn að 210° C, stráið hveiti yfir brauðið og setjið í miðjan ofninn.
6. Bakið í 25 mín. Lækkið þá hitann niður í 190° C og bakið í 20 mín. í viðbót, eða þar til brauðið hefur losað sig aðeins frá hliðum formsins og er orðið gullbrúnt að ofan. - ag



**AFGANGARNIR NÝTTIR Í BRAUÐIÐ** Hægt er að spara pening og nýta afganga með því að nota soðin hrísgrjón í brauðbaksturinn.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Fólk

folk@frettabladid.is

### > ÞAKKAR FORELDRUM SÍNUM



Ashley Olsen þakkar foreldrum sínum fyrir velgengni þeirra systra í viðskiptum í gegnum tíðina. Frá unga aldri fengu Ashley og tvíburasystir hennar, Mary-Kate, að fara með foreldrum sínum á fundi og léku sitt fyrsta hlutverk í sjónvarpsþættinum Full House þegar þær voru aðeins níu mánaða gamlar. Árið 1993 stofnuðu þær síðan sitt eigið framleiðslufyrirtæki, Dualstar, og eru sagðar vera með ríkustu konum heims í skemmtanaiðnaðinum.

## Hollendingar kaupa Hníf Abrahams

„Fyrsta spennusaga Óttars M. Norðfjörð, Hnífur Abrahams, hefur verið seld til Hollands. Er það hollenska spennusagnaforlagið Verbum Crime sem hefur tryggt sér útgáfuréttinn og er þýðingarvinna langt komin,“ segir Tómas Hermannsson útgefandi hjá Sögur forlagi.

Hnífur Abrahams hlaut góðar viðtökur í fyrra þegar hún kom út hér á landi en rauður þráður bókarinnar er trúardeilur múslima og kristinna. „Já, þeir hjá Verbum Crime horfa ekki síst til þess og binda nokkrar vonir við að skáldsagan muni hitta í mark því þetta hefur verið ofarlega á baugi í Hollandi, eða allt frá því að leikstjórinn Theo Van Gogh var myrtur árið 2004 eftir sýningu myndar hans um Kóraninn.“ Mynd van Goghs, „Auðmýkt“, var um íslam og konur og vakti mikla gremju meðal múslima í Hollandi þegar hún var sýnd í sjónvarpi. Tómas gerir vitaskuld ekki ráð fyrir sambærilegum viðbrögðum við Hnífi Abrahams en telur hana ótvírætt innlegg í umræðuna. „Þá hefur Verbum Crime einnig sýnt nýrri spennusögu Óttars áhuga, en hún nefnist Sólkross, er sjálfstætt framhald Hnífs Abrahams og kom út fyrir fáeinum dögum.“

- jbg



**TÓMAS HERMANNSSON** Útgefandinn segir Hníf Abrahams innlegg í umræðuna um trúabragðadeilur múslima og kristinna.



**ÓTTAR M. NORÐFJÖRÐ** Hefur selt fyrstu spennusögu sína hollensku forlagi.

## Ekki aftur í Hairspray

Leikarinn John Travolta ætlar ekki að endurtaka hlutverk sitt sem Edna Turnblad í væntanlegu framhaldi söngvamyndarinnar Hairspray. Fyrri myndin fékk mjög góðar viðtökur þegar hún kom út og þótti Travolta standa sig með prýði sem hin þybbna Turnblad.

„Mér finnst ein mynd vera alveg nóg. Ég er búinn með eina mynd og það gekk vel en ég er ekki þessi framhaldsmyndamaður,“ sagði Travolta, sem getur valið úr verkefnum. Næsta mynd hans er teiknimyndin Bolt þar sem hann ljær aðalpersónunni rödd sína.



**JOHN TRAVOLTA** Leikur ekki í framhaldi Hairspray.

## Sigurganga Jolene heldur áfram

**Jolene, bar Dóru Takefusa og Dóru Dúnu, er annað árið í röð tilnefndur til Byens bedste-verðlaunanna í Kaupmannahöfn.**

„Það er mikill heiður að vera tilnefndar og okkur þykir vænt um það,“ segir Dóra Takefusa, en staður hennar og Dóru Dúnu Sighvatsdóttur, Jolene, er tilnefndur til Byens bedste-verðlaunanna sem skemmtilegasti staðurinn. Þær eru ekki alls ókunnar verðlaununum því í fyrra voru þær tilnefndar fyrir kúltíveraðasta framtakið.

„Þar voru stórir leikhússtjórar líka tilnefndir, svo við bjuggumst ekki við því að vinna. Við fengum samt óvænt verðlaun þegar staðurinn Vega var valinn skemmtilegasti klúbburinn, því eigendurnir gengu niður af sviðinu og sögðust vilja afhenda Jolene verðlaunin þar sem þeim fyndist það svalasti staðurinn í Kaupmannahöfn,“ útskýrir Dóra.

„Við erum ekki að búast við neinu á hátíðinni í ár því við erum langminnsti staðurinn. Okkur þykir samt vænt um að vera tilnefndar, sérstaklega á þessum tíma þegar Íslendingar hafa verið gagnrýndir fyrir útrás þó svo að okkar útrás sé ekkert í líkingu við það sem hefur verið,“ bætir hún við og segist ánægð með þá jákvæðu umfjöllun sem staðurinn hefur fengið úti.

„Við Dóra finnum ekki fyrir því að litið sé niður á okkur. Blöðin eru enn þá áhugasöm að skrifa um okkur og við vorum í forsíðuviðtali hjá Berlingske Tidende fyrir stuttu. Ef ég er spurð út í ástandið á Íslandi segi ég að þetta verði erfitt, en Íslendingar eigi eftir að lenda á fótunum,“ segir Dóra að lokum. Hægt er að taka þátt í kosningunni á byensbedste.aok.dk, en henni lýkur í byrjun nóvember.

alma@frettabladid.is



**BÚAST EKKI VIÐ VERÐLAUNUM** Dóra Takefusa segir þær stöllur ánægðar með tilnefninguna, en búast ekki við verðlaunum þar sem Jolene er minnsti staðurinn af þeim sem eru tilnefndir.

PanicProductions í samstarfi við Borgarleikhúsið kynnir:

PRIVATE DANCER

Frumsýning í kvöld UPPSELT
2. sýning - 1. nóvember kl. 15
3. sýning - 2. nóvember kl. 20
Aðeins þessar 3 sýningar!

Sýnt á Stóra sviði Borgarleikhússins
Tryggðu þér miða núna!
s: 568 8000 / midi.is

Höfundar og flytjendur: Margrét Sara Guðjónsdóttir
Sveinbjörg Þórhallsdóttir, Jared Gradinger

www.panicproductions.is



Borgarleikhúsið
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Reykjavíkurborg

# Spock í erlendri hryllingsmynd

**„Þegar gengið fellur skellir maður sér í útflutning,“ segir Óttarr Proppé, söngvari Dr. Spock. Tvö lög með sveitinni munu líklega hljóma í hryllingsmyndinni Boston Girls sem verður frumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni í janúar.**



**DR. SPOCK** Rokkararnir í Dr. Spock munu líklega eiga tvö lög í hryllingsmyndinni Boston Girls sem verður frumsýnd í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

**DANNY TREJO** Trejo, sem hefur túlkað fjölda óþokka í gegnum tíðina, leikur í myndinni Boston Girls.

Bandarísk kona sem tengist myndinni og var viðstödd ráðstefnuna You Are In Control hérlendis heyrði Dr. Spock spila á Prikinu á Airwaves-hátíðinni og heillaðist undir eins. „Hún sá strax fyrir nákvæmlega senuna í myndinni og hvar þetta átti að vera,“ segir Óttarr.

Lögin sem um er að ræða eru annars vegar Gömlu dansarnir og nýju dansarnir og hins vegar annaðhvort Fálkinn eða Fyrri heimsstyrjöldin og seinni heimsstyrjöldin. Verða þau öll á næstu plötu Dr. Spock sem er væntanleg upp úr miðjum nóvember.

Óttarr segist ekki hafa átt von á því að hlutirnir myndu ganga svona hratt fyrir sig. „Maður er orðinn vanur því að tala við svo marga útlendinga um svo margt á Airwaves og oft kemur ekkert út úr því. Þetta gerðist hins vegar talsvert hraðar en maður er vanur.“ Hann tekur þó fram að enn sé ekkert í hendi, enda geti hlutirnir verið fljótir að breytast í kvikmyndabransanum. „Við eigum eftir endanlega að skrifa undir samninga og hlutirnir geta enn þá breyst.“

Gangi þetta eftir verður þetta í fyrsta sinn sem Dr. Spock á lag í erlendri kvikmynd en hér heima hefur hún nýlokið við þátttöku sína í annarri hryllingsmynd, Reykjavík Whale Watching Massacre, sem verður frumsýnd á næsta ári.

Þess má geta að einn af leikurunum í Boston Girls er Danny Trejo, sem hefur túlkað óþokka í fjölda hasarmynda í gegnum tíðina. Má þar nefna Con Air, From Dusk Till Dawn, Heat og hina væntanlegu Sin City 2.

freyr@frettabladid.is

# Hrollur, hryðjuverk, dans og söngur

Flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi á meðal frumsýningarmynda helgarinnar í íslenskum kvikmyndahúsum, enda fara efnistök þeirra um víðan völl.

Fyrsta ber að nefna dans- og söngvamyndina High School Musical 3, en í henni segir frá þeim Troy og Gabrielu sem eru á síðasta ári í menntaskóla. Þau eru afar náin, en sjá fram á aðskilnað þar sem að þau stefna að háskólanámi hvort í sínum landshluta hinna ógnarstóru Bandaríkja. Myndin er með einkunnina 3,4 af 10 hjá vefsíðunni www.imdb.com en 66% hjá www.rottentomatoes.com.

Myndin Where in the World Is Osama bin Laden er gamansöm heimildarmynd um leit Morgans Spurlock, náungans sem tókst á við skyndibitafæðismenninguna í hinni eftirminnilegu Supersize Me, að hryðjuverkamanninum Osama bin Laden. Myndin fær einkunnina 6,8 af 10 hjá www.imdb.com og 37% hjá www.rottentomatoes.com.

Quarantine er hrollvekja í anda Blair Witch Project. Skelfileg sýking hrjáir íbúa íbúðarhúss í Los Angeles og er húsið því sett í sóttkví með ógurlegum afleiðingum. Myndin fær einkunnina 6,3 af 10 hjá www.imdb.com og 59% hjá www.rottentomatoes.com.

- vþ



**QUARANTINE** Óhugnanlegir atburðir eiga sér stað í húsi sem sett er í sóttkví í Los Angeles.

# Brestir hjá Brangelínu

Samkvæmt bandaríska slúðurtímaritinu Star eru komnir brestir í samband Brad Pitt og Angelinu Jolie. Ástæðan er sögð vera óþægilega mikill áhugi leikarans á mótleikkonu sinni, Diane Kruger. Pitt og Kruger eru að leika í nýjustu kvikmynd Quentins Tarantino, Inglorious Bastards, og fara tökur fram í Berlín. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá eiga Íslendingar sinn fulltrúa þar því Heba Þórisdóttir er yfirmaður förðunardeildar kvikmyndarinnar.

Star segir að Angelina sé hrikalega afbrýðisöm og greinir jafnframt frá því að Kruger eigi sér þann draum heitastan að eiga nótt með Brad Pitt. Ef þetta verður jafnmikill fjölmiðlasirkus og í kringum síðustu sambandsslit Brad Pitt má reikna með því að Baltasar Kormák klæi núna í lófana. Því Kruger leikur jafnframt aðalhlutverkið í kvikmynd hans, Inhale, sem fengi þá aðeins meiri athygli en reikna mætti með.



**KRUGER** Er sögð vera á höttunum eftir næturgamni með Brad Pitt, Angelinu Jolie til mikillar gremju.




NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE | kl. 5.30D - 10.30D | 16 |
| EAGLE EYE LÚXUS | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| MAX PAYNE | kl. 8D - 10.15D | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 3.40 - 5.45 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.45 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 3.45 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.45 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| MAX PAYNE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| BANGKOK DANGER | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 8 - 10.15 | 12 |
| THE WOMEN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 8 - 10.15 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 6 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE - POWER | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| SKJALDBAKANN OG HÉRINN | kl. 6 (650 kr.) - ÍSL.TAL | L |
| RIGHTEOUS KILL | kl. 10 | 16 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 8 og 10 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 6 og 8 | L |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE DIGITAL | kl. 5:40D - 8D - 10:30D | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| SEX DRIVE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| MAX PAYNE | kl. 6 - 8:10 - 10:30 | 16 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| PATHOLOGY | kl. 10:30 | 16 |
| WILD CHILD | kl. 8 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE DIGITAL | kl. 6:30 - 9 - 10 | 12 |
| SEX DRIVE DIGITAL | kl. 8 | 12 |
| HAPPY GO LUCKY | kl. 10:10 síð sýn. | 12 |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 6 | L |
| WILD CHILD | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE HOUSE BUNNY | kl. 8 | L |
| PINEAPPLE EXPRESS | kl. 10:10 | 16 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 8 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SEX DRIVE | kl. 10:20 | 12 |
| WOMAN | kl. 8 | |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| CHARLIE BARTLETT | kl. 8 | 12 |
| RIGHTEOUS KILL | kl. 10:10 | 16 |


# Andfélagslegur og kynlaus

„Þessi karakter sem ég er að búa til er andfélagslegur og kynlaus, sem eru eiginleikar sem pandabirnir hafa," segir Þorsteinn Einarsson, forsprakki poppsveitarinnar Steini. Ný plata hennar, Human Comfort, er komin út og á umslaginu er mynd af pandabirni. Segir Þorsteinn hana tilvísun í þetta „alteregó" hans sem syngur á plötunni.

Tólf lög eru á henni, þar af fjögur sem komu út á fyrstu plötu Steina sem kom út í fyrra. Fyrr á árinu vann hljómsveitin keppnina Þorskastríðið sem útgáfufyrirtækið Cod Music stóð fyrir og í framhaldinu varð þessi nýja plata að veruleika. „Þetta byrjaði sem einstaklingsverkefni þegar ég gerði demó fyrir tveimur árum. Núna hafa tveir bæst við hljómsveitina, þeir Ásgeir Ásgeirsson gítarleikari og Pétur Sigurðsson bassaleikari. „Ég er með stórkostlega tónlistarmenn með mér," segir Þorsteinn, sem er undir áhrifum frá sjötta áratugnum í tónlist sinni. „Eddie Cochran og Alice Cooper, þetta er blanda af þeim tveimur. Alice Cooper útlitslega og Eddie Cochran tónlistarlega."

Útgáfutónleikar með Steina eru fyrirhugaðir á næstunni og þar verður sýnd heimildarmynd um sveitina sem Þorsteinn bjó til í Kvikmyndaskóla Íslands. Einnig hefur Þorsteinn gert nokkur myndbönd með sveitinni sem hægt er að skoða á Youtube. - fb



**STEINI** Fyrsta plata hljómsveitar Steina, Human Comfort, er komin út. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ÁRNI BEINTEINN** Nýkominn frá Hollandi, þar sem hann flutti erindi, er hann að ganga frá útgáfu nýs DVD-disks þar sem má finna mynd hans Auga fyrir auga – plús aukaefni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Árni Beinteinn á útopnu

**Einhver yngsti og öflugasti kvikmyndagerðarmaður landsins er nýkominn heim frá Amsterdam þar sem hann sýndi stuttmynd sína Auga fyrir auga – en hún er væntanleg á DVD – og hélt erindi á kvikmyndahátíð.**

„Ég var að koma frá Amsterdam. Þar var kvikmyndahátíð og mér boðið til að halda erindi auk þess sem myndin mín Auga fyrir auga var sýnd. Henni var vel tekið," segir einhver yngsti og öflugasti kvikmyndagerðarmaður landsins – Árni Beinteinn Árnason – aðeins þrettán ára gamall.

Það er í nógu að snúast hjá Árna Beinteini. Hann sækir skóla eins og lög gera ráð fyrir en auk þess er hann nú á bólakafi við að fullgera mikinn DVD-disk þar sem stuttmynd hans, Auga fyrir auga, verður að finna og aukaefni. „Jólagjöfin í ár. Að sjálfsögðu. Markmiðið er að hafa þetta eins ódýrt og hægt er. Kostar aðeins 999 krónur." En ef ég læt þig hafa þúsundkall, hvað á ég þá að gera við krónuna sem ég fæ til baka?

„Þú getur bara … átt hana. Það er alltaf happa að eiga krónu í hægri vasa," segir Árni Beinteinn sem aldrei er orða vant og bregður sér í sölumannsgírinn eins og að drekka vatn: „Það verður fullt af heppnu fólki sem kaupir þennan disk. Gaman að segja frá því. Ég vona að við náum að fá diskinn úr framleiðslu fyrir fyrsta desember. Það er Myndform sem fullvinnur diskinn en Sena dreifir." Árni bendir áhugasömum á síðuna youtube.com/beinteinn þar sem finna má ýmsar upplýsingar um stuttmyndina sem er 17 mínútur að lengd.

Auga fyrir auga var frumsýnd 1. maí 2007 og fyllti Árni Beinteinn þá Háskólabíó í tvígang. Þúsund manns sáu myndina. Árni Beinteinn ekki aðeins leikstýrði henni heldur leikur bæði aðalhlutverkin. „Myndin fjallar um vandræðaungling sem strýkur af barna- og unglingaheimili til að hefna sín á skólafélögum sínum sem komu upp um hann á sínum tíma. Hann þekkir glæpamenn úr undirheimageiranum og fær einn slíkan í lið með sér til að hafa þetta sem fullkomnast – hefndina."

Boðskapur myndarinnar er að sjálfsögðu góður að sögn leikstjórans. Þetta er að vissu marki forvarnarmynd. „Það má líta á hana sem slíka. Útúrruglaður strákur sem lendir í vitleysu. En takmarkið er að þetta sé spennumynd fyrir börn og fjölskyldur."

Árni Beinteinn er þegar byrjaður að skrifa framhald af Auga fyrir auga og fullkomna trílógíuna en áður hafði hann gert, ásamt vinum sínum, mynd sem heitir Ekki er allt sem sýnist. Hana verður að finna á DVD-disknum í glænýrri útgáfu en aukaefnið telur heilar 30 mínútur. „Það varð aldrei alvöru mynd. En næsta mynd verður stutt stórmynd." Árni telur aðspurður líklegt að hann muni leggja kvikmyndagerð fyrir sig þótt leiklistin togi í sig jafnframt. En kvikmyndagerðin sé nú einu sinni þannig að hún sameinar margar listgreinar.

jakob@frettabladid.is

# Engin tilgerð, bara gaman

Hinn gríðarlega efnilegi Unnsteinn Manuel Stefánsson fer fyrir Retro Stefson, þótt slíku forystuhlutverki hafi aldrei verið haldið á lofti. Unnsteinn er 18 ára og semur flest lög og texta í mismikilli samvinnu við aðra í sveitinni. Hljómsveitin, sem skipuð er miklu hæfileikafólki, hóf starfsemi fyrir nokkrum árum þegar krakkarnir voru í Austurbæjarskóla. Nú eru þeir flestir komnir í MH, svo Retro Stefson er orðin (enn ein) MH-grúppan.

Montaña er fyrsta plata sveitarinnar, en fyrir nokkrum misserum fór að á bera á hljómsveitinni og skemmtilegum lögum hennar. Tilgerðarleysi lagasmíðanna er algjört, Unnsteinn og félagar hafa lent á sínum eigin stíl; fersku leitandi „indie" poppi, oft krydduðu sólbökuðum og suðrænum andblæ. Sungið er jöfnum höndum á ensku, íslensku, spænsku og portúgölsku. Þessi blanda, ásamt sérstakri tónlistinni er höfuðeinkenni sveitarinnar og gerir hana einstæða í íslenska popplandslaginu. Retro Stefson er dálítið eins og sólblóm í kartöflubeði.

Mörg ilmandi fín lög eru borin fram af aðalmatseðli. „Wolf, the boy who cried", „Salvatore", „Medallion" og titillagið „Montaña" eru sem dæmi hausaskakandi gleðibankainnlegg. Í forrétt er „Tælandi" sem er borið fram á diski Spilverks þjóðanna en í seðjandi eftirrétt er hið hnausþykka tólf mínútna „Senséní". Það lag er eins og álfur út úr hól plötunnar, og sá álfur er kófsveittur og í neonlitum hlaupagalla.

Spennandi og vel útilátinn pakki, næstum 50 mínútna, bíður þeirra sem leggja sig eftir þessari fínu plötu. Enn frábærari hluta er án efa að vænta frá þessum krökkum, enda má gapa yfir ungum aldri þessa afreksfólks. Ef ég má vera leiðinlegur í endann hefði ég viljað sjá veglegri umbúðir utan um plötuna, textablöð, list og myndir.




**TÓNLIST**

**Montaña**

Retro Stefson

★★★★

Retro Stefson er dálítið eins og sólblóm í kartöflubeði.

Þegar gefið er út á öld hljóðskráa finnst mér mikilvægt að leggja vel í umbúðirnar til að auka vægi áþreifanlegu útgáfunnar. Dr. Gunni

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Fimmtudagur 30. október

#### → Tónleikar

**12.15 Hádegistónleikar** Söngkonan Ragnheiður Gröndal og gítarleikarinn Guðmundur Pétursson flytja frumsamið efni í Vonarsal SÁÁ, Efstaleiti 7.

**20.00 Fimmtudagsforleikur** Hljómsveitirnar Hinir, Furry Strangers og We Went to Space verða með tónleika í Hinu húsinu, Pósthússtræti 3–5. Aðgangur ókeypis, 16 ára aldurstakmark.

**20.00 Brasstónleikar í Akureyrarkirkju** Brasssextett Norðurlands heldur tónleika ásamt Eyþóri Inga Jónssyni á orgel og Hjörleifi Jónssyni á pákur.



**20.30 Guitar Islancio** Tónleikar í Edinborgarhúsinu, Aðalstræti 2, Ísafirði.

**20.30 Hausttónleikar** Bubbi Morthens verður með tónleika í Mælifelli, Aðalgötu 7, Sauðárkróki.

**21.00 Sextett Hauks Göndal og Jónsson & More** leika Kaffi Rósenberg við Klapparstíg.

**22.00 Bít Box** Hljómsveitin Búkalúbb leikur hrynþétta Boogaloo tónlist. Aðgangur ókeypis. Glaumbar, Tryggvagötu 20.

#### → Síðustu forvöð

**Ó vissi tími** Rósa Sigrún Jónsdóttir sýnir tvö vídeóverk í Gallerí Dverg, Grundarstíg 21. Sýningu lýkur á sunnudaginn. Opið 14.00–17.00.

#### → Uppákomur

**20.42 Juan Felipe Waller** leikur á rafstýrðan hrossabrest. Auk þess sýnir Camilla Milena Fehér myndverk og Áki Ásgeirsson, G. Steinn Gunnarsson, Magnús Jensson, Páll Ívan Pálsson og Þorkell Atlason leika á heimagerð tól og tæki. Kaffi Hljómalind, Laugavegi 23.



**20.00 Salka stendur fyrir fjölbreyttri dagskrá í Gyllta salnum á Hótel Borg**. Sigrún Baldvinsdóttir spáir í spilin, Maríanna Clara Lúthersdóttir les úr Síðasta fyrirlestrinum, Heiða Dóra Trúbatrixa verður með tónlistaratriði, Inga María les úr Borða, biðja, elska, Þóra Sigurðardóttir kynnir Japanskar konur hraustar og grannar. Aðgangur ókeypis.

#### → Opnanir

**17.00** Í **START ART listamannahúsi** opna fimm listamenn sýningar. Listamennirnir eru Gunnar Árnason, Guðbjörn Gunnarsson, Sigríður Ágústsdóttir, Friðrika G. Geirsdóttir og Guðbjörg Ringsted. START ART, Laugavegi 12b. Opið þri.–lau. 13.00–17.00.

#### → Fræðsla

**20.00 Kúlukvöld - heimur brúðuleikhússins** Stefán Jörgen Ágústsson segir frá starfi sínu sem gervahönnuður og sýnir margvíslegar furðuverur. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis. Kúlan, Lindargötu 7.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**






## > Íslenskt, já takk segir GAIS

Sænska úrvalsdeildarfélagið GAIS er augljóslega afar hrifið af íslenskum knattspyrnumönnum því þrír íslenskir leikmenn eru á leið til félagsins. Fyrir hjá félaginu er einn, Eyjólfur Héðinsson. Húsvíkingurinn Hallgrímur Jónasson er búinn að semja við félagið sem og KR-ingarnir Guðjón Baldvinsson og Guðmundur Reynir Gunnarsson. Hallgrímur fer frítt til félagsins en félagið kaupir KR-ingana. Rúnar Kristinsson, yfirmaður knattspyrnumála hjá KR, sagði við Fréttablaðið í gær að verið væri að ganga frá lausum endum í sölunni og að KR væri sátt við þann pening sem það fengi fyrir strákana.



**sport**
sport@frettabladid.is

VÉSTEINN SVEINSSON HJÁ FSU: MEÐ 20,3 STIG AÐ MEÐALTALI Í FYRSTU ÚRVALSDEILDARLEIKJUM SÍNUM

# *Brynjar Karl hefur hjálpað mér gríðarlega mikið*

Vésteinn Sveinsson og félagar í FSu hafa farið vel af stað í Iceland Express-deild karla. Vésteinn er að stíga sín fyrstu sport í efstu deild en það er ekki að sjá á leik þessa 21 árs stráks.

„Þetta er búið að vera mjög gaman en ég er ekkert að pæla í því í hvaða deild ég er heldur er bara að reyna að spila minn leik. Ég mæti bara í leikina til að spila körfu sem ég er búinn að æfa mig í að gera. Það er mikill munur á því að vera spila í úrvalsdeildinni en okkur hefur alltaf fundist eins og við gætum spilað í þessari deild,“ segir Vésteinn sem hefur hækkað stigaskor sitt með hverjum leik, var með 16 stig á móti Njarðvík, 19 stig á móti Tindastól og loks 26 stig í síðasta leik á móti Skallagrími.

„Ég er mjög sáttur en það er alltaf hægt að bæta sig. Ég er því að horfa á upptökur af leikjunum og finna það sem hægt er gera betur,“ segir Vésteinn. „Ég fór í aðgerð á hné í maí 2007 og byrjaði ekki að spila aftur fyrr en um áramótin. Ég átti gott sumar og náði að styrkja mig og kom mér í gott líkamlegt form.“



Vésteinn er búinn að vera í FSu síðan 2005. „Ég er frá Akranesi og Brynjar Karl var þjálfarinn minn þegar ég var í áttunda og níunda flokki. Þegar ég var að hugsa mér til hreyfings árið 2005 þá frétti ég af þessari akademíu og hringdi í Brynjar. Hann tók mig inn strax,“ rifjar Vésteinn upp. „Mér fannst þetta svo gott tækifæri til að bæta mig og mér fannst prógrammið vera flott. Brynjar Karl hefur hjálpað mér gríðarlega mikið.“

Vésteinn hefur hitt úr 61,9 prósentum þriggja stiga skota sinna í þessum þremur leikjum en hann hefur skorað 4,3 þriggja stiga körfur að meðaltali í leik í þeim.

Það er mikil stemning á leikjum FSU og þar vinna handbolta- og körfuakademían saman. „Handboltastrákarnir eru að mæta á leiki hjá okkur og gera allt vitlaust. Þeir eru búnir að vera frábærir. Við mætum síðan hjá þeim en við þurfum nú að fara að toppa þá því þeir toppuðu okkur í síðustu leikjum,“ segir Vésteinn.

Fram undan er leikur á móti Þór í kvöld. „Við höldum okkur á jörðinni og ætlum bara að vinna næsta



**50. LEIKURINN** Ásta Árnadóttir hefur spilað marga leik á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ásta Árnadóttir og innköstin:

## Lætur moka braut fyrir sig

**FÓTBOLTI** Ásta Árnadóttir leikur í kvöld sinn 50. opinbera leik á þessu ári en hún hefur verið í aðalhlutverki hjá bæði Val og íslenska landsliðinu. Ásta ætlar ekki að láta snjóinn hindra sig í að taka sín þjóðþekktu innköst í leiknum á móti Írum í kvöld.

„Ég ætla að fara niður og skoða aðstæður og láta ryðja aðeins lengra. Það verður búin til braut fyrir mig,“ segir Ásta í léttum tón en íslenska landsliðið á enn eftir að skora eftir risainnkast frá henni. „Ég held að það komi í þessum leik,“ sagði Ásta sem hlakkar til leiksins.

„Það er skemmtileg spenna í manni fyrir þennan leik. Nú er ekkert plan B því við erum á plani B. Við ætlum að spila frábæran leik og bæta fyrir síðasta leik. Ég hef ekki trú á öðru en að við gerum allar miklu betur,“ segir Ásta. „Maður er að heyra að margir ætli að mæta á leikinn og vonandi bara verður að því. Við þurfum á stuðningnum að halda.“ **- óój**

# Rætist draumur stelpnanna okkar?

**Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson var einn af mörgum sem mokuðu Laugardalsvöllinn í gær fyrir leikinn við Íra í kvöld. Stelpurnar okkar eru 90 mínútum frá því að komast í úrslitakeppni EM 2009.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu getur endurskrifað íslenska knattspyrnusögu í kvöld þegar liðið tekur á móti Írlandi í seinni umspilsleik liðanna um sæti í úrslitakeppni Evrópumótsins í Finnlandi á næsta ári. Íslenska liðið kemst áfram með sigri en nægir einnig markalaust jafntefli. Þetta yrði þá í fyrsta sinn sem A-landslið karla eða kvenna í fótbolta kemst í úrslitakeppni á stórmóti.

Landsliðsþjálfarinn, Sigurður Ragnar Eyjólfsson, vildi fá meira út úr fyrri leiknum þar sem liðið gerði 1-1 jafntefli í Dublin.

„Það má segja að úrslitin hafi verið betri fyrir okkur heldur en þær en auðvitað hefði maður viljað fá sigur því við áttum góða möguleika á því. Við fengum mjög fín færi í leiknum sem nýttust því miður ekki. Við ætlum að gera betur en á Írlandi þar sem við spiluðum örlítið undir getu. Mér finnst að við getum betur og vonandi gengur það á morgun,“ segir Sigurður og að heimavöllurinn skipti liðið miklu máli.

„Við höfum alltaf spilað vel á heimavelli. Í þeim leikjum sem við höfum spilað á Laugardalsvelli undir minni stjórn höfum við unnið þá alla og ekki fengið á okkur mark. Vonandi heldur það bara áfram. Ef við höldum hreinu í þessum leik erum við komin alla leið,“ segir Sigurður en íslenska liðið er nú búið að halda hreinu í 360 mínútur undir hans stjórn í Laugardalnum.

Fyrirliði liðsins, Katrín Jónsdóttir, tekur undir mikilvægi heimavallarins í kvöld. „Maður hefur aldrei skilið þennan mun á heima- og útivelli fyrr en þessi síðustu tvö ár með landsliðinu. Það er alveg ótrúlegt að koma og spila fyrir fleiri þúsund manns sem syngja Áfram Ísland. Það er ekkert sem jafnast á við það,“ segir Katrín.



**ÞJÁLFARARNIR AÐ MOKA** Það hjálpuðu allir til að hreinsa snjóinn af Laugardalsvellinum í gær þar á meðal landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson og aðstoðarmaður hans Guðni Kjartansson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigurður Ragnar segist ekki ætla að breyta miklu en hann ákveði samt ekki byrjunarlið eða leikkerfið fyrr en á síðustu stundu.

„Við höldum bara áfram með hluti sem við höfum verið að vinna með allt árið. Það kann ekki góðri lukku að stýra að vera að breyta of miklu fyrir svona úrslitaleik. Við höldum áfram og ég hef trú á liðinu og þessum stelpum. Þær hafa staðið sig frábærlega og munu gera það áfram. Undirbúningurinn verður mjög hefðbundinn hjá okkur,“ segir landsliðsþjálfarinn sem valdi þó 20 manna hóp þar sem Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir er tæp. Sigurður tók nú inn markvörðinn Guðbjörgu Gunnarsdóttur sem tekur stöðu Söndru Sigurðardóttur sem var í hópnum í fyrri leiknum.

Sigurður Ragnar var einn af fjölmörgum sem mokaði snjó af Laugardalsvellinum í gær.

„Maður verður aðeins að taka þátt en ég á samt ekki mikinn heiður af þessu. Ég reyndi aðeins að hjálpa fyrir blaðamannafundinn og ég vona að það verði í lagi með völlinn. Það lítur ágætlega út núna,“ segir Sigurður sem segir að hann og aðstoðarþjálfarinn, Guðni Kjartansson, hafi verið fulltrúar liðsins en aldrei hefði komið til greina að láta stelpurnar moka. Katrín segist hafa haft áhyggjur af ástandi vallarins en hún hafi þær ekki lengur.

„Auðvitað var maður smeykur í byrjun vikunnar en núna er ég ekkert smeyk og þetta á bara eftir að vera auglýsing fyrir leikinn,“ segir Katrín sem vonast til þess að geta glatt þjóðarsálina í kvöld.

„Við erum með sterkara lið og við viljum þetta miklu meira en þær. Ég vona að við náum að koma með jákvæðar fréttir inn í þjóðfélagið á þessum tímum. Það er búið að vera heldur mikil neikvæð umfjöllun en ég vona að við getum komið með upplyftingu fyrir Ísland,“ sagði Katrín. Hún og allar stelpurnar vita að nú er ekkert varaplan, draumurinn deyr eða rætist um klukkan átta á Laugardalsvellinum í kvöld.

„Nú er það bara allt eða ekkert og við sjáum núna hvort draumurinn rætist eða ekki,“ sagði Sigurður Ragnar að lokum.

Leikurinn í kvöld hefst klukkan 18.10 og það er von á góðri mætingu á Laugardalsvöllinn eins og í síðustu leikjum stelpnanna.

**ooj@frettabladid.is**

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

**Er tímareimin komin á tíma?**

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

**Verðdæmi um tímareimaskipti:**

**Nissan Patrol 2,8 dísil** Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.606 kr.

**Toyota Land Cruiser 90 3,0D** Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.427 kr.

**Toyota Corolla 1,6 bensín** Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.212 kr.

**VW Golf 1,6AEE bensín** Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 36.213 kr.

**Ford Focus 1,6 bensín** Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 39.958 kr.

**Opið virka daga kl. 8:00 til 18:00**
**www.velaland.is**

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

**Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.**




VÉLALAND

Dóra Stefánsdóttir tók út leikbann í fyrri leiknum og fylgdist með frá Svíþjóð:

## Gafst upp og fór út að hlaupa

**FÓTBOLTI** Dóra Stefánsdóttir er lykilmaður á miðju íslenska kvennalandsliðsins og kemur væntanlega aftur inn í byrjunarliðið fyrir leikinn á móti Írum í kvöld.

„Ég var í Svíþjóð og gat ekki setið kyrr í eina sekúndu. Ég bölvaði náttúrulega fyrst yfir því að þetta væri ekki sýnt í sjónvarpinu og svo klikkaði útvarpslýsingin þannig að ég fylgdist með leiknum á netinu. Svo gafst ég upp á því og fór bara út að hlaupa,“ lýsir Dóra síðasta sunnudegi þegar Ísland spilaði fyrri leikinn á móti Írlandi í Dublin.

Dóra viðurkennir að þetta hafi tekið á. „Þetta voru blendnar tilfinningar, maður treysti liðinu hundrað prósent til þess að klára þetta en samt var það þvílíkt stressandi að geta ekkert gert,“ segir Dóra. Hún tók út leikbann en er nú komin aftur til liðs við stelpurnar.



**MIKILVÆG** Dóra Stefánsdóttir er í stóru hlutverki á miðjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Nú getur maður farið að leggja sitt af mörkum, ég er ótrúlega spennt og hlakka mikið til,“ segir Dóra.

„Ég hef rosalega góða tilfinningu fyrir leiknum og við þurfum að ná því besta út úr því sem við höfum. Við erum með marga góða leikmenn og þurfum að hjálpast að við að ná því besta fram hjá hver annarri. Ef það tekst þá rúllum við þessu upp,“ segir Dóra á sannfærandi hátt.

Dóra segir það skipta miklu máli að þessi úrslitaleikur fari fram á heimavelli.

„Við eigum góðar minningar frá leikjunum á vellinum,“ segir hún og er á því að ástand vallarins skipti ekki neinu máli. „Völlurinn er jafnfrosinn fyrir þær,“ segir Dóra og stelpurnar ætla heldur ekki að láta kuldann hafa áhrif á sig. „Við mætum í stuttbuxum og stuttermabolum og keyrum á þetta því við ætlum að vinna þennan leik,“ segir Dóra að lokum. **- óój**



THE NORTH FACE
North Face dagar
í Útilíf
20%
afsláttur
af öllum
North Face vörum
til sunnudags
THE NORTH FACE
// Stærsta útivistarmerki í heimi
// Sniðið að íslenskum aðstæðum
// Fæst í miklu úrvali í Útilíf
Þú getur treyst North Face útivistarvörum.
Veðrið er aukaatriði, rétti búnaðurinn er aðalatriði og hann færðu hjá okkur.
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500
ÚTILÍF

# ÚRSLIT

### *EM í handbolta:*

Ísland-Belgía 40-21 (19-9)

**Mörk Íslands (skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 12/5 (15/5), Róbert Gunnarsson 5 (6), Ásgeir Örn Hallgrímsson 4 (7), Vignir Svavarsson 3 (4), Logi Geirsson 3 (5), Einar Hólmgeirsson 3 (6), Aron Pálmarsson 2 (3), Sverre Jakobsson 1 (1), Ingimundur Ingimundarson 1 (1), Ragnar Óskars son 1/1 (1/1), Arnór Atlason (3).
**Varin skot:** Hreiðar Levý Guðmundsson 11/1 (20/1) 52%, Björgvin Páll Gústavsson 11 (23) 48%.
**Hraðaupphlaup:** 15 (Guðjón 5, Þórir 3, Ásgeir 2, Einar, Ingimundur, Róbert, Sverre, Logi).
**Fiskuð víti:** 6 (Róbert 2, Ragnar 2, Guðjón, Ásgeir). Utan vallar: 6 mínútur.
**Mörk Belga:** Nicolas Havenith 5, Tim Houbrecht 4, Thomas Cauwenberghs 3, Pieter Claesen 2, David L´Hoest 2, Kevin Jacobs 2, Kai Verhoeven 1, Roel Valkenborgh 1.
**Varin skot:** Jens Lievens 12, David Polfliet 1.
**Utan vallar:** 8 mínútur.

### *Enska úrvalsdeildin:*

ARSENAL-TOTTENHAM 4-4
0-1 David Bentley (12.), 1-1 Mikael Silvestre (36.), 2-1 William Gallas (45.), 3-1 Emmanuel Ade bayor (63.), 3-2 Darren Bent (66.), 4-2 Robin van Persie (67.), 4-3 Jermaine Jenas (88.), 4-4 Aaron Lennon (93.).
ASTON VILLA - BLACKBURN ROVERS 3-2
0-1 Stephen Warnock (30.), 1-1 Luke Young (45.), 2-1 Gareth Barry (65.), 3-1 Gabriel Agbonlahor (87.), 3-2 Brett Emerton (90.).
BOLTON WANDERERS - EVERTON 0-1
0-1 Marouane Fellaini (90.).
FULHAM - WIGAN ATHLETIC 2-0
1-0 Andy Johnson (11.), 2-0 Andy Johnson (60.).
HULL CITY - CHELSEA 0-3
0-1 Frank Lampard (2.), 0-2 Nicolas Anelka (49.), 0-3 Florent Malouda (74.).
LIVERPOOL - PORTSMOUTH 1-0
1-0 Steven Gerrard (74.).
MANCHESTER UNITED - WEST HAM 2-0
1-0 Cristiano Ronaldo (13.), 2-0 Ronaldo (29.).
MIDDLESBROUGH - MANCHESTER CITY 1-0
1-0 Afonso Alves (57.).
STOKE CITY - SUNDERLAND 1-0
1-0 Ricardo Fuller (73.)

### *Iceland Express-deild kvk:*

Valur-Snæfell 52-47 (25-28)
***Stig Vals:*** Signý Hermannsdóttir15 (21 frák., 7 stoðs., 7 varin), Þórunn Bjarnadóttir 14 (7 stolnir), Lovísa A Guðmundsdóttir 10 (9 frák., 4 varin), Tinna Björk Sigmundsdóttir 7 (5 stoðs.), Ösp Jóhannsdóttir 3, Kristjana Magnúsdóttir 3.
**Stig Snæfells:** Detra Ashley 16 (18 frák.), Sara Sædal Andrésdóttir 12, Gunnhildur Gunnarsdóttir 12 (3 varin), Unnur Lára Ásgeirsdóttir 3 (4 stolnir), Berglind Gunnarsdóttir 2 (12 frák.), María Björnsdóttir 2.
Grindavík-Hamar 80-83 (30-35, 70-70)
**Stig Grindavíkur:** Petrúnella Skúladóttir 24, Ingibjörg Jakobsdóttir 16, Ólöf Helga Pálsdóttir 11 (13 frák., 4 stoðs.), Íris Sverrisdóttir 10 (9 stoðs.), Berglind Anna Magnúsdóttir 8, Lilja Ósk Sigmarsd. 6, Helga Rut Hallgrímsd. 5 (15 frák.).
**Stig Hamars:** Julia Demirer 37 (20 frák.), LaKiste Barkus 22 (14 frák., 7 stoðs.), Fanney Lind Guð mundsdóttir 10 (9 frák.), Jóhanna Björk Sveinsdóttir 4, Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir 4, Íris Ásgeirsdóttir 3, Hafrún Hálfdánardóttir 2, Elma Jóhannsdóttir 1.



**STÓRLEIKUR** Julia Demirer var með 37 stig og 20 fráköst í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Iceland Express kvenna:

## Hamar vann í Grindavík

**KÖRFUBOLTI** Hamarskonur héldu áfram sigurgöngu sinni í Iceland Express-deild kvenna með því að vinna 83-80 sigur á Grindavík í framlengdum leik liðanna í Grindavík.

Julia Demirer átti stórleik í liði Hamars og var með 37 stig og 20 fráköst og LaKiste Barkus var með 22 stig, 14 fráköst og 7 stoðsendingar. Það dugði Grindvíkingum ekki að Petrúnella Skúladóttir skoraði 24 stig en liðið lék án fyrirliða síns, Jovönu Stefánsdóttur, sem er nefbrotin.

Valskonur unnu nauman sigur á nýliðum Snæfells, 52-47, í Vodafone-höllinni í gær eftir að Snæfellsliðið hafði verið yfir stærsta hluta leiksins. Valsarinn Signý Hermannsdóttir var með 15 stig, 21 frákast, 7 stoðsendingar og 7 varin skot í leiknum en Þórunn Bjarnadóttir gerði út um leikinn í lokin þegar hún skoraði 7 af 14 stigum sínum í 4. leikhlutanum. - óój

Guðjón Valur sigurðursson átti enn einn stórleikinn með íslenska landsliðinu í sigrinum á Belgum í gær:

# Guðjón Valur rauf þúsund marka múrinn

**HANDBOLTI** Guðjón Valur Sigurðsson náði þeim merka áfanga í gærkvöld gegn Belgum að verða þriðji handknattleiksmaðurinn í sögu Íslands til þess að skora þúsund mörk fyrir A-landsliðið. Kristján Arason var fyrstur til þess að rjúfa þúsund marka múrinn, Ólafur Stefánsson kom næstur þar á eftir og nú hefur Guðjón Valur bæst í þann myndarhóp.

„Það er mjög gaman að þessu en þetta gefur enga punkta. Sigurinn er miklu mikilvægari,“ segir Guðjón Valur hógvær að vanda.

Þúsundasta mark Guðjóns Vals kom í lok fyrri hálfleiks en það var hans áttunda mark í leiknum. Í



**EITT AF TÓLF** Guðjón Valur Sigurðsson fór mikinn í sigrinum á Belgum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

síðari hálfleik hélt Guðjón Valur svo áfram að skora og endaði með tólf mörk. Það er því byrjað að telja í annað þúsundið. Guðjón Valur var ánægður með sigurinn, þó svo að mótspyrnan hafi ef til vill ekki verið mikil.

„Það er fínt að vinna með nítján marka mun en það er rosalega erfitt að spila svona leiki. Þá meina ég ekki líkamlega erfitt heldur að halda haus og einbeitingu út allan leikinn gegn mun lakari andstæðing. Það komu alveg fáránlegir tæknifeilar hjá okkur inn á milli og það skrifast á einbeitingarleysi. Ef við hefðum spilað vörnina eins og við spiluðum á Ólympíuleikunum í Peking hefðu Belgarnir líklega ekki skorað meira en tíu mörk,“ segir Guðjón Valur.

Guðjón Valur telur líka að Norgesleikurinn mikilvægi sem fram fer á laugardag hafi verið aftast í kollinum á mönnum.

„Menn voru náttúrulega með hugann við laugardaginn, það er engin spurning og því slökuðum við kannski örlítið á varnarlega í síðari hálfleik. Það er annars vissulega góð tíðindi að allir hafi komist í gegnum þennan leik án þess að meiðast því leikurinn á laugardag verður erfiður,“ segir Guðjón Valur að lokum. - óþ

# Brunað yfir varnarlausa Belga

**Leiðin á EM í Austurríki 2010 hjá íslenska landsliðinu hófst í gær þegar íslenska hraðlestin keyrði yfir arfaslakt lið Belgíu. Nítján marka sigur, 40-21, staðreynd þar sem Guðjón Valur skoraði þúsundasta markið.**

**HANDBOLTI** Það var mikil stemmning í Laugardalshöll í gær þegar silfurstrákarnir spiluðu sinn fyrsta leik eftir Ólympíuleikanna. Andstæðingurinn afar veikur og auðveldur sigur staðreynd en áhorfendur skemmtu sér vel.

Það má með sanni segja að íslenska liðið hafi ekki þurft langan tíma til þess að klára leikinn. Mótspyrnan var ekki mikil, strákarnir byrjuðu af miklum krafti, skoruðu þrjú fyrstu mörkin og náðu sjö marka forystu, 10-3, þegar stutt var liðið á leikinn.

Geta Belganna sást ágætlega strax í fyrstu sókn þeirra sem endaði með arfaslöku skoti sem Hreiðar Guðmundsson greip! Hreiðar varði annars mjög vel eða ellefu skot í fyrri hálfleik.

Vörnin stóð vaktina vel en sóknarleikurinn nokkuð stirður og það skiljanlega þar sem marga lykilmenn vantaði og strákarnir í sókninni ekki leikið mikið saman síðustu ár. Ragnar Óskarsson stýrði sókninni en var nokkuð stirður. Ásgeir Örn og Arnór voru með litla skotógnun fyrir utan og flest mörk íslenska liðsins komu úr gegnumbrotum eða hraðaupphlaupum.

Þórir var öflugur í hægra horninu, Róbert sterkur á línunni og í vinstra horninu fór Guðjón Valur á kostum í hálfleiknum. Hann lék við hvurn sinn fingur og það var vel við hæfi að hann skyldi ljúka hálfleiknum með sínu áttunda marki sem var jafnframt 1000. mark hans með A-landsliðinu. 19-9 í hálfleik og leikurinn í raun búinn.

Síðari hálfleikur því algjört formsatriði þar sem íslenska liðið raðaði inn hraðaupphlaupsmörkum og náðu allir útileikmenn íslenska liðsins að skora fyrir utan Arnór Atlason. Björgvin kom í markið og stóð sig vel.

Það er vart orðum eyðandi á þetta belgíska lið sem er hrein hörmung. 60 mínúturnar voru því lítið annað en fínn undirbúningur fyrir leikinn í Noregi á laugardag. Guðmundur þurfti að slípa sóknarleikinn til í þessum leik og fá



**FYRSTI LANDSLEIKURINN** Hinn 18 ára Aron Pálmarsson skoraði tvö mörk í fyrsta landsleiknum sínum í Laugardalshöllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**FJÖR Í HÖLLINNI** Það var gaman í stúkunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

svör við ákveðnum spurningum. Verður því áhugavert að sjá hvernig hann lætur liðið spila á laugardag.

Hinn stórefnilegi Aron Pálmarsson átti virkilega fína innkomu í sínum fyrsta landsleik og var kátur eftir leik.

„Það var frábær tilfinning að koma inn í sinn fyrsta landsleik með þessu silfurliði. Stemmningin og allt í liðinu er frábært og ekki verra að spila í þessari stemmningu,“ sagði Aron brosmildur.

„Ég var nú ekkert stressaður enda kom ég inn í þægilegri stöðu. Það var samt smá fiðringur í maganum og léttir að sjá fyrsta skotið hafna í markinu. Eina sem ég er stressaður út af er rassskellingin sem ég fæ í sturtunni á eftir,“sagði Aron og hló en þessi strákur á eftir að láta mikið að sér kveða í framtíðinni.

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari var ánægður að vera búinn með þennan leik.

„Það er afar gott að þetta verkefni sé að baki. Það er aldrei gott að undirbúa lið fyrir leik þegar maður hefur engar myndir og veit ekkert. Það kom samt fljótt í ljós að þetta lið er ekki í sama klassa og við,“ sagði Guðmundur sem var ánægður með liðið.

„Strákarnir byrjuðu á fullu og voru einbeittir. Ekkert bull í gangi og gerðu það sem þurfti og meira til að mínu mati. Þeir lögðu sig alla fram og meira er ekki hægt að biðja um,“ sagði Guðmundur sem veit að erfiðara verkefni bíður handan við hornið.

„Það er allt annar og erfiðari leikur. Við verðum að undirbúa okkur vel en tíminn er naumur. Mér fannst sóknarleikurinn ganga ágætlega á köflum og flestir standa sig vel. Eina sem ég get kvartað yfir er varnarleikurinn á kafla í síðari hálfleik“ - hbg / - óþ

Níu leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gærkvöldi þar á meðal átta marka leikur á Emirates-vellinum:

# Gerrard tryggði Liverpool sigur úr víti

**FÓTBOLTI** Liverpool vann sinn fimmta sigur í röð í ensku úrvalsdeildinni og heldur toppsætinu en Chelsea vann líka og fylgir þeim fast á eftir. Það gekk misvel hjá nýju stjórunum Harry Redknapp hjá Tottenham og Tony Adams hjá Portsmouth.

Steven Gerrard tryggði Liverpool 1-0 sigur á Portmouth og áframhaldandi veru á toppnum með því að skora sigurmarkið úr víti á 75. mínútu.

Vítið var dæmt á Papa Bouba Diop fyrir hendi en hann hreinlega stökk á boltann að hætti markvarða. Tony Adams tapaði því fyrsta leik sínum við stjórnvölinn hjá Portsmouth en liðið pakkaði í vörn en náði ekki að halda hreinu.

Sigurganga Hull endaði á Brúnni þar sem Chelsea vann öruggan 3-0 útisigur. Frank Lampard skoraði strax eftir 3 mínútur og það voru síðan Nicolas Anelka og Florent Malouda sem skoruðu hin mörkin í seinni hálfleik. Nýliðar Hull voru búnir að vinna fjóra leiki í röð fyrir þennan leik.

Harry Redknapp og lærisveinar hans í Tottenham tryggðu sér



**AUÐVELT** Frank Lampard og félagar unnu öruggan sigur á Hull. NORDICPHOTOS/GETTY

jafntefli í miklum markaleik í Lundúna-slagnum á móti Arsenal. Tottenham skoraði tvö síðustu mörkin í blálokin og tryggði sér 4-4 jafntefli. Sex af átta mörkum leiksins komu í seinni hálfleik en Arsenal komst í bæði 3-1 og 4-2.

Cristiano Ronaldo tók við gullskónum fyrir leikinn og var búinn að skora tvö mörk á fyrstu 30 mínútunum í 2-0 sigri Manchester United á West Ham. Fyrra markið skoraði hann eftir sendingu frá Nani en það síðara eftir sendingu Búlgarans Dimitar Berbatov. - óój

# Goran Superform á 6 vikum



**GORAN SUPERFORM** er raunhæft heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun.

Tilgangur þess er að þú takir hröðum líkamlegum og huglægum framförum og stígir örugg en einföld skref til betri skilnings á eigin heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu. Hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina. Hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

**VILT ÞÚ:**

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfi og heilbrigði?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Fimm tímar í viku – brennsla – styrking – liðleiki.
Takmarkaður fjöldi.
Einkaráðgjöf og uppbygging hjá Goran.
Persónuleg næringarráðgjöf.
Ráðgjöf við matarinnkaup.
Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar.
Frábær spennandi lífrænn matur.
Næringardrykkur í lok hvers tíma.
Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni,
kl. 6:30, 7:30, 10:00, 12:00, 16:30 og 17:30.




**Nýtt á Íslandi**
**Goran Superform**
**matartaska!**

Nú getur þú tekið með mat, sem sniðinn er samkvæmt þinni orkuþörf, heim eftir hverja æfingu.

Goran útbýr matartösku sér hannaða fyrir þig sem tryggir hámarks árangur!

## Skráðu þig strax í síma 578-8200
## Námskeiðin byrja 3. nóvember!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | grandspa@grandspa.is

GrandSpa

> **Emily Procter**

„Ég er frá Norður-Karólínu og reyndi í mörg ár að fela suðurríkjahreiminn. En af því hreimurinn er svo stór hluti af því hver ég er þá ég týndi ég óvart sjálfri mér í leiðinni. Svo þegar ég fékk hlutverk þar sem ég átti að tala eins og ég er von þá fyrst fór eitthvað að gerast í mínum málum.“ Procter leikur í þættinum C.S.I: Miami sem sýndur er á Skjáeinum í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SÁ SLÖNGU GLEYPA HJÖRT Í HEILU LAGI

# David Attenborough kann sitt fag

Náttúrulífsþættir Davids Attenborough geta verið algjört augnayndi eins og sannaðist í fyrsta þætti myndaflokksins Líf með köldu blóði sem hófst í Ríkissjónvarpinu á mánudaginn.

Myndatakan í þættinum var hreint út sagt frábær og gerði það að verkum að auðvelt var að límast við skjáinn og fylgjast með hverju skrið- og froskdýrinu á eftir öðru leika listir sínar.

Sérlega magnað var að sjá eina risaslönguna gleypa hjartardýr í heilu lagi eins og ekkert væri sjálfsagðara. Eins og gefur að skilja er erfitt að melta heilan hjört og fór því í gang flókið og um leið afar merkilegt ferli í líkama slöngunnar. Til að mynda stækkaði hjarta hennar um sextíu prósent til að hún réði við ósköpin og í raun þurfti hún ekki að éta annan mat í heilt ár á eftir, svo langan tíma tók meltingin. Aldeildis góður kostur að geta borðað eitthvað og þurfa síðan ekki að hafa áhyggjur næsta árið, hvað þá þegar kreppir að eins og á þessum síðustu og verstu tímum.

Í viðtali Sjónvarpsins við Attenborough skömmu fyrir þáttinn kom berlega í ljós að hann hefur enn þá brennandi áhuga á náttúrunni þrátt fyrir að hafa fjallað um hana í fjölda ára. Þessi áhugi smitaði út frá sér í þáttinn, þannig að unun var að fylgjast með. Verður spennandi að fylgjast með því hvað þessi færi náttúrulífsfræðingur mun bjóða aðdáendum sínum upp á í næstu viku.



**DAVID ATTENBOROUGH** Nýir þættir Attenboroughs, Líf með köldu blóði, eru sýndir í Ríkissjónvarpinu á mánudagskvöldum.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** F1 Við rásmarkið STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.30** Help Me Help You STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** House SKJÁREINN



▶ **21.30** Nýgræðingar (Scrubs VI) SJÓNVARPIÐ



▶ **22.20** A View to a Kill STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan** (e)

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Landsleikur í fótbolta** Bein útsending frá leik kvennaliða Íslands og Írlands. Leikurinn hefst kl. 18.10.

**19.00 Fréttir**

**19.10 Veður**

**19.15 Landsleikur í fótbolta** Ísland – Írland, seinni hálfleikur.

**20.15 Káta maskínan** Þorsteinn J. fjallar um myndlist, leiklist og kvikmyndir.

**20.45 Nynne** (Nynne) (2:13) Dönsk gamanþáttaröð frá 2005 byggð á vinsælum dálki í Politiken um unga konu sem er illa haldin af neyslubrjálæði, lifir fyrir merkjavöru og skyndikynni við karlmenn, og á nóg af ónotuðum kortum í líkamsræktarstöðvar. Aðalhlutverk: Mille Dinesen og Mette Storm.

▶**21.30 Nýgræðingar** (Scrubs VI) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Aðalhlutverk: Zach Braff, Sarah Chalke, Donald Faison og Neil Flynn.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Kvennaráð** (2:6) (Mistresses) Bresk þáttaröð um fjórar vinkonur og fjölskrúðugt ástalíf þeirra. Meðal leikenda eru Sarah Parish, Sharon Small, Shelley Conn, Orla Brady, Raza Jaffrey, Adam Rayner og Patrick Baladi.

**23.15 Svartir englar** (6:6) Íslensk spennuþáttaröð byggð á sögum eftir Ævar Örn Jósepsson um hóp rannsóknarlögreglumanna sem fæst við erfið sakamál. (e)

**00.00 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Eight Below**

**10.00 Stick it**

**12.00 Fantastic Four**

**14.00 Buena Vista Social Club**

**16.00 Eight Below**

**18.00 Stick it**

**20.00 Fantastic Four** Ævintýraleg hasarmynd um hóp geimfara sem verður fyrir geislum og öðlast ofurkrafta.

**22.00 The Fog**

**00.00 No Good Deed (House on Turk Street)**

**02.00 Lawnmower Man**

**04.00 The Fog**

**06.00 The Big Nothing**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrítnir foreldrar, Dynkur smáeðla, Louie, Tommi og Jenni og Kalli kanína og félagar.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (181:300)

**10.15 Grey's Anatomy** (26:36)

**11.15 The Moment of Truth** (12:25)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.35 Neighbours**

**13.00 Forboðin fegurð** (60:114)

**13.45 Forboðin fegurð** (61:114)

**14.30 Ally McBeal** (18:23)

**15.25 Friends**

**16.00 Sabrina - Unglingsnornin**

**16.23 A.T.O.M.**

**16.48 Draugasögur Scooby-Doo** (1:13)

**17.13 Doddi litli og Eyrnastór**

**17.23 Hlaupin**

**17.33 Bold and the Beautiful**

**17.58 Neighbours**

**18.23 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.17 Veður**

**19.30 The Simpsons** (19:22)

**19.55 Friends** (18:25)

**20.20 Eldsnöggt með Jóa Fel** (2:10)

**20.50 The Celebrity Apprentice** (8:13) Auðkýfingurinn Donald Trump leiðir saman misskærar stjörnur í hörkuspennandi markaðs- og fjáröflunarkeppni.

**21.35 Prison Break** (5:22) Michael Scofield braust út úr skelfilegu fangelsi í Panama með aðstoð Lincolns bróður síns. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.

▶**22.20 A View to a Kill** Spennumynd um njósnarann James Bond. Roger Moore fer með aðalhlutverkið og þess má geta að myndin er að hluta til tekin á Íslandi.

**00.25 Fringe - NÝTT** (3:22)

**01.10 Annapolis**

**02.50 Traveler** (6:8)

**03.35 Duma**

**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT besta sætið

**18.10 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.

**18.40 PGA Tour 2008 - Hápunktar**

**19.35 Inside the PGA**

▶**20.00 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúlu 1-kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.

**20.40 Utan vallar** Magnaður umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.

**21.30 Ultimate Fighter** Mögnuð þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC en tveir heimsþekktir bardagamenn þjálfa mennina.

**22.30 NFL-deildin** Magnaður þáttur þar sem hver umferð í NFL-deildinni er skoðuð í bak og fyrir. Þeir Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.

**23.00 Utan vallar**

**23.50 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.

## SPORT 2 enski boltinn

**07.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. Utd og West Ham.

**13.25 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Hull og Chelsea.

**15.05 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Middlesbrough og Man. City.

**16.45 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.

**17.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og Portsmouth.

**19.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Arsenal og Tottenham.

**21.00 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.

**21.55 PL Classic Matches** Sheffield - Coventry, 1995.

**22.25 PL Classic Matches** Newcastle - Chelsea, 1995.

**22.55 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

**23.25 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp.

**00.20 Coca Cola-mörkin**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Innlit/Útlit** (6:14) (e)

**09.35 Vörutorg**

**10.35 Óstöðvandi tónlist**

**16.30 Vörutorg**

**17.30 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.

**18.15 Charmed** (6:22) (e)

**19.05 What I Like About You** (e)

**19.30 Game tíví** (8:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

**20.00 Family Guy** (15:20) Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.

**20.30 30 Rock** (8:15) Þingkonan C.C. vill opinbera samband sitt við Jack en hann er ekki tilbúinn til þess. Liz reynir að halda bæði Tracy og Jenna ánægðum en það gengur illa.

▶**21.00 House** (9:16) Cuddy skipar House að velja sér aðstoðarfólk og hann felur þeim krefjandi verkefni. Þeir þurfa að komast að því hvað er að hrjá sjúskaða rokkstjörnu sem er við dauðans dyr.

**21.50 CSI: Miami** (6:21) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Undarlegir hlutir gerast hjá fólkinu í rannsóknardeildinni þegar það eltist við raðmorðingja sem lætur til skarar skríða í sólmyrkva.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 America's Next Top Model** (e)

**00.20 How to Look Good Naked** (e)

**01.10 Vörutorg**

**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Gildir 30. október til 7. nóvember 2008
Meðan birgðir endast
Ríkissjóður fær eftir sem áður virðisaukaskattinn greiddan.
Tilboðið er alfarið á kostnað Rafha.



TAX FREE
Afnemum virðisaukaskatt af ÖLLUM smáraftækjum
Electrolux • Breville • Philips • Braun • Appliance • Cloer • Domo • Tristar • Kenwood



Kláraðu jólainnkaupin og sparaðu þúsundir í leiðinni!

Rafha ehf

Opið
Virka daga 9-18
Laugardaga 10-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.20

### Eldsnöggt með Jóa Fel



Sjónvarpskokkurinn og bakarameistarinn Jói Fel er mættur til leiks og flakkar nú sem aldrei fyrr. Í þessum öðrum þætti heldur hann áfram að skoða glæsileg eldhús veitingahúsanna og aðra staði þar sem okkar færustu matreiðslumenn sýna jafnan listir sínar. Að þessu sinni fær Jói að skyggnast bak við tjöldin og fylgjast með gerð matreiðslu- og sælkeratímaritsins Gestgjafans. Úlfar Finnbjörnsson er sérlegur matreiðslumeistari blaðsins og Jói fylgist með honum undirbúa þátt um gómsæta villibráð. Að sjálfsögðu tekur Úlfar sig svo til og sýnir áhorfendum hvernig reiða skal fram einfaldan villibráðarrétt.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Ísland - Írland, BEINT**

**Sjónvarpið kl. 18.10**

Stelpurnar okkar eru 90 mínútur frá því að komast í úrslitakeppni EM 2009 og yrðu þá fyrsta A-landslið Íslands í fótbolta sem næði því. Íslenska kvennalandsliðið mætir því írska í Laugardalnum í seinni umspilsleik þjóðanna en liðin gerðu 1-1 jafntefli í fyrri leiknum í Dublin um helgina. Ísland fer áfram með sigri en nægir einnig markalaust jafntefli.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**11.45** Í mótbyr
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Rigning í nóvember
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsperlur: Í blámóðu bernskunnar
**23.17** Kvöldtónar
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (48:260)
**16.30 Hollyoaks** (49:260)
**17.00 Seinfeld** (6:24)
**17.30 Help Me Help You** (4:13)
**18.00 Punk'd** (14:16)
**18.30 Kenny vs. Spenny** (8:13)
**19.00 Hollyoaks** (48:260)
**19.30 Hollyoaks** (49:260)
**20.00 Seinfeld** (6:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur.
▶**20.30 Help Me Help You** (4:13) Grátbroslegir gamanþættir þar sem Ted Danson leikur afar sjálfhverfan sjálfshjálpargúrú sem fæst við að hjálpa veiku fólki við að takast á við raunveruleikann en þyrfti sjálfur að fara eftir eigin ráðum.
**21.00 Punk'd** (14:16) Grallaraspóinn Ashton Kutcher snýr aftur og heldur áfram að hrekkja helstu stjörnurnar í Hollywood og taka allt saman upp á falda myndavél.
**21.30 Kenny vs. Spenny** (8:13) Kenny og Spenny eru æskufélagar sem hafa gaman að því að keppa við hvor annan. Í þessum þáttum etja þeir kappi í hinum ýmsu atburðum. Þar á meðal nektarkeppni, danskeppni, biblíusölu og kossakeppni.
**22.00 Grey's Anatomy** (2:24)
**22.45 Ghost Whisperer** (50:62)
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Heimastjórn stöðvarinnar, Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm, er í essinu sínu við að skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
**21.00 Af lífi og sál** Guðna Ágústssyni liggur sitthvað á hjarta í ölduróti þjóðlífsins.
**21.30 Íslands safarí** Umsjónarmaður er Akeem Richard Oppong, formaður Íslands Panorama.

**Dagsskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Plan dk **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Update **15.30** Isa's stepz **16.00** Den amerikanske drage **16.25** Sylvesters serenade **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Hvor er vi landet? **19.30** Aldrig mere fængsel **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** SOS **21.50** Sugar Rush **22.15** Eureka **23.00** Hul igennem **23.45** Naruto Uncut

### NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Jessica Fletcher **13.00** NRK nyheter **13.05** Barmeny **13.30** ,Allo, ,Allo! **14.00** NRK nyheter **14.03** Fabrikken **14.30** Ace Lightning **15.00** NRK nyheter **15.10** Hannah Montana **15.35** Mona Mørk **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Árdna - Samisk kulturmagasin **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 70-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.35** Höök **21.35** Tracey Ullmans USA **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Diamantenes verden **23.35** Spooks

### SVT 1

**12.05** Morgonsoffan **12.55** Plus **13.25** Fråga doktorn **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Hannah Montana **15.30** Rea **15.55** Bernard **16.00** Sagor från Zoo **16.10** Storasyster och lillebror **16.15** En unge till **16.20** Yoko! Jakamoko! Toto! **16.25** Lisas sagoshow **16.40** Evas superkoll **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Mitt i naturen **19.30** Andra Avenyn **20.00** Höök **21.00** Debatt **21.45** Grosvold **22.30** Kulturnyheterna **22.45** Uppdrag Granskning **23.45** Toppform




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Krua Thai kemur alltaf sterkur inn sem skyndibiti. Ég fer reglulega þangað til að ná í mat. Ég tek alltaf rúllurnar og svo finnst mér Tom Kha Kai-súpan alveg rosaleg.“*

Sóley Kristjánsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Ölgerðinni.

# Nýjum fána Nýrra tíma verður breytt

„Þetta er ansi afdráttarlaust myndmál. Nýnasistar hafa notað tákn og liti af þessu tagi. Frá mínum bæjardyrum er þetta bara hugsanalaus bjánagangur,“ segir Dóra Ísleifsdóttir, fagstjóri grafískrar hönnunar í Listaháskóla Íslands.

Dóra skrifaði ansi afdráttarlausa lýsingu á fána mótmælandasamtakanna Nýir tímar á Facebook-síðu sinni. Og hvetur hópinn til að endurskoða sinn gang. „Ég held að þetta hljóti bara að vera mistök. Fáninn hlýtur að vera ofsalega vanhugsaður og hafa orðið til í einhverju fári. Ég fyrir mitt leyti myndi aldrei hylla þennan fána,“ útskýrir Dóra.



**ÚTPÆLT** Snorri vill ekki viðurkenna að fáninn hafi verið mistök; þetta hafi verið útpældur áróður.

Í útskýringum sínum á Facebook skrifar Dóra meðal annars: „Litir Hitlers og nasista, blóðugrar byltingar, tilvísun í tákni til hakakrossins, skálínur byltingarinnar og hugmyndakúgunar, brottnám himinblámans úr íslenska fánanum, hnefar á lofti.“

Snorri Ásmundsson, einn fulltrúi Nýrra tíma, segir að þau séu að breyta öllu útliti á síðunni. Og að fáninn verði tekinn út. Það verði annar litur á honum og aðrar línur. Hann vill þó ekki viðurkenna að hann hafi verið mistök. Segir alveg kokhraustur að þetta hafi verið sú umræða sem þau vildu fá af stað. „Þetta var alveg útpælt hjá okkur,” segir Snorri en Nýir tímar hafa boðað til mótmæla á laugardaginn klukkan tvö.

- fgg




**NASISTALEGUR** Fáni Nýrra tíma er að mati fagstjóra grafískrar hönnunar í Listaháskóla Íslands mikil mistök.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** loðfeldur, **6.** málmur, **8.** dauði, **9.** festing, **11.** á fæti, **12.** vísdómur, **14.** einkennis, **16.** gjaldmiðill, **17.** nár, **18.** vitur, **20.** frú, **21.** áhrifavald.

**LÓÐRÉTT**
**1.** líkamshluti, **3.** skammstöfun, **4.** nennuleysi, **5.** rá, **7.** bergtegund, **10.** samhliða, **13.** óvild, **15.** listi, **16.** þyrping, **19.** átt.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** pels, **6.** ál, **8.** hel, **9.** lím, **11.** tá, **12.** speki, **14.** aðals, **16.** kr, **17.** lík, **18.** vís, **20.** fr, **21.** ítak.
**LÓÐRÉTT: 1.** háls, **3.** eh, **4.** letilíf, **5.** slá, **7.** líparít, **10.** með, **13.** kal, **15.** skrá, **16.** kví, **19.** sa.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Kaj Leo Johannesen.
2. Í Sýrlandi.
3. Latibær.

HANS ANDREASEN: LÁNIÐ STYRKIR VINÁTTUBÖND LANDANNA

# Glimrandi gangur á skemmtistaðnum Glitni

„Jú, við vissum alveg af því að við ættum nafna á Íslandi. Og þykir það sorglegt hvernig komið er fyrir honum. Hins vegar er alveg glimrandi gangur hjá okkur og ekkert gjaldþrot í spilunum,“ segir Hans Andreasen, vert á veitinga- og skemmtistaðnum Glitni í Þórshöfn. Eins og flestum ætti að vera kunnugt um þá hefur færeyska ríkisstjórnin ákveðið að koma Íslandi til hjálpar á þessum síðustu og verstu og hyggjast veita þjóðinni lán upp á 300 milljónir danskra. Án nokkurra skilyrða ef marka má fyrstu fréttir.

Hans segir að Færeyingar allir hugsi hlýlega til íslensku þjóðarinnar á þessari stundu. Enda eigi þjóðirnar margt sameiginlegt. Hann bætir því hins vegar við að þetta sé kannski líka svolítið kaldhæðnislegt og fyndið; að litla eyjan skuli koma þeirri stóru til hjálpar. Ekki síst í ljósi íslensku útrásarinnar þar sem Íslendingar blönduðu geði við stórþjóðir en gleymdu kannski sínum nánustu á Færeyjum. En fyrst og fremst er Andreasen ánægður með aðstoð færeysku ríkisstjórnarinnar. Og telur að þetta eigi eingöngu eftir að styrkja vináttubönd landanna. „Við höfum mikla trú á Íslendingum og teljum að þeir verði fljótir að ná sér á strik. Og kannski í framtíðinni, ef Færeyjar lenda í viðlíka vandræðum, eiga Íslendingar eftir að koma okkur til aðstoðar.“



**STYÐJUM FRÆNDUR OKKAR** Hans Andreasen segir enga Þórðargleði ríkja hjá Færeyingum. En viðurkennir að í stóra samhenginu sé lán Færeyinga til Íslands óneitanlega skondið.

Færeyingar hafa alltaf notið töluverðrar hylli á Íslandi. Færeysk tónlist hefur alltaf átt upp á pallborðið hjá Íslendingum og er skemmst að minnast vinsælda Eivarar Pálsdóttur. Færeyska X-factor-stjarnan Jógvan var, eins og aðrir Íslendingar, ákaflega upprifinn yfir stuðningi landa sinna. „Mér finnst þetta bara ótrúlega fallega gert af samlöndum mínum,“ segir hann en bætir því við að Færeyingar hafi haft virkilegar áhyggjur af frændum sínum. „Fólk var að hringja í mig og spyrja mig hvort mig vantaði mat, hvort greiðslukortin virkuðu og svoleiðis. Þeir höfðu virkilegar áhyggjur,“ útskýrir Jógvan en bætir því við að Færeyingar viti nákvæmlega hvernig íslensku þjóðinni líði. „Við vitum alveg hvað kreppa er, það eru bara fimmtán ár síðan við upplifðum það sama, fólksflótta og atvinnuleysi. Og Færeyingum er því ekki beint hlátur í huga.“ Jógvan er ekkert á þeim buxunum að yfirgefa Ísland þrátt fyrir bagalegt efnahagsástand. „Ég fann ekkert fyrir kreppunni í Færeyjum á sínum tíma og ætla því að standa þessa af mér.“

- fgg



**FLÝR EKKI ÍSLAND** Er ánægður með lánið frá Færeyjum. Hann segir samlanda sína hafa verið virkilega áhyggjufulla yfir ástandinu á Íslandi.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Mikil eftirvænting ríkir vegna útgáfu nýrrar bókar Arnaldar Indriðasonar, Myrkár. Hún kemur í verslanir 1. nóvember eins og allar bækur metsöluhöfundarins og verður Forlagið með húllumhæ í tilefni þess. **Hjalti Rögnvaldsson** leikari mun lesa upp úr bókinni í Eymundsson á útgáfudaginn og Lögreglukórinn syngur nokkur lög. Bókin verður prentuð í 30 þúsund eintökum – sem er langstærsta fyrsta prentun skáldsögu sem gefin hefur verið út á Íslandi eins og Fréttablaðið hefur greint frá.



Þótt Íslendingar séu ekki hátt skrifaðir í Danaveldi um þessar mundir mælir hið ágæta tímarit Bo Bedre með því að Danir gefi íslenska hönnun í jólagjöf í sérstakri jólagjafahandbók – 70 jólagjafir. Um er að ræða skartgripatréð svokallaða, sem er sköpunarverk **Hrafns Gunnarssonar**, hönnuðar á Fíton auglýsingastofu. Skartgripatréð má fá í tré eða svörtu plexi og kostar 475 krónur danskar. Blaðið treystir sér ekki til að umreikna það í íslenskar krónur.

Engan bilbug er að finna á foreldraráði Flensborgarskóla í Hafnarfirði sem boðar til aðalfundar næstkomandi þriðjudag. Á fundinn hefur verið fenginn enginn annar en **Guðmundur Guðmundsson** landsliðsþjálfari sem ætlar að ræða í fyrirlestri hvernig ná megi árangri og um leiðina að silfrinu.



- jbg

# Dalai Lama væntanlegur til Íslands

„Hann er velkominn. Ég man ekki betur en þessi hópur hafi komið til að hitta Ingibjörgu [Sólrúnu Gísladóttur] síðastliðið sumar og eftir því sem ég best veit tók hún þessu erindi fagnandi,“ segir Kristrún Heimisdóttir, aðstoðarmaður utanríkisráherra.

Unnið hefur verið að því um nokkurt skeið að Dalai Lama, leiðtogi Tíbeta, komi til landsins og fyrirhuguð er mikil samkoma í tengslum við hingaðkomu hans í Laugadalshöll næsta sumar. Allstór hópur stendur að heimsókn Lama en um hana hefur ríkt mikil leynd enda þarf ýmislegt að ganga upp til að af þessu geti orðið. Þeir sem viðriðnir eru verkefnið hafa hins vegar ekki viljað tjá sig við blaðið að svo stöddu máli – meðal annars á forsendum ráðlegginga sérfræðinga um kynningarmál.

Ýmsar spurningar vakna í tengslum Dalai Lama, hvar hann flækist og fer, en vitað er að Kínverjar líta það ekki hýru auga að stjórnvöld bjóði honum í opinbera heimsókn vegna viðkvæmrar stöðu; sjálfstæðisbaráttu Tíbeta og yfirráða Kínverska heimsveldisins þar. Því var það svo að hópurinn setti sig í samband við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra til skrafs og ráðagerða. Svo virðist sem íslensk stjórnvöld muni taka komu Dalai Lama opnum örmum.

„Ég var ekki viðstödd þegar þau komu í ráðuneytið. Hugsanlega myndu vakna einhverjar spurningar um prótókól í tengslum við Dalai Lama. En ég held að hann sé ekki með neitt svoleiðis. Það myndi þá verða leyst,“ segir Kristrún.

- jbg



**DALAI LAMA** Stefnt er að mikilli samkomu í Laugardalshöll þar sem sjálfur Dalai Lama mun ávarpa hópinn.

10%
vaxtaauki!
Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**
spron – bankinn þinn



Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




Stepp ehf Ármúla 32 Sími 533 5060 www.stepp.is stepp@stepp.is

# OUTLET 10

+++ Merki fyrir minna +++

FAXAFENI 10
11-18 ALLA VIRKA DAGA
11-18 LAUGARDAGA
12-17 SUNNUDAGA

MYND.: BJÖRN BLÖNDAL




MYND.: BJÖRN BLÖNDAL




NÝ SENDING AF VÖNDUÐUM JAKKAFÖTUM.
5 LITIR ST: 42-64 ALLAR STÆRÐIR TIL.

OUTLET 10 OUTLET 10 OUTLET 10
OUTLET 10 OUTLET 10 OUTLET 10

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.




**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## *Ég, auðkýfingur*

Það er sannarlega ömurlegt að góðærið sé búið. Ég var nefnilega búinn að sjá pottþétta leið til að koma sjálfum mér í hóp 20–30 ríkustu auðkýfinga landsins. Nú verð ég bara að bíða af mér storminn og koma sterkur inn næst. Ég er með pottþétt plan.

**ÞETTA** hefði verið svo frábært. Ég hefði fengið 300 millur bara fyrir að byrja í nýju vinnunni. Það er ekkert víst að neinn hefði vælt enda allir orðnir svo samdauna sælunni. Ef einhver hefði vælt hefði ég bara sagst bera rosalega ábyrgð og vera að vinna í alþjóðlegu umhverfi. Svo hefði forsætisráðherrann bakkað mig upp gegn öfundsjúkum kommadruslum og sagt að hann liggi nú ekki andvaka þótt menn eins og ég séu á þokkalegum launum.

**Ó** heilaga hamingja! Hvar hefði ég byrjað að veltast um í auði mínum? Ég hefði tekið allan pakkann. Einkaþota? Bingó. Dýrasta einbýlishús í Reykjavík hefði ekki verið nógu gott fyrir mig. Ég hefði líka keypt það við hliðina og gert göng á milli. Svo hent öllu út úr báðum og hrúgað dásamlegasta og dýrasta draslinu inn. Upp í sveit, á landi einhvers uppgjafa bændadurgs, hefði ég byggt mér sumarhöll með öllu því sem einu guðdómlegu ofurmenni ber. Ég hefði kannski ekki náð að koma þangað nema einu sinni á ári, en vaktmennirnir hefðu verið á launum allt árið.

**ÉG** hefði látið gott af mér leiða með klinkinu. Dælt út risatékkum í listaplebba og veikt pakk. Dorrit og Óli hefðu fengið að hanga utan í mér, og ríkisstjórnin, mærandi mig sem þann Íslandssóma sem ég er. Líf mitt hefði verið þúsund sinnum merkilegra en venjulegs 9-5-stritandi lúða. Ég hefði eiginlega þurft að láta græða á mig aukatyppi til að njóta gæðanna til fulls.

**GRÆÐGI** er góð. Græðgin er eimreiðin sem dregur líf okkar til bjartrar framtíðar. Sjáið þið ekki, öfundsjúka hyski, að brauðmolarnir sem fallið hefðu af gnægtaborði mínu hefðu verið næg ástæða fyrir yfirburðunum?

**NÚ** er dimmt yfir að líta. Nýir bankastjórar fá smánarleg laun og láta jafnvel beygja sig til að lækka þau. Riddarar frjálshyggjunnar fara lúpulegir með veggjum. Skríllinn er reiður og heimtar breytingar. Bara einhverjar breytingar. Hvað er að þessu liði? Fékk það ekki flatskjá út á yfirdráttarlánið?

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 30. október, 304. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.05 | 13.11 | 17.16 |
| Akureyri | 9.00 | 13.56 | 16.51 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


